

Fimmtudaginn 11. júní 1992.

Nr. 490/1991. **Ákærvaldið**

(Atli Gíslason saksóknari

skv. 3. mgr. 29. gr. 1. nr. 19/1991)

gegn

Ármani Reynissyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.),

Hrafni Bachmann

(Jón Magnússon hrl.),

Péttri Björnssyni

(Skarphéðinn Þórisson hrl.) og

Reyni Ragnarssyni

(Sigurður G. Guðjónsson hrl.).

Fjárdráttur. Skilasvik. Ólögmætir viðskiptahættir. Verðbréfamiðlun. Endurskoðendur. Leyfissvipting. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason, Hrafn Bragason, Pétur Kr. Hafstein og Þór Vilhjálmsson.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. nóvember 1991 að ósk ákærðu Ármanns Reynissonar og Péturs Björnssonar, en einnig af hálfu ákærvalds, að því er þá varðar og ákærðu Hrafn Bachmann og Reyni Ragnarsson. Segir í áfrýjunarstefnu, að áfrýjað sé til sakfellingar samkvæmt ákæru, refsí-
ákvörðunar og þyngingar refsingar svo og til þess, að ákærðu Pétur og Reynir sæti sviptingu starfsleyfa, svo sem getið er í ákæru.

Þegar málið kom til munnlegs flutnings, gerði saksóknari, sem flutti málið samkvæmt 3. mgr. 29. gr., sbr. 193. gr., laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, svofelldar kröfur:

„Krafist er staðfestingar hins áfrýjaða dóms á sakfellingu ákærðu Péturs Björnssonar og Ármanns Reynissonar, en jafnframt refsíþyngingar.

Enn fremur er krafist sakfellingar samkvæmt ákæru og refsíákvörðunar á hendur ákærðu sem hér segir:

Á hendur ákærða Péttri Björnssyni samkvæmt I. kafla, 3. tl., fyrir

brot gegn 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, II., III. og V. kafla, liðum A 2 og B 1 og 2, og VI. og VIII. kafla.

Á hendur ákærða Ármanni Reynissyni samkvæmt I. kafla, 3. tl., fyrir brot gegn 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, II., III. og IV. kafla, lið B 4, og VI. og VIII. kafla.

Á hendur ákærða Reyni Ragnarssyni samkvæmt II. og III. kafla. Enn fremur er krafist sviptingar löggildingar til endurskoðunarstarfa.

Á hendur ákærða Hrafni Bachmann samkvæmt VIII. kafla ákæru.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til greiðslu sakarkostnaðar í héraði og áfrýjunarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun fyrir báðum dómstigum.“

Af hálfu ákærðu Ármanns og Péturs er krafist sýknu og þess, að sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði. Af hálfu ákærðu Hrafns og Reynis er þess krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, að því er þá varðar, og þeir sýknaðir. Allir ákærðu krefjast þess, að sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði.

I.

Hér fyrir dómi hefur verið fallið frá ákæru eftir 1. og 2. tölulið I. kafla í ákæruskjali. Hins vegar þarf að taka afstöðu til þess, sem fram kemur í 3. lið kaflans.

Hér er fjallað um það, „hvernig ákærðu Pétur og Ármann náðu fé til lánastarfsemi Ávöxtunar sf. og sjóða hennar og varðveislu þess“. Því er haldið fram, að ákærðu hafi gerst sekir um brot gegn 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 um fjársvik og 27., sbr. 52. gr., laga nr. 56/1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti með því að lokka almenning til viðskipta með auglýsingum í Morgunblaðinu á árinu 1987 og til 1. september 1988.

Greinin um fjársvik er í XXVI. kafla hegningarlaganna, sem er um auðgunarbrot. Greinin er þannig:

„Ef maður kemur öðrum manni til að hafast eitthvað að eða láta eitthvað ógert með því á ólögmetan hátt að vekja, styrkja eða hagnýta sér ranga eða óljósa hugmynd hans um einhver atvik, og hefur þannig fé af honum eða öðrum, þá varðar það fangelsi allt að 6 árum.“

Í 1. mgr. 27. gr. laga nr. 56/1978 segir:

„Óheimilt er að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti eða beita öðrum slíkum viðskiptaaðferðum, sem sama marki eru brenndar, enda séu upplýsingar þessar og viðskiptaaðferðir fallnar til að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara, fasteigna, þjónustu eða annars þess, sem haft er á boðstólum í atvinnustarfsemi, sem lög þessi taka til, sbr. 2. gr.“

Í 1. mgr. 52. gr. sömu laga segir meðal annars: „Brot gegn lögum þessum, ... varða sektum. Ef miklar sakir eru eða brot ítrekað, má beita varðhaldi eða fangelsi allt að 4 árum. Heimilt er að beita sektum jafnframt refsivist eftir því sem við á samkvæmt 49. gr. almennra hegningarlaga.“

Meðal skjala málsins eru 25 auglýsingar frá Ávöxtun sf. Hin fyrsta birtist 5. apríl 1987, en hin síðasta 1. september 1988. Af auglýsingunum birtust 16 á árinu 1987, og var sagt, að fjármunir á ávöxtunarbréfum næðu 36 - 38% ávöxtun á ársgrundvelli, sem væri 14% umfram verðbólgu. Frá 10. janúar 1988 til 13. mars 1988 birtust 7 af þeim auglýsingum, sem hafa verið lagðar fram. Segir í þremur þeirra, sem birtar voru á tveimur fyrstu mánuðum ársins, að 1987 hafi ávöxtunarbréfin skilað eigendum 14,4% ávöxtun umfram verðbólgu, og í auglýsingu 13. mars er talað um 14%. Í einni af auglýsingunum eru kynnt svonefnd rekstrarbréf, og í tveimur segir, að gengi ávöxtunarbréfanna í janúarlök hafi verið 1,4479. Síðustu auglýsingarnar, sem gögn eru um, birtust 5. júlí og 1. september. Í hinni fyrri segir m.a.: „Við bendum sparifjáreigendum því á, að ÁVÖXTUNARBRÉF og REKSTRARBRÉF hafa skilað eigendum sínum verulegri ávöxtun umfram verðbólgu.“ Um fyrri bréf segir síðan, að vextir á ávöxtunarbréfum umfram verðbólgu hafi síðustu þrjá mánuði verið 14,1%, síðustu sex mánuði 14,5% og síðustu tólf mánuði 14,9%. Um rekstrarbréfin segir, að vextir umfram verðbólgu hafi síðustu þrjá mánuði verið 18,0%. Þá segir: „Ávöxtunarbréf eru óbundin og hægt að öllu jöfnu að innleysa hvenær sem er án alls aukakostnaðar.“ Í auglýsingu, sem birtist 1. september, segir m.a.: „Starfsmenn Verðbréfasjóðs Ávöxtunar hf. hugsa fyrst og fremst um það að tryggja hag sparifjáreigenda og dreifa áhættunni með skynsamlegum fjárfestingum, þar

sem krafa er gerð um góða ávöxtun.“ Þá eru birtar fimm tölur um vexti umfram verðbólgu síðustu mánuði á undan, og eru þeir sagðir hafa verið frá 14,0 upp í 19,68%. Allar auglýsingarnar eru frá Ávöxtun sf., og eru í þeim auk framanskráðs ummæli um starfsemi sameignarfélagsins með auglýsingabrag.

Í málinu hafa verið lögð fram gögn, sem sýna, að líklegt er, að keppinautar Ávöxtunar sf. hafi auglýst með svipuðum hætti á þeim tíma, sem hér er fjallað um.

Ávöxtun sf., sem var sameignarfélag ákærðu Péturs og Ármanns, átti viðskipti við ýmsa aðila, sem fólu þeim fé sitt til ávöxtunar, m.a. með því að kaupa verðbréf, sem auglýst voru á þann veg, sem að framan er lýst. Svo fór, að þetta fólk beið verulegt fjártjón, þar sem Verðbréfasjóður Ávöxtunar hf. hefur ekki samkvæmt gögnum málsins greitt nema 43% skulda sinna og Rekstrarsjóður Ávöxtunar hf. 40,6%. Ársreikningur Verðbréfasjóðsins fyrir 1987 er dagsettur 21. mars 1988 og áritaður af stjórn hlutafélagsins, en í henni áttu báðir hinir ákærðu sæti, enda voru þeir eigendur mikils meiri hluta hlutafjár. Í reikningnum segir, að eignir séu samtals rúmlega 253 milljónir króna, þar af ýmsar kröfur 55,7 milljónir. Sundurliðun er í reikningnum, sem sýnir, að kröfur á Ávöxtun sf. námu um 17 milljónum af þessari upphæð og á Kjötmiðstöðina hf., sem var að hluta til í eigu ákærðu, um 13,5 milljónum. Fram er komið, að þessar skuldir voru á opnum reikningi. Lánveitingar þessar voru ólöglegar, eins og greinir í IV. kafla. Hlaut ákærðu ekki síðar en 21. mars 1988 að vera ljóst, að auglýsingarnar fengju ekki staðist og þeir myndu ekki geta endurgreitt það fé, sem þeim var trúað fyrir, eins og lofað var. Þeir héldu engu að síður áfram að auglýsa, að vildarkjör stæðu þeim til boða, sem keyptu ávöxtunarbréf. Eru auglýsingarnar þannig, að ekki var ástæða til að líta á þær sem marklitið skrum. Héldu ákærðu með þessu við röngum hugmyndum um hag fyrirtækja sinna og komu fólki til að fá þeim fé til ávöxtunar, sem ekki skilaði sér nema að hluta til baka og ekki gaf ávöxtun í samræmi við auglýsingarnar.

Sem fyrr segir, varðar það ákæruatriði, sem hér er um fjallað, auglýsingar í dagblaði. Ákærðu Pétur og Ármann hafa með auglýsingunum brotið 1. mgr. 27. gr. laga nr. 56/1978 og unnið til refsingar eftir 1. mgr. 52. gr. sömu laga, eins og í héraðsdómi segir.

Er hér um stórfellt brot að ræða. Ekki er fram komið, hve stór hluti af viðskiptum þeim, sem ákærðu nutu, var vegna auglýsinganna, en fallast verður á, að þær hafi verið til þess fallnar að auka viðskipti. Eins og á stendur, þykir ekki eiga að telja ákærðu hafa brotið 248. gr. almennra hegningarlaga með auglýsingunum.

II.

Í II. kafla ákæru er fjallað um það, „hvernig ákærðu Pétur, Ármann og Reynir höguðu reikningsskilum fyrir Ávöxtun sf. fyrir árið 1987“. Er því haldið fram hér fyrir dómi, að ákærðu Pétur og Ármann hafi brotið 1. mgr. 158. gr. og 262. gr. hegningarlaga, sbr. 25. gr. laga nr. 51/1968 um bókhald, en ákærði Reynir 1. mgr. 158. gr. hegningarlaga og 10. gr., sbr. 17. gr., laga nr. 67/1976 um löggilta endurskoðendur, allt sbr. 138. gr. hegningarlaga.

Fyrsta ákvæðið, 158. gr. hegningarlaga, er í XVII. kafla þeirra um „skjalafals og önnur brot, er varða sýnileg sönnunargögn“. Það er þannig:

„Ef maður tilgreinir eitthvað ranglega í opinberu skjali eða í bók eða í annars konar skjölum eða bókum, sem honum er skylt að gefa út eða rita, eða maður tilgreinir eitthvað ranglega í skjali eða bók, sem hann gefur út eða heldur í starfi, sem opinbera löggildingu þarf til að rækja, og það er gert til þess að blekkja með því í lögskiptum, þá varðar það varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum eða sektum, ef málsbætur eru.“

Síðara hegningarlagaákvæðið, 262. gr., er í XXVII. kafla um „ýmis brot, er varða fjárréttindi“. Greinin er þannig:

„Ef bókhaldsskyldur maður lætur hjá líða að halda lögskyldar bækur eða gerist sekur um stórfellda óreglusemi í bókhaldinu, þá varðar það sektum eða varðhaldi.“

Í 25. gr. bókhaldslaga segir:

„Fyrir brot gegn lögum þessum skal refsað samkvæmt ákvæðum í almennum hegningarlögum.“

Í 10. gr. laganna um löggilta endurskoðendur segir:

„Áritun löggilts endurskoðanda á reikningsskil þýðir, nema annað sé fram tekið með árituninni, að reikningsskilin og bókhaldið, sem þau eru byggð á, hafi verið endurskoðuð af honum og að reikningsskilin gefi, að hans mati, glögga mynd af hag og

afkomu aðila og að bókhaldið sé fært eftir viðurkenndum bókhaldsreglum.“

Í 17. gr. sömu laga segir eftir breytingu 1983:

„Brot gegn lögum þessum og reglum, sem settar verða samkvæmt þeim, varðar sekt til ríkissjóðs, nema þyngri hegning liggja við að öðrum lögum.“

Í 138. gr. hegningarlaga, sem er í XIV. kafla laganna (brot í opinberu starfi), segir, að við tiltekna aðstæður skuli auka hegningu manns um allt að helming hennar, ef opinber starfsmaður misnotar stöðu sína.

Í þessum kafla ákæru er því haldið fram, að ákærðu hafi rangfært ársreikning Ávöxtunar sf. fyrir árið 1987 og að mikil óreiða hafi verið á bókhaldi sameignarfélagsins.

Bókhald Ávöxtunar sf. var fært á skrifstofu félagsins. Héraðsdómarar fjalla um það í tengslum við 3. lið I. kafla ákæru og geta þar um gagnrýni frá ákærða Reyni Ragnarssyni og Sigurði Tómasyni, löggiltum endurskoðanda. Var það skoðun dómsins, að bókhaldið hefði „að vísu verið fært nokkuð eftir á, en ekki sé unnt að telja, að mikil óreiða hafi beinlínis verið á því“. Ber að fallast á þessa niðurstöðu.

Ársreikningurinn var saminn á skrifstofu ákærða Reynis Ragnarssonar, löggilts endurskoðanda, í júní 1988 og undirritaður af honum 1. júlí. Bréf fylgdi með ýmsum fyrirvörum, og er það tekið upp í héraðsdóm. Undirritun ákærðu Péturs og Ármanns á reikninginn er ekki að sjá í skjölum, sem fyrir Hæstarétt hafa verið lögð. Hins vegar liggur frammi skattframtal, gert 1988, undirritað af þeim, og er ljóst, að ársreikningurinn er grundvöllur framtalsins. Í framburði sínum fyrir sakadómi sagði ákærði Pétur, að ársreikningurinn hefði fyrst og fremst verið skattframtal. Ákærði Ármann kvaðst ekki hafa átt hlut að bókhaldi og reikningsgerð sameignarfélagsins.

Svo sem fyrr segir, var Ávöxtun sf. sameignarfélag ákærðu Péturs og Ármanns, og þeir voru báðir starfandi stjórnendur þess. Ber að telja þá báða ábyrga vegna þeirra atriða, sem um er fjallað í þessum ákærulið.

Í héraðsdómi kemur fram, að dómendur telja, að tap Ávöxtunar sf. á árinu 1987 hafi numið 27.693.114 krónum, en ekki 4.078.340

krónum, eins og í ársreikningnum segir. Þá telja dómendur, að raunverulegar skuldir sameignarfélagsins umfram eignir hafi í árslok 1987 verið „ekki undir kr. 40.333.895“, en ekki 4.011.701 króna, eins og segir í ársreikningi. Er það niðurstaða héraðsdóms, sem skipaður var sérfróðum meðdómsmönnum, að ársreikningurinn hafi gefið „mjög ranga mynd af rekstri félagsins á árinu 1987 og stöðu félagsins í árslok 1987“. Þá telja héraðsdómendur sannað, að ákærðu „hefði átt að vera það ljóst, hefðu þeir viðhaft eðlilega aðgæslu“.

Ákærði Reynir segir meðal annars í bréfinu, sem stílað var á eigendur Ávöxtunar sf., ákærðu Pétur og Ármann, og hann lét fylgja ársreikningnum, að eigendur og félög tengd þeim skuldi um 11.250.000 krónur af þeim rúmlega 70 milljónum, sem sameignarfélagið var talið eiga í skuldabréfum og kröfum. Hann kveður eignarhluti í félögum tilfærða á framreiknuðu verði, þó ekki hluti í Hirti Nielsen hf. „Ekki liggur fyrir, hvert sé markaðsvirði þessara hluta og hvort yfirleitt sé hægt að selja þá,“ segir í bréfinu. Um fasteignir, sem bókfærðar voru á 53.343.917 krónur, segir m.a., að þetta sé upphaflegt kaupverð að viðbættri hækkun samkvæmt byggingarvísitölu og áföllnum kostnaði við endurbyggingu. Þá segir: „Ljóst er, að erfitt er að gera sér grein fyrir, hvert sé markaðsvirði þessara fasteigna, auk þess sem leggja verður töluvert fé í að gera þær að eftirsótttri markaðsvöru. Að mínu áliti er hér um mjög áhættusama starfsemi að ræða ...“ Þá segir í bréfi ákærða Reynis: „Ég tel með hliðsjón af framanrituðu og eins og fram kemur í áritun á reikningsskilum, að ársreikningurinn sýni ákveðna mynd af stöðu félagsins hinn 31.12. 1987 og af rekstri þess á árinu 1987, þannig að hægt sé að gera sér grein fyrir því, að staða þess er erfið og viðkvæm.“ Í árituninni sjálfri sagði endurskoðandinn: „Í bréfi okkar til eigenda félagsins í dag lýsum við framkvæmd endurskoðunarinnar og því, sem betur mætti fara. Þrátt fyrir þessa galla er það álit okkar, að ársreikningurinn sýni þá mynd af rekstri félagsins á árinu 1987 og stöðu þess í árslok 1987 miðað við venjulegar reikningsskilaaðferðir, að meta megi stöðu þess í árslok.“

Í ákæru segir, að ákærðu sé „gefið að sök að hafa í sameiningu staðið að rangfærslu ársreiknings ... með því að ofmeta tekjur og eignir á ársreikningnum og leyndu skuldastöðu ákærðu Péturs og

Ármanns og þeim tengdra og nákominna aðila við félagið. Þá er ákærðu Ármanni og Pétri gefin að sök mikil óreiða á bókhaldi þess ... ásamt skorti á afstemmingum“. Eftir þetta er í ákæru frásögn af nokkrum atriðum í reikningnum og álit skiptastjóra, ákvæði í sameignarfélagssamningnum um fasteignir, og síðar eru „í dæmaskyni“ nefnd ýmis atriði, sem talin eru skýra það, sem að framan er rakið. Loks er ákærða Reyni gefið að sök að hafa rangfært tiltekna liði og áritað ársreikninginn fyrirvaralausri og fullri endurskoðunaráritun án þess að taka sjálfstæða afstöðu til verðmætis kröfueignar.

Þess er að gæta, að í lokaákvæði 21. gr. bókhaldslaga nr. 51/1968 segir, að verðbréf og útstandandi skuldir megi aldrei telja á hærra verði en ætla megi, að fyrir þær fáiast. Verður að taka tillit til þess, að ársreikningur er saminn um mitt ár 1988.

Þegar litið er til þess, sem í héraðsdómi segir um bókhald og reikningsskil, svo og til þess, sem segir í bréfi ákærða Reynis, sem fylgdi reikningnum, sem hér er fjallað um, er sannað, að reikningurinn gaf ekki glögga mynd af rekstrarafkomunni 1987, svo sem vera bar eftir 1. mgr. 20. gr. bókhaldslaga, og að eignir voru ekki tilgreindar með þeirri fjárhæð, er raunverulega svaraði til verðmætis þeirra, svo sem vera bar eftir upphafsákvæði 21. gr. laganna og öðrum ákvæðum í greininni.

Þegar framanskráð er virt, er ljóst, að ákærðu tilgreindu ranglega tölur um hag Ávöxtunar sf. í ársreikningi fyrir 1987, en eigendum var skylt að gera slíkan reikning, og ákærði Reynir samdi reikninginn sem löggiltur endurskoðandi. Hlaut þetta að vera gert til að blekkja með því í lögskiptum við skattyfirvöld og bankaeftirlit. Brutu allir þeir þrír menn, sem ákærðir eru í þessum kafla, því gegn 1. mgr. 158. gr. hegningarlaga, sbr. 138. gr. sömu laga. Í greininni segir, að refsing geti orðið fangelsi allt að þremur árum. Verður þá ekki um það að ræða, að brot ákærða Reynis á lögum um löggilta endurskoðendur nr. 67/1976 sé fyrnt, sbr. 3. mgr. 81. gr., hegningarlaga, sbr. lög nr. 20/1981. Hefur hann einnig brotið þau ákvæði þeirra, sem greinir í ákæru.

Eins og á stendur, er rétt að telja, að 158. gr. tæmi sök gagnvart 262. gr. hegningarlaga.

Í III. kafla ákæru er fjallað um það, „hvernig ákærðu Pétur, Ármann og Reynir höguðu reikningsskilum fyrir Verðbréfasjóð Ávöxtunar hf. fyrir árið 1987“. Með þessu eru þeir Pétur og Ármann taldir hafa brotið 95., 96., 100. og 102. gr., sbr. 151. gr., laga um hlutafélög nr. 32/1978, sbr. lög nr. 69/1989. Reynir er talinn hafa brotið sömu ákvæði og að auki 86. gr. hlutafélagalaga og 10. gr., sbr. 17. gr., laga um löggilta endurskoðendur nr. 67/1976, allt sbr. 138. gr. hegningarlaga.

Hin tilgreindu ákvæði hlutafélagalaga eru eins og nú skal greint. Er textinn eins og hann var fyrir setningu laga nr. 69/1989:

„86. gr. Endurskoðendur skulu í samræmi við góða endurskoðunarvenju endurskoða ársreikninginn og í því sambandi kanna bókhaldsgögn félagsins og aðra þætti, er varða rekstur þess og stöðu. ...

95. gr. Ársreikningur skal gerður samkvæmt lögum og góðri reikningsskilavenju, bæði að því er varðar mat á hinum ýmsu liðum, uppsetningu, sundurliðun og heiti liða. Ákvæði 99., 101. og 102. gr. um eignarhluta í hlutafélögum gilda einnig um eignarhluta í öðrum félögum. Ársreikningi skulu fylgja skýringar á einstökum liðum í samræmi við ákvæði þessa kafla, sbr. 102. gr.

96. gr. Eignir, sem ekki eru ætlaðar til varanlegrar eignar eða notkunar fyrir félagið, þ.e. veltufjármuni, má ekki færa á hærra verði en kostnaðarverði eða raunvirði, ef það er lægra. Veltufjármuni má þó færa á hærra verði en kostnaðarverði í þeim tilvikum, sem það samræmist góðri reikningsskilavenju.

100. gr. ...

Hafi félag lánað verðmæti til hluthafa, stjórnarmanna eða framkvæmdastjóra þess eða móður- eða dótturfélags, skal samanlögð fjárhæð þessara krafna færð sem sérstakur liður í efnahagsreikningi. Hafi félag sett veðtryggingu eða tekið á sig aðrar ábyrgðarskuldbindingar fyrir þá aðila, sem nefndir eru í þessari málsgrein, skal þess einnig sérstaklega getið í efnahagsreikningi eða í skýringum með honum.

Hafi félag sett veð eða tekið á sig ábyrgðarskuldbindingar fyrir þriðja aðila, án þess að það falli undir ákvæði 1. og 2. mgr. þessarar

greinar, skal tilgreina heildarfjárhæð slíkra veðsetninga eða skuldbindinga á sama hátt.

102. gr. Í skýringum með ársreikningi skal gefa upplýsingar um eftirfarandi atriði með vísun til viðeigandi liða í ársreikningi, komi þau ekki greinilega fram í ársreikningnum sjálfum:

1. Eignahluta í öðrum félögum og annað áhættufé skal sundurliða. Þar skal greina nafn hvers félags, nafnverð eignahluta og bókfært verð í efnahagsreikningi. ...

4. Hafi einstakir veltufjármunir verið færðir á hærra verði en kostnaðarverði, skal það upplýst, ásamt fjárhæð mismunar.

5. Endurmatshækkun fastafjármuna, fjárhæð hennar og ráðstöfun. ...

15. Veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar, sbr. 99. gr. ...

17. Ábyrgðarskuldbindingar vegna hluthafa, stjórnarmanna o.fl. aðila, sbr. 2. og 3. mgr. 100. gr.

151. gr. Það varðar sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum:

1. Að skýra vísvitandi rangt eða villandi frá högum hlutafélags eða öðru, er það varðar, í opinberri auglýsingu eða tilkynningu, í opinberu boði í þátttöku í stofnun félags eða í útboði hluta, í skýrslum, ársreikningi eða yfirlýsingum til hluthafafundar eða forráðamanna félags eða í tilkynningum til hlutafélagaskrár. ...“

Önnur lagaákvæði, sem ákæra nefnir í þessum kafla, voru áður rakin.

Ársreikningurinn var undirritaður af ákærða Reyni 19. mars 1988. Stjórn félagsins undirritaði skýrslu sína, sem reikningnum fylgdi, 21. mars. Áritun endurskoðandans og bréf hans til stjórnar sjóðsins er að finna í héraðsdómi. Bréfsins er ekki getið í árituninni.

Héraðsdómendur telja ekki, að sjá hefði mátt fyrir, þegar ársreikningurinn var saminn, að tapaðar kröfur væru hærri en 222.880 krónur, sem færðar voru á ársreikninginn sem „ýmsar kröfur“, og 5.632.120 krónur af skuldabréfaeign. Þeir telja ekki unnt að leggja dóm á, hvaða kröfur, sem voru í innheimtu hjá lögmonnum, voru fyrirsjáanlega tapaðar. Héraðsdómendur telja, að rétt hefði verið, að fram kæmu betur í ársreikningi viðskipti við hluthafa, og þeir benda á, að endurskoðandinn hafi ekki metið sjálfstætt kröfueign verðbréfasjóðsins.

Ákærðu er gefið að sök að hafa í sameiningu staðið að villandi ársreikningi „með því að ofmeta stórlega tekjur og eignir (kröfueign) á ársreikningnum og leyna skuldastöðu ákærðu Péturs og Ármanns og þeim tengdra og nákominna aðila við hlutafélagið, en það mátti þeim ekki dyljast“.

Reikningur sá, sem hér er fjallað um, átti að sýna rekstur og hag verðbréfasjóðs, sem tók við fé frá almenningi til ávöxtunar. Verður því að gera ríkar kröfur til nákvæmni í bókhaldi og ársreikningsgerð. Af héraðsdómi, sem fallast ber á að þessu leyti, má ráða, að dæmi eru um, að eignir séu ofmetnar, en fullkomin gögn til að framkvæma könnun um það atriði telja héraðsdómendur ekki fyrir hendi. Við gerð ársreikningsins var ekki, svo sem skylt var, framkvæmt mat á eignum verðbréfasjóðsins. Skuldastaða ákærðu Péturs og Ármanns og félaga, sem þeir áttu að öllu eða mestu, var ekki tilgreind með þeim hætti, sem skylt var. Viðskipti ákærðu og sjóðsins voru ólögleg, sbr. IV. kafla. Með þessu brutu þessir ákærðu og ákærði Reynir 95., 96., 100. og 102. gr. hlutafélagalaga. Ákærði Reynir hefur enn fremur brotið 86. gr. hlutafélagalaga og 10. gr. laga um löggilta endurskoðendur. Gat ákærðu ekki dulist, að um brot var að ræða, en þeir gengu engu að síður frá ársreikningnum með áritunum sínum. Hafa þeir því unnið til refsingar samkvæmt 151. gr. hlutafélagalaga og ákærði Reynir að auki samkvæmt 17. gr. laga um löggilta endurskoðendur. Í 151. gr. hlutafélagalaga er mælt fyrir, að refsing geti verið fangelsi allt að tveimur árum, og er því ekki um að ræða fyrningu sakar eftir lögum nr. 67/1976, sbr. 3. mgr. 81. gr. hegningarlaga, sbr. lög nr. 20/1981.

IV.

Í IV. kafla ákæru er fjallað um það, „hvernig ákærðu Pétur og Ármann hagnýttu sér og fyrirtækjum sínum fé úr verðbréfasjóðum Ávöxtunar hf.“. Segir í ákæru, að ákærðu þyki „aðallega hafa brotið gegn 2. mgr., sbr. 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, en til vara gegn 249. gr. sömu laga og gegn 16. gr. laga nr. 27, 1986, um verðbréfamiðlun, sbr. nú 37. gr. laga nr. 20, 1989“.

Í 247. gr. hegningarlaga segir:

„Dragi maður sér fjármuni eða önnur verðmæti, sem hann hefur

í vörslum sínum, en annar maður er eigandi að, án þess þó að verknaðurinn varði við 246. gr., þá skal hann sæta fangelsi allt að 6 árum.

Hafi maður notað peninga annars manns heimildarlaust í sjálfs sín þarfir, þá skal honum refsað fyrir það samkvæmt 1. mgr., hvort sem honum hefur verið skylt að halda peningunum aðgreindum frá sínu fé eða ekki.“

Í 246. gr., sem vitnað er til, er fjallað um ólögsmæta meðferð á fundnu fé.

Í 249. gr. hegningarlaga segir:

„Ef maður, sem fengið hefur aðstöðu til þess að gera eitthvað, sem annar maður verður bundinn við, eða hefur fjárreiður fyrir aðra á hendi, misnotar þessa aðstöðu sína, þá varðar það fangelsi allt að 2 árum, og má þvingja refsinguna, ef mjög miklar sakir eru, allt að 6 ára fangelsi.“

Í 16. gr. laga nr. 27/1986 um verðbréfamiðlun sagði:

„Það varðar sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 mánuðum, hafi maður með höndum verðbréfamiðlun, sbr. 2. gr., eða rekstur verðbréfasjóðs, sbr. 3. gr., án leyfis viðskiptaráðherra eða brjóti gegn ákvæðum III. kafla laga þessara. Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum eru refsiverðar eftir því, sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

Með brot skv. 1. mgr. skal farið að hætti opinberra mála.“

Lög nr. 20/1989 um verðbréfavíðskipti og verðbréfasjóði leystu af hólmi lög nr. 27/1986. Hefur 37. gr. yngri laganna að geyma refsíákvæði.

Hér fyrir dómi var því haldið fram af verjendum ákærðu, að sýkna bæri af þessum kafla ákærunnar, þar sem í héraði væri sakfellt fyrir annað lagaákvæði en greint væri í ákæru, og í Hæstarétti krafist að þessu leyti staðfestingar hins áfrýjaða dóms. Er um það að ræða, að ákærðu voru sekir fundnir um brot á 1. mgr. 247. gr. hegningarlaga, en ákært var fyrir brot á 2. mgr., sbr. 1. mgr. Um þetta er þessa að geta: Í 2. mgr. 247. gr. er sagt, að notkun peninga annars manns sé refsiverð eftir 1. mgr. við tiltekna aðstæður. Skilja ber þetta þannig, að refsing fari eftir 1. mgr., þegar verknaður beinist að þeim verðmætum, sem í 2. mgr. segir. Var því nóg að tilgreina 1. mgr. í niðurstöðu, eins og gert var í

héraðsdómi, þó að nákvæmara hefði verið að orða hana eins og orðum er hagað í ákæru. Þá er þess að gæta, að þetta atriði hefur ekki valdið því, að málið væri flutt, án þess að tækifæri væri til að koma að fullri vörn, sbr. meginreglu 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála. Verður ákærðu ekki dæmd sýkna með þeim rökum, sem verjendur hafa teflt fram og nú hefur verið fjallað um.

Verðbréfasjóður Ávöxtunar hf. rak viðskipti, sem hér eru ekki til athugunar nema að hluta. Í viðskiptunum voru stjórnendur félagsins bundnir af lögunum um verðbréfamiðlun frá 1986, sem áður eru nefnd. Félagið fékk til ávöxtunar fé frá ýmsum aðilum, enda var það í samræmi við tilgang þess og kynningu meðal almennings. Ávöxtun sf. annaðist daglegan rekstur verðbréfasjóðsins. Var Ávöxtun sf., sem fyrr segir, félag ákærðu Péturs og Ármanns, en verðbréfasjóðurinn að mestu þeirra eign. Er tilgangi og starfsemi sjóðsins nánar lýst í hinum áfrýjaða dómi.

Í þessum ákærukafli er í fyrsta tölulið A-hluta ákært fyrir fjárdrátt, sem í ákæru er talinn hafa numið 52.753.437 krónum. Niðurstaða héraðsdómara er sú, að 1. mgr. 247. gr. hegningarlaga hafi verið brotin, með því að ákærðu hafi dregið sér 16.454.760 krónur. Um er að ræða fé, sem tekið var úr sjóði Verðbréfasjóðs Ávöxtunar hf. og notað í þágu Ávöxtunar sf. Niðurstaða í hinum áfrýjaða dómi um þetta atriði er á því byggð, að ákærðu hafi haft yfirdráttarheimild frá stjórn sjóðsins.

Verðbréfasjóður Ávöxtunar hf. mátti ekki lána nema með því að kaupa verðbréf, sbr. 3. gr. laga nr. 27/1986. Voru viðskiptin við Ávöxtun sf. á opnum reikningi ólögleg og fólu í sér fullframinn fjárdrátt, þegar fé kom til ráðstöfunar frá sjóðnum. Hafa ákærðu gerst brotlegir við 247. gr. hegningarlaga með þessum hætti, og verður, eins og mál þetta er lagt fyrir, að telja, að fjárhæð sú, sem þeir drógu sér og verða nú sakfelldir fyrir, nemi 35.197.216 krónum, þ.e. 52.753.437 krónum að frádregnum vöxtum, 17.556.221 krónu.

Í 2. tölulið A-hluta IV. kafli ákærunnar er ákærðu gefið að sök að hafa látið verðbréfasjóðinn kaupa tiltekinn kaupleigusamning af Ávöxtun sf., en leigutaki samkvæmt samningi þessum var Hughönnun hf., sem ákærðu áttu meiri hluta í og varð gjaldþrota síðla árs 1988. Viðskipti þessi fóru fram 30. júní 1988, en þá hlutu

ákærðu að sjá, að Hughönnun hf. myndi ekki geta staðið við skuldbindingar sínar eftir samningnum, að verðmæti hans væri lítið og að Ávöxtun sf. átti í mjög miklum fjárhagserfiðleikum. Var því um fullframinn fjárdrátt að ræða 30. júní 1988. Eins og málið liggur fyrir, verður talið, að sakfella beri ákærðu vegna 1.050.000 króna.

Í 3. tölulið er fjallað um sölu ákærðu í ágúst 1987 á eigin skulda-bréfi til verðbréfasjóðsins. Þessi sala var óheimil samkvæmt 8. gr. laga nr. 27/1986 og 56. gr. hlutafélagalaga nr. 32/1978. Var hér um fjárdrátt að ræða og fjárhæðin 4.902.196 krónur.

Í B-hluta IV. kafla ákæru er fjallað um viðskipti fyrirtækja, sem ákærðu áttu, við Verðbréfasjóð Ávöxtunar hf. og Rekstrarsjóð Ávöxtunar hf. Í 1. tölulið ræðir um skuld á opnum reikningi hjá verðbréfasjóðnum, en skuldari var Hjörtur Nielsen hf., félag í eigu ákærðu. Þessi viðskipti voru ákveðin af ákærðu, og þau voru ólögleg, eins og fyrr segir um viðskiptin við Ávöxtun sf. Með tilvísun til héraðsdóms ber því að telja, að ákærðu hafi brotið 247. gr. hegningarlaga með viðskiptunum, og verður fjárdrátturinn talinn nema 5.133.066 krónum.

Í 2. og 3. tölulið er ákært fyrir kaup á skuldabréfum í september 1987 og janúar 1988. Með vísan til þess, sem segir um A-3 lið hér að framan, verður talið, að hér hafi verið um fjárdrátt að ræða. Fjárhæðirnar eru 2.244.888 krónur og 1.281.842 krónur.

Í 4. tölulið er ákært fyrir lán til Ragnarsbakarís, sem ákærðu áttu, úr Rekstrarsjóði Ávöxtunar hf. Var þessi lánastarfsemi ólögleg með sama hætti og fyrr er lýst, og braut ákærði Pétur 247. gr. hegningarlaga með þessari ráðstöfun. Nemur fjárdrátturinn 500.000 krónum. Ákærði Ármann hlaut að fá vitneskju um þetta lán sem stjórnarmaður í báðum félögunum og hefur því einnig brotið þetta lagaákvæði.

Í 5. og 6. tölulið B-hluta IV. kafla ákærunnar er fjallað um, að ákærðu létu verðbréfasjóðinn kaupa tvo víxla af Hirti Nielsen hf. 6. júlí og 8. ágúst 1988. Var það hlutafélag samþykkjandi, en ákærðu ábyrgðarmenn. Þessi viðskipti voru brot gegn 247. gr. hegningarlaga af sömu ástæðu og greint er, þar sem fjallað er um A-2 hér á undan, að breyttu breytanda. Fjárhæðirnar eru 401.067 krónur og 277.024 krónur.

Í 7. tölulið er fjallað um greiðslu til Ragnarsbakarís úr verðbréfa-

sjóðnum. Hinn 7. september 1988 nam skuld bakarísins á opnum viðskiptareikningi án vaxta 7.397.907 krónum. Verður ekki séð, að viðskipti með skuldabréf, sem rakin eru í ákæru, breyti því, að þessi fjárhæð var lánuð. Samkvæmt því, sem áður segir, var það lögbrot. Verður að telja, að ákærðu hafi gerst sekir um fjárdrátt sem þessari upphæð nemur.

Í C-hluta IV. kafla ákæru er ákært fyrir lán úr verðbréfasjóðnum til Kjötmiðstöðvarinnar hf., sem ákærðu áttu 45% í. Lánið var andstætt lögum. Fjárhæðin er samkvæmt ákæru 10.379.334 krónur, þar af vextir og kostnaður 5.551.105 krónur. Hér var um að ræða brot á 247. gr. hegningarlaga og fjárhæðin 4.828.229 krónur.

Samkvæmt framanskráðu hafa ákærðu Pétur og Ármann orðið sekir um fjárdrátt, sem nemur 63.213.435 krónum.

V.

Í V. kafla ákæru er um það fjallað, „hvernig ákærði Pétur hagnýtti sér og fyrirtækjum sínum fé úr verðbréfasjóðum Ávöxtunar hf“. Sömu lagaákvæði eru talin hafa verið brotin og í IV. kafla.

Staðfesta ber það, sem í hinum áfrýjaða dómi segir um þennan kafla ákærunnar.

VI.

Í VI. kafla ákæru er um það fjallað, „hvernig ákærðu Pétur og Ármann ráðstöfuðu andvirði eigna Hughönnunar hf.“. Er talið, að þeir hafi með þessu brotið 247. gr. hegningarlaga, en til vara 4. tli. 1. mgr. 250. gr. laganna.

Fram er komið, að ákærðu áttu 62% hlutfjár í félagi þessu. Þeir seldu muni þess og afnotarétt af hugbúnaði 10. október 1988. Þeir drógu sér söluverðið, bæði þær 300.000 krónur, sem greiddar voru í peningum, og víxla, sem kaupendur afhentu. Kaupsamningurinn hefur verið lagður fram í málinu, og segir þar, að seljandi sé Hughönnun hf., og eru ekki rök til að vefengja það.

Með þessu hafa ákærðu dregið sér 1.200.000 krónur og brotið 247. gr. hegningarlaga.

VII.

Í VII. kafla ákæru er fjallað um, „hvernig ákærðu Pétur og Ármann tilkynntu innborgun hlutafjár í Brauðgerð Suðurnesja hf. til Hlutafélagaskrár“. Er ákærðu gefið að sök að hafa brotið ákvæði 2. tl. 1. mgr. 146. gr. laga um hlutafélög nr. 32/1978 og unnið sér til refsingar samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 151. gr. sömu laga, sbr. lög nr. 69/1989.

Fallast ber á það, sem segir í héraðsdómi um þennan ákærukafla.

VIII.

Í VIII. kafla ákæru eru ákærðu Ármann, Pétur og Hrafn ákærðir fyrir fjársvik við sölu muna fyrirtækisins Veitingamannsins, en það var í eigu Kjötmiðstöðvarinnar hf. og ákærðu í stjórn hennar. Talið er, að hér hafi verið um að ræða brot á 248. gr. hegningarlaga.

Ósannað er, að kaupendur Veitingamannsins hafi verið leyndir því, að meðal munanna, sem seldir voru, hafi verið tiltekin tæki, er seld höfðu verið á kaupleigu og háð voru eignarrétti tveggja fyrirtækja, er stunda slík viðskipti.

Með 5. gr. kaupsamnings aðila frá 29. mars 1988, sbr. 3. gr., var því slegið föstu, að allar skuldbindingar fyrirtækisins fyrir afhendingu væru á ábyrgð seljenda. Eins og greinir í hinum áfrýjaða dómi, var sú fjárhæð, sem eftir stóð af kaupleigunni, aðeins lítið brot af söluandvirði Veitingamannsins, ákærði Hrafn var persónulega ábyrgur fyrir efndum á kaupleigusamningnum við Glitni hf., og eftir söluna hélt Kjötmiðstöðin áfram að greiða af öllum samningunum fram á haust 1988. Það er því ósannað, að með ákærðu hafi hér búið ásetningur til fjársvika, og ber því að sýkna þá af þessum ákærulið.

IX.

Í IX. kafla ákæru er fjallað um, „hvernig ákærði Ármann skaut undan málverkum sínum“, en með því er hann talinn hafa brotið gegn 4. tl. 1. mgr. 250. gr. hegningarlaga.

Staðfesta ber það, sem í héraðsdómi segir um þennan ákærukafla.

Með brotum þeim, sem hér að framan eru rakin, hafa ákærðu Pétur Björnsson, Ármann Reynisson og Reynir Ragnarsson unnið til refsingar eftir þeim ákvæðum laga, sem þar er lýst.

Staðfesta ber refsíákvæði héraðsdóms, að því er varðar ákærðu Pétur og Ármann.

Ákærði Reynir sæti fangelsi þrjá mánuði, en fullnustu þeirrar refsingar skal fresta og hún falla niður að liðnum þremur árum frá uppsögu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Þá greiði ákærði Reynir 500.000 króna sekt til ríkissjóðs, en sæti ella 60 daga varðhaldi.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um, að ákærði Pétur skuli sviptur leyfi til verðbréfamiðlunar.

Ákærði Reynir skal sviptur leyfi til að starfa sem löggiltur endurskoðandi í sex mánuði frá birtingu dóms þessa samkvæmt 1. mgr. 15. gr. laga nr. 67/1976.

Staðfesta ber ákvörðun héraðsdóms um fjárhæðir saksóknar- og málsvarnarlauna. Ákærðu Pétur, Ármann og Reynir greiði málsvarnarlaun verjenda sinna í héraði. Saksóknarlaunin og annar sakarkostnaður greiðist þannig: Pétur og Ármann greiði óskipt 80%, Reynir 15% og ríkissjóður 5%.

Saksóknar- og málsvarnarlaun í Hæstarétti og annar áfrýjunarkostnaður greiðist eins og segir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði Hrafn Bachmann á að vera sýkn af kröfum ákærvaldsins í máli þessu.

Ákærði Pétur Björnsson sæti fangelsi tvö ár og sex mánuði.

Ákærði Ármann Reynisson sæti fangelsi tvö ár.

Ákærði Reynir Ragnarsson sæti fangelsi þrjá mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún falla niður að liðnum þremur árum frá uppsögu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Þá greiði ákærði Reynir 500.000 króna sekt til ríkissjóðs, en sæti ella 60 daga varðhaldi.

Ákvæði héraðsdóms um, að ákærði Pétur skuli sviptur leyfi til verðbréfamiðlunar, er staðfest.

Ákærði Reynir er sviptur leyfi til að starfa sem löggiltur endurskoðandi í sex mánuði frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu Pétur, Ármann og Reynir skulu greiða málsvarnarlaun verjenda sinna í héraði, og skal fjárhæð þeirra vera sú, sem í héraðsdómi segir. Málsvarnarlaun verjenda ákærða Hrafns fyrir sakadómi skulu vera svo sem í héraðsdómi segir og greiðast úr ríkissjóði. Annar sakarkostnaður í héraði, þar með talin saksóknarlaun Atla Gíslasonar hæstaréttarlögmanns, sem vera skulu þau, sem segir í héraðsdómi, greiðist þannig: Ákærðu Pétur og Ármann greiði óskipt 80%, ákærði Reynir 15% og ríkissjóður 5%.

Ákærðu Pétur, Ármann og Reynir greiði málsvarnarlaun verjenda sinna fyrir Hæstarétti, ákærði Pétur 400.000 krónur til Skarphéðins Þórissonar hæstaréttarlögmanns, ákærði Ármann 400.000 krónur til Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns og ákærði Reynir 350.000 krónur til Sigurðar G. Guðjónssonar hæstaréttarlögmanns. Málsvarnarlaun verjenda ákærða Hrafns, Jóns Magnússonar hæstaréttarlögmanns, greiðist úr ríkissjóði, og skulu þau vera 200.000 krónur.

Annar áfrýjunarkostnaður, þar með talin saksóknarlaun Atla Gíslasonar hæstaréttarlögmanns, 700.000 krónur, greiðist þannig: Ákærðu Pétur og Ármann greiði óskipt 80%, ákærði Reynir 15% og ríkissjóður 5%.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 22. október 1991.

Ár 1991, þriðjudaginn 22. október, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Pétri Guðgeirssyni, sakadómar og dómsformanni, og meðdómsmönnum Sigurði Stefánssyni og Sigurði Pálssyni, löggiltum endurskoðendum, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 523-526/1991: Ákærvaldið gegn Pétri Björnssyni, Ármanni Reynissyni, Reyni Ragnarssyni og Hrafni Bachmann, sem dómtekið var 25. f. m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 6. mars 1991, á hendur Péttri Björnssyni, fyrrverandi meðeiganda Ávöxtunar sf. og verðbréfamiðlara, til heimilis að Þórustöðum, Vatnsleysustrandarhreppi, fæddum 2. desember 1943 í Keflavík, Ármanni Reynissyni, fyrrverandi meðeiganda Ávöxtunar sf., til heimilis að Laugavegi 63, Reykjavík, fæddum 2. desember 1951 í Reykjavík, Reyni Ragnarssyni, löggiltum endurskoðanda, til heimilis að Staðarseli 5, Reykjavík, fæddum 6. desember 1947 í Reykjavík, og Hrafni Bachmann, fyrrverandi stjórnarmanni og framkvæmdastjóra í Kjötmiðstöðinni hf., til heimilis að Hjarðarhaga 40, Reykjavík, fæddum 16. janúar 1943 í Reykjavík, „fyrir brot á lögum um sparisjóði nr. 69, 1941, sbr. nú lög nr. 87, 1985, lögum um viðskiptabanka nr. 86, 1985, lögum um verðbréfamiðlun nr. 27, 1986, sbr. nú lög nr. 20, 1989, lögum um bókhald nr. 51, 1968, lögum um hlutafélög nr. 32, 1978, sbr. nú lög 69, 1989, lögum um löggilta endurskoðendur nr. 67, 1976, lögum um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti nr. 56, 1978, og almennum hegningarlögum nr. 19, 1940.

I. kafli.

Um það, hvernig ákærðu Pétur og Ármann náðu fé til lánastarfsemi Ávöxtunar sf. og sjóða hennar og varðveislu þess.

3.

Þá er ákærðu gefið að sök að hafa lokkað almenning með blekkingum til viðskipta við fyrirtæki sín, Ávöxtun sf. og Verðbréfasjóð Ávöxtunar hf. og Rekstrarsjóð Ávöxtunar hf., með auglýsingum í Morgunblaðinu á árinu 1987 og til 1. september 1988. Er ávöxtun ávöxtunarbrefanna kynnt þar með heilu eða broti úr prósentu og gengi þeirra með fjórum aukastöfum. Máttu viðskiptamenn af þessu ætla, að bak við gengistölurnar lægju nákvæmir og traustir útreikningar. Hins vegar höfðu ákærðu engin viðhlítandi gögn til að auglýsa og birta slíka útreikninga, bókhald lengst af fært eftir á, þ. e. ekki fært reglulega frá mánuði til mánaðar, ófullnægjandi tölvubókhalds- og verðbréfakerfi, eitt af fjórum milliuppgjörum hjá Verðbréfasjóði Ávöxtunar hf. á árinu 1987 talið sýna „marktæka stöðu“ og loks kröfur í bókhaldi og ársuppgjörum fyrir árið 1987 og síðar stórlega ofmetnar. Sama gildir um „ávöxtunarsamninga“ frá 16. september 1986, þar sem í mörgum tilvikum er lofað 12-15% ársvöxtum umfram verðtryggingu, en ákærðu gat ekki dulist, að við slík loforð gætu þeir ekki staðið.

Brot ákærðu samkvæmt 1. lið telst varða við 29. gr. laga nr. 69, 1941, um sparisjóði, sbr. nú lög nr. 87, 1985, 66. gr.

Brot ákærðu samkvæmt 2. lið telst varða við lög nr. 27, 1986, um verð-

bréfamiðlun, 16. gr., sbr. nú lög nr. 20, 1989, 37. gr. og 2. mgr. 26. gr., sbr. 52. gr. laga nr. 86, 1985.

Brot samkvæmt 3. lið telst varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, og 27., sbr. 52. gr. laga nr. 56, 1978.

II. kafli.

Um það, hvernig ákærðu Pétur, Ármann og Reynir höguðu reikningsskilum fyrir Ávöxtun sf. fyrir árið 1987.

Ákærðu Pétri, Ármanni og Reyni, löggiltum endurskoðanda, er gefið að sök að hafa í sameiningu staðið að rangfærslu ársreiknings Ávöxtunar sf. 1987, sem áritaður er af endurskoðandanum 1. júlí 1988, með því að ofmeta tekjur og eignir á ársreikningum og leyndu skuldastöðu ákærðu Péturs og Ármanns og þeim tengdra og nákominna aðila við félagið. Þá er ákærðu Ármanni og Pétri gefin að sök mikil óreiða í bókhaldi þess, sbr. kafla I 3, ásamt skorti á afstemmingum. Á efnahagsreikningi eru heildareignir (kröfur) félagsins tilfærðar á 139.208.270,00 kr. Að áliti skiptastjóra (bréf 17. maí 1989) er verðmæti þeirra áætlað ca. 35.000.000,00 kr., og eru í þeirri tölu innifaldar ca. 25 milljónir kr., er í júlí 1988 voru afhentar Verðbréfasjóði Ávöxtunar hf. Við reikningsskilin var því ekki gætt lögboðinna eða viðurkenndra aðferða, sbr. 4. gr. og 4. mgr. 21. gr. laga nr. 51, 1968. Þá er fjárfesting í fasteignum verðbætt í ársreikningi eftir vísitölu byggingarkostnaðar í ósamræmi við ákvæði 11. gr. sameignarfélagssamnings. Voru reikningsskilin til þess fallin, eins og á stóð, að villa um fyrir banka-efirtilri Setðlabanka Íslands og viðskiptamönnum félagsins og almenningi um efnahag þess og rekstrarafkomu. Skulu hér í dæmaskyni taldar nokkrar eignir, er ofmetnar voru að verulegu eða öllu leyti.

Krafa á Ármann Reynisson, er gjaldþrota varð 14. október 1988 (skuldunautar)	kr. 2.519.573,00
Krafa á Pétur Björnsson, er gjaldþrota varð 14. október 1988 (skuldunautar)	kr. 1.587.515,00
„Eignarhluti“ í Kjötmiðstöðinni hf.	kr. 12.652.600,00
Krafa á sama, metin til lokaverðs	kr. 5.410.667,00
Krafa á sama, sem varð gjaldþrota 10. október 1988 (skuldunautar)	kr. 3.675.211,00
Krafa á Hughönnun hf., metin ofmetin til lokaverðs	kr. 8.419.334,00
Krafa á sama, sem gjaldþrota varð 1. desember 1988 (skuldunautar)	kr. 219.767,00
Kröfueign B. Stefánssonar hf., ofmetin	kr. 2.511.647,00
Krafa á Hjört Nielsen hf. (skuldunautar)	kr. 873.398,00

Krafa á sama, sem gjaldþrota varð 14. október 1988, metin til lokaverðs	kr. 8.621.006,00
Áætlaðar vaxtatekjur	kr. 1.200.000,00
Krafa á Benson, sem varð gjaldþrota 30. maí 1985	kr. 356.624,00
Kröfur á J. Stefánsson, marggjaldþrota	kr. 996.698,00
Oftalin uppfærsla skuldabréfa	kr. 12.716.397,00
Oftaldir áætlaðir vextir skuldunauta að langmestu leyti	kr. 3.332.380,00
Ofreiknaðir vextir á víxla að langmestu leyti	kr. 899.460,00
	<hr/>
	kr. 65.992.277,00

Að því er tekur til dæma um ofmetnar tekjur í ársreikningi 1987, skal eftirfarandi talið:

Oftalin tekjufærsla á ofangreindri uppfærslu á skuldabréfum	kr. 12.716.397,00
Ofreiknað endurmat á „eignarhluta“ í Kjötmiðstöðinni hf.	kr. 5.645.175,00
Oftalið endurmat á hlutabréfum í Verðbréfasjóði Ávöxtunar hf.	kr. 187.000,00
Ofreiknaðir vextir og verðbætur á B. Stefánsson hf.	kr. 2.511.647,00
Vextir svonefndra skuldunauta ofreiknaðir að langmestu leyti	kr. 3.332.380,00
Ofreiknaðir vextir af víxlum að langmestu leyti	kr. 899.460,00
Ógjaldfært fyrir lögfræðipjónustu í september til desember 1987	kr. 300.000,00
Áætlaðar vaxtatekjur	kr. 1.200.000,00
	<hr/>
	kr. 26.792.059,00

Með vísan til framanritaðs er öllum ákærðu gefið að sök, að ársreikningur fyrir árið 1987 sé markleysa ein.

Sérstaklega er ákærða Reyni gefið að sök að hafa sjálfur rangfært til tekna og eigna í bókhaldi og ársreikningi Ávöxtunar sf. ofangreinda liði, 3.332.380,00 kr., 899.460,00 kr. og 16.275.180,00 kr., að ófráðregnum 12.716.397,00 kr. Þá er honum einnig gefið að sök að hafa að aflokinni endurskoðun áritað ársreikninginn fyrir árið 1987, sem saminn var á skrifstofu hans, fyrirvaralausri og fullri endurskoðunaráritun, sbr. 8. og 10. gr. laga nr. 67, 1976, að því er tekur til tekju- og gjaldauppgjörfs félagsins og uppgjörfs og mats á kröfueign þess, en til verðmætis hennar tók

hann ekki óháða afstöðu eða aflaði sér sjálfstætt upplýsinga til að meta hana.

Háttsemi ákærðu Ármanns og Péturs samkvæmt því, er að framan greinir, telst varða við 1. mgr. 158. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, og 262. gr. sömu laga, sbr. 25. gr. laga nr. 51, 1968, svo og 95., 96., 102., 16. tl., og 100. gr., 1. mgr., sbr. 151. gr. laga nr. 32, 1978, sbr. nú sömu greinar laga nr. 69, 1989, nema 17. tl. 102. gr.

Háttsemi ákærða Reynis telst varða við 1. mgr. 158. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sem og sömu greinar breyttra laga um hlutafélag og áður greinir auk 86. gr. þeirra beint eða per analogiam ásamt 10. gr., sbr. 17. gr. laga nr. 67, 1976, allt sbr. 138. gr. laga nr. 19, 1940.

III. kafli.

Um það, hvernig ákærðu Pétur, Ármann og Reynir höguðu reikningsskilum fyrir Verðbréfasjóð Ávöxtunar hf. fyrir árið 1987.

Ákærðu Pétri, Ármanni og Reyni, löggiltum endurskoðanda, er gefið að sök að hafa í sameiningu staðið að villandi gerð ársreiknings Verðbréfareiknings Ávöxtunar hf. 1987, sem undirritaður er af hinum löggilta endurskoðanda 19. mars 1988, með því að ofmeta stórlega tekjur og eignir (kröfueign) á ársreikningnum og leyna skuldastöðu ákærðu Péturs og Ármanns og þeim tengdra og nákominna aðila við hlutafélagið, en það mátti þeim ekki dyljast. Á efnahagsreikningi eru heildareignir hans taldar 253.075.329,00 kr. Að áliti skilaneftar 30. apríl 1990 nema þar af óinnheimtanlegar kröfur 100.548.000,00 kr. eða sem næst 40%. Við reikningsskilin var ekki gætt lögboðinna eða viðurkenndra aðferða, sbr. 4. gr. og 4. mgr. 21. gr. laga nr. 51, 1968, og 95. gr. og 96. gr. laga nr. 32, 1978. Þau voru, eins og á stóð, til þess fallin að villa um fyrir bankaeftirliti Seðlabanka Íslands, viðskiptamönnum hlutafélagsins og almenningi um efnahag þess og afkomu. Ofmat kröfueignarinnar kemur þannig fram, talið í þúsundum króna:

	<i>Eignir pr. 31.12.1987</i>	<i>Þar af talið óinnheimtanlegt á verðlagi 31.12.1987</i>
Sjóður og bankainnstæða	131	
Víxileign	40.131	3.309
Kaupsamningur	26.512	812
Kreditkort	32.086	
Ýmsar kröfur	55.701	35.497
Skuldabréf	89.890	58.808
Innheimtur hjá lögmönnum	8.625	2.122
Samtals	<u>253.076</u>	<u>100.548</u>

Þegar til þess er litið, að ýmsar stærstu kröfur félagsins voru lítt eða ekki tryggðar, ásamt því, að skuldarar þeirra voru í veikri fjárhagsstöðu, enda brátt gjaldþrota, bar brýna nauðsyn til að meta verðmæti krafanna einstaklingsbundið, sem þó var látið hjá líða, en talið nægja að leggja til hliðar til afskrifta af þeim allt of lágar fjárhæðir.

Enn fremur er ákærða Reyni gefið að sök að hafa að aflokinni endurskoðun áritað ársreikninginn fyrir árið 1987, sem saminn var á skrifstofu hans, fyrirvaralausri og fullri endurskoðunaráritun, sbr. 10. gr. laga nr. 67, 1976, að því er tekur til tekju- og gjaldauppgjörs félagsins og uppgjörs og mats á kröfueign þess, en til verðmætis hennar tók hann ekki óháða afstöðu eða aflaði sér sjálfstætt upplýsinga til að meta hana.

Háttsemi stjórnarmanna, þeirra Péturs og Ármanns, samkvæmt því, er að framan greinir, telst varða við 95., 96., 100. og 102. gr., sbr. 151. gr. laga nr. 32, 1978, sbr. nú lög nr. 69, 1989.

Háttsemi ákærða Reynis telst varða við 86., 95., 96., 100. og 102. gr., sbr. 151. gr. laga nr. 32, 1978, sbr. nú lög 69, 1989, og 10. gr., sbr. 17. gr. laga nr. 67, 1976, allt sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

IV.

Um það, hvernig ákærðu Pétur og Ármann hagnýttu sér og fyrirtækjum sínum fé úr Verðbréfasjóðum Ávöxtunar sf.

Þá er ákærðu Pétri og Ármanni gefið að sök að hafa í ávinningsskyni sem einkaeigendur og forstöðumenn Ávöxtunar sf., er annaðist rekstur Verðbréfasjóðs Ávöxtunar hf. og Rekstrarsjóðs Ávöxtunar hf. frá upphafi starfsemi þeirra, Verðbréfasjóðs í janúar 1987 og Rekstrarsjóðs í janúar 1988, allt til 7. september 1988, þegar starfsemi þeirra var hætt, notað verulegan hluta af fjármunum sjóðanna í þágu einkafyrirtækis síns, Ávöxtunar sf., og í þágu fyrirtækja, sem nefnt einkafyrirtæki þeirra og/eða þeir persónulega áttu hlut í, allt andstætt 8. gr. laga um verðbréfamiðlun nr. 27, 1986, yfirlýstu markmiði sjóðanna og samþykktum stjórna þeirra, sem hinir ákærðu áttu báðir sæti í, og valda þannig þeim, sem keypt höfðu hlutdeildarbréf í sjóðunum, fjártjóni eða verulegri hættu á slíku tjóni.

A) Viðskipti Verðbréfasjóðs Ávöxtunar hf. við Ávöxtun sf., einkafyrirtæki ákærðu, sem úrskurðað var gjaldþrota 14. október 1988 um leið og ákærðu sjálfir.

1) Ákærðu ráðstöfuðu verulegum fjármunum frá Verðbréfasjóði til Ávöxtunar sf. og notuðu fjármunina að miklu leyti í þágu einkafyrirtækis síns. Þeir gerðu ekki upp einstök viðskipti milli lögaðilanna, heldur létu bóka þau í opinn viðskiptareikning. Hinn 7. september 1988 var skuld Ávöxtunar sf. við Verðbréfasjóðinn á opnum viðskiptareikningi án nokkurra veðtrygginga 52.753.437,46 kr.

2) Ákærðu létu Verðbréfasjód kaupa af Ávöxtun sf. kaupleigusamning um tólvu, dags. 1. apríl 1988, Ávöxtun sf. leigusali, Hughönnun hf. leigutaki, fyrirtæki, sem ákærðu og Ávöxtun sf. áttu 62% hluta í og var úrskurðað gjaldþrota 1. desember 1988. Nafnverð kaupleigusamningsins var talið 1.271.619,00 kr., en kaupverð hans 1.050.000,60 kr., sem ákærðu létu bóka miðað við 30. júní 1988 Ávöxtun sf. til tekna á opna viðskiptareikningnum í bókhaldi Verðbréfasjóðs. Ákærðu létu Rekstrarsjód síðan kaupa kaupleigusamninginn af Verðbréfasjóði, og var bókfærð skuld Hugönnunar hf. vegna kaupleigusamningsins 7. september 1988 1.336.830,33 kr.

3) Hinn 12. ágúst 1987 létu ákærðu Verðbréfasjód kaupa skuldabréf, að fjárhæð 5.550.000,00 kr. út gefið 1. júlí 1987, af Ávöxtun sf., bundið lánskjaravísitölu, með sjálfskuldarábyrgð ákærðu, sem endurgreiðast átti á 12 mánuðum, í fyrsta skipti 5. september 1987, fyrir 4.902.196,00 kr.

Bókfærðar eftirstöðvar skuldabréfsins voru 7. september 1988 3.598.708,00 kr.

B. Viðskipti Verðbréfasjóðs Ávöxtunar hf. og Rekstrarsjóðs Ávöxtunar hf. við Hjört Nielsen hf., sem ákærðu og einkafyrirtæki þeirra áttu alla hluti í, svo og Ragnarsbakarí, sem Hjörtur Nielsen hf. rak um skeið. Félagið Hjörtur Nielsen hf. var úrskurðað gjaldþrota 14. október. 1988.

1) Ákærðu ráðstöfuðu verulegum fjármunum, einkum á árinu 1988, frá Verðbréfasjóði til Hjartar Niensens hf. sem beinum peningalánnum og létu bóka ásamt endurgreiðslum eða uppgreiðslum á opinn viðskiptareikning. Hinn 7. september 1988 nam skuld Hjartar Niensens hf. við Verðbréfasjóð á opnum viðskiptareikningi án nokkurra veðtrygginga 6.106.475,54 kr.

2) Hinn 23. september 1987 létu ákærðu Verðbréfasjód kaupa tvö skuldabréf af Hirti Nielsen hf., hvort að fjárhæð 1.200.000,00 kr., út gefin af Hirti Nielsen hf. sama dag, bundin lánskjaravísitölu, með sjálfskuldarábyrgð ákærðu, til endurgreiðslu á 12 mánuðum, fyrst 10. janúar 1988, fyrir samtals 2.282.876,00 kr. Bókfærðar eftirstöðvar skuldabréfanna 7. september 1988 námu 2.367.041,60 krónum.

3) Hinn 6. apríl og 12. apríl 1988 létu ákærðu í samræmi við lið 2.6. í kaupsamningi um Iðavelli 8, Keflavík, dagsettum 14. janúar 1988, Verðbréfasjód kaupa og Rekstrarsjód síðan yfirtaka tvö skuldabréf af Trausta Einarssyni, Lágmoa 2, Njarðvík, hvort að fjárhæð 711.532,00 kr., út gefin af Hirti Nielsen hf. 19. janúar 1988, með sjálfskuldarábyrgð ákærðu, bundin lánskjaravísitölu, er endurgreiðast eiga með sex afborgunum á sex mánaða fresti, fyrst 1. janúar 1989, fyrir samtals 1.281.842,30 kr.

4) Hinn 6. maí 1988 ráðstöfuðu ákærðu úr Rekstrarsjóðnum til Ragnarsbakarís skilmálalaust og án veðtrygginga, en létu bóka í viðskiptamanna-

reikning Ragnarsbakarís, þar sem skuldin stóð óbreytt 7. september 1988, 500.000,00 kr.

5) Hinn 6. júlí 1988 létu ákærðu Verðbréfasjóð kaupa af Hirti Nielsen hf. víxil, að upphæð 470.000,00 kr., samþykktan af Hirti Nielsen hf., til greiðslu 2. október 1988, út gefinn af ákærða Ármanni Reynissyni, ábektan af báðum ákærðu, fyrir 406.547,80 kr.

6) Hinn 8. ágúst 1988 létu ákærðu Verðbréfasjóð kaupa af Hirti Nielsen hf. víxil, að upphæð 310.000,00 kr., samþykktan af Hirti Nielsen hf., til greiðslu 5. október 1988, út gefinn af ákærða Ármanni Reynissyni, ábektan af báðum ákærðu, fyrir 280.933,00 kr.

7) Á árinu 1988 ráðstöfuðu ákærðu verulegum fjármunum frá Verðbréfasjóðnum til Ragnarsbakarís og létu bóka ásamt endurgreiðslum eða uppígreiðslum á opinn viðskiptareikning. Hinn 7. september 1988 nam skuld Ragnarsbakarís við Verðbréfasjóð á opnum viðskiptareikningi án nokkurra trygginga 7.929.697,00 kr.

Stofnað var til skuldar þessarar að hluta með þeim hætti sem hér segir:

Hinn 2. september 1987 létu ákærðu Verðbréfasjóð kaupa veðskuldabréf af Emerald hf., út gefið af Ósk Auðunsdóttur 15. ágúst 1987, að upphæð 200.000,00 kr., bundið lánskjaravísitölu, tryggt með veði í eystra húsi að Hamrahlíð 37, Reykjavík, fyrir 175.148,70 kr.

Hinn 31. desember 1987 létu ákærðu Verðbréfasjóðinn kaupa fimm veðskuldabréf af Ávöxtun sf., út gefin 17. desember 1987 af Sigríði Þrastardóttur, hvert að upphæð 400.000,00 kr., bundin lánskjaravísitölu, tryggt með veði í Holtagerði 32, Kópavogi, efri hæð, fyrir samtals 1.543.059,00 kr. Sölu-laun námu 30.861,00 kr. og því greitt til seljanda 1.512.198,00.

Hinn 6. janúar 1988 létu ákærðu Verðbréfasjóð kaupa þrjú skuldabréf af ákærða Pétri, út gefin 23. desember 1987 af Kristínu Haraldsdóttur, hvert að upphæð 500.000,00 kr., bundin lánskjaravísitölu, tryggt með sjálfskuldarábyrgð tveggja einstaklinga, fyrir samtals 1.350.925,00 kr. Sölu-laun og stimpilgjöld námu 49.518,00 kr. og því greitt til seljanda 1.301.407,00 kr. Samkvæmt kaupsamningi, dagsettum 14. janúar 1988, á milli Trausta Einarssonar, seljanda, og Hjartar Nielsens hf., kaupanda, létu ákærðu seljandann fá öll þessi skuldabréf, níu að tölu, í hendur sem hluta af greiðslu kaupverðs Íðavalla 8, Keflavík, og er verð þeirra í kaupsamningi talið:

1 veðskuldabréf að nafnverði kr. 200.000 = 225.886.

5 veðskuldabréf að nafnverði kr. 2.000.000 = 2.043.080.

3 skuldabréf að nafnverði kr. 1.500.000 = 1.507.875.

Í septembermánuði 1988 létu ákærðu loks bóka afhendingu á bréfum þessum frá Verðbréfasjóði og skuldfærðu Ragnarsbakarí fyrir þeim á opnum viðskiptareikningi miðað við 6. júní 1988, þannig:

1 veðskuldabréf að nafnverði kr. 200.000 = 175.148.

5 veðskuldabréf að nafnverði kr. 2.000.000 = 1.512.198.

3 veðskuldabréf að nafnverði kr. 1.500.000 = 1.301.407.

C) Viðskipti Verðbréfasjóðs Ávöxtunar hf. við Kjötmiðstöðina hf., sem ákærðu og einkafyrirtæki þeirra áttu 45% hluta í, en félagið var úrskurðað gjaldþrota 10. nóvember 1988.

Auk þess, sem kærðu létu Verðbréfasjóð kaupa sölunótur úr kreditkorta-viðskiptum og svokallaðar geymsluávisanir af Kjötmiðstöðinni hf., ráðstöfuðu þeir verulegum fjármunum frá Verðbréfasjóði til Kjötmiðstöðvarinnar annaðhvort undir því yfirskini, að sjóðurinn keypti kröfur á hendur þriðja manni af Kjötmiðstöðinni hf., eða með beinum peningalánnum til félagsins, en hvort tveggja létu þeir síðan bóka í opnum viðskiptareikningi. Hinn 7. september nam skuld Kjötmiðstöðvarinnar hf. við Verðbréfasjóð á opnum viðskiptareikningi 10.379.334,00 kr.

Með framangreindum hætti þykja ákærðu aðallega hafa brotið gegn 2. mgr., sbr. 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, en til vara gegn 249. gr. sömu laga og gegn 16. gr. laga nr. 27, 1986, um verðbréfamíðlun, sbr. nú 37. gr. laga nr. 20, 1989.

V. kafli.

Um það, hvernig ákærði Pétur hagnýtti sér og fyrirtækjum sínum fé úr verðbréfasjóðum Ávöxtunar hf.

Ákærða Pétri er gefið að sök að hafa með þeim hætti, sem lýst er í IV. kafla, notað verulegan hluta af fjármunum sjóðanna, einkum Verðbréfasjóðs, í eigin þágu eða í þágu fyrirtækja, sem hann átti hluti í, og valdið þannig þeim, sem keypt höfðu hlutdeildarbréf í sjóðunum, fjártjóni eða verulegri hættu á slíku tjóni.

A) Viðskipti Verðbréfasjóðs Ávöxtunar hf. og Hersis hf./Íslenskra matvæla hf., en ákærði Pétur átti 20% hluta í hvoru fyrirtækjanna og sat í stjórn þeirra. Íslensk matvæli hf. önnuðust rekstur Hersis hf., og í bókhaldi Verðbréfasjóðs eru viðskipti við félögin bókuð á einn og sama bókhaldsreikning.

1) Auk þess, sem ákærði lét Verðbréfasjóð kaupa reikninga á hendur þriðja manni af Íslenskum matvælum hf., ráðstafaði hann verulegum fjármunum frá sjóðnum til fyrirtækisins, aðallega sem skilmálalausum peningalánnum, og lét síðan bóka í opinn viðskiptareikning félagsins hjá sjóðnum. Hinn 7. september 1988 nam skuld Hersis hf./Íslenskra matvæla hf. við Verðbréfasjóð á opnum viðskiptareikningi 9.736.887,00 kr.

2) Hinn 30. september 1987 lét ákærði Pétur Verðbréfasjóð kaupa skulda-bréf, að upphæð 1.200.000,00 kr., bundið lánskjaravísitölu, af Íslenskum matvælum hf., undirritað sama dag af honum sjálfum með upphafsstöfum

eingöngu, sem endurgreiðast átti með sex mánaðarlegum afborgunum, í fyrsta skipti 5. desember 1987, fyrir 1.131.101,00 kr. Bókfærðar eftirstöðvar skuldabréfsins 7. september 1988 námu 1.049.527,00 krónum.

B) Viðskipti Verðbréfasjóðs Ávöxtunar hf. og Rekstrarsjóðs Ávöxtunar hf. við Ísleið hf., en ákærði Pétur átti 25% hluta í félaginu og sat í stjórn þess.

1) Ákærði Pétur lét Verðbréfasjóð kaupa viðskiptavíxla af Ísleið hf., einkum á árinu 1987, og lét bóka víxla, sem í vanskil fóru, Ísleið hf. til skuldar á viðskiptareikningi hjá sjóðnum. Í árslok 1987 nam bókfærð skuld Ísleiðar hf. á viðskiptareikningnum 2.676.076,00 kr. Hinn 27. júní 1988 lét ákærði Verðbréfasjóð kaupa skuldabréf, út gefið af Ísleið hf., að upphæð 3.650.000,00 kr., bundið lánskjaravísitölu, með ábyrgð þriggja einstaklinga, þeirra á meðal ákærða sjálfs, sem endurgreiða á með tíu mánaðarlegum afborgunum, í fyrsta skipti 5. september 1988, fyrir 3.386.345,00 kr., og lét færa andvirðið til lúkningar skuld Ísleiðar hf. við sjóðinn. Hinn 30. júní 1988 ráðstafaði ákærði bréfi þessu frá Verðbréfasjóði til Rekstrarsjóðs.

2) Hinn 18. júlí 1988 lét ákærði Verðbréfasjóð kaupa víxil, að upphæð 200.000 kr., af Ísleið hf., samþykktan til greiðslu 5. september 1988 af Ísleið hf. fyrir 183.941,50 kr.

C) Úttektir ákærða Péturs úr sjóði Verðbréfasjóðs í eigin nafni eða í nafni Karakters, verslunar, sem hann rak sem einkafyrirtæki.

1) Hinn 30. september 1987 lét ákærði Verðbréfasjóð kaupa af sér skuldabréf, talið út gefið af Ísleið hf. sama dag, að upphæð 1.800.000,00 kr., bundið lánskjaravísitölu, sem endurgreiða átti með átján mánaðarlegum afborgunum, í fyrsta skipti 5. október 1987, fyrir 1.645.847,00 kr.

Hinn 7. september 1988 námu bókfærðar eftirstöðvar skuldabréfsins 1.596.828,20 kr. Andvirði skuldabréfsins notaði ákærði til þess að auka hlutafé sitt í Ísleið hf., en nú er staðhæft, að Ísleið hf. sé raunverulegur skuldari, þ. e., eftir að ákærði seldi hlutafé sitt í fyrirtækinu.

2) Að fyrri hluta árs 1988 tók ákærði Pétur fé út úr Verðbréfasjóði, ýmist í eigin nafni eða í nafni verslunarinnar Karakters. Lét hann bóka úttektirnar á svokallaðan biðreikning svo og innborganir sínar, en 7. september 1988 nam skuld ákærða á biðreikningi þessum 1.116.413,00 krónum.

Brot ákærða telst varða við 2. mgr., sbr. 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, en til vara við 249. gr. sömu laga, auk þess sem brot ákærða varðar við 16. gr. laga nr. 27, 1986, sbr. 37. gr. laga nr. 20, 1989.

VI. kafli.

Um það, hvernig ákærðu Pétur og Ármann ráðstöfuðu andvirði eigna Hughönnunar hf.

Með kaupsamningi, dagsettum 10. október 1988, seldi Hughönnun hf., Skipholti 50 C, Reykjavík, Lögþingi hf., Laugavegi 18 A, s. st., eignir sínar að mestu leyti, en í kaupsamningunum eru þær tilgreindar þannig: „Allar þær innréttingar og lýsing, sem eru á staðnum og geta gengið til kaupanda, símkerfi með 7 stk. símtækja, ísskápur, eldhúsbord með stólum, afgreiðsludiskur í þremur hlutum, stór hilluskápur, 2 stk. skrifborð, 2 stk. skrifborðs-stólar með tauáklæði. Afnotaréttur af alhliða verðbréfhugbúnaði, sem Hughönnun framleiðir fyrir almennan markað og verður til afhendingar eigi síðar en 1. maí 1989.“ Umsamið kaupverð, 300.000,00 kr. í peningum og 900.000,00 kr. í víxlum, var greitt við undirritun samnings. Ákærðu Ármanni Reynissyni og Pétri Björnssyni er gefið að sök að hafa sameiginlega með refsiverðum hætti tekið undir sig allt ofangreint andvirði eignanna og ráðstafað því í eigin þarfir, m. a. til greiðslu á skuldum sínum og fyrirtækja sinna, enda þótt þeim hlyti að vera ljóst, að takan myndi leiða til gjaldþrots Hughönnunar hf., en bú þess félags var tekið til gjaldþrotaskipta 1. desember 1988. Ákærðu ásamt félagi þeirra, Ávöxtun sf., áttu 62% hlutafjár í Hughönnun hf. og voru báðir prókúruhafar fyrir félagið og ákærði Ármann stjórnarformaður þess og ákærði Pétur í varastjórn.

Þessi háttsemi ákærðu þykir aðallega varða við 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, en til vara við 1. mgr., 4. tl., 250. gr. sömu laga.

VII. kafli.

Um það, hvernig ákærðu Pétur og Ármann tilkynntu innborgun hlutafjár í Brauðgerð Suðurnesja hf. til Hlutafélagaskrár.

Með tilkynningu til Hlutafélagaskrár, dagsettri 11. apríl 1988, tilkynntu ákærðu Ármann og Pétur um stofnun hlutafélags í Keflavík, er bæri heitið Brauðgerð Suðurnesja hf. Væri hlutafé félagsins að upphæð 11.100.000,00 kr. og allt greitt. Var félagið skrásett sem hlutafélag á grundvelli tilkynningarinnar og meðfylgjandi gagna. Síðar kom í ljós, að ekkert hlutafé var innborgað til hlutafélagsins. Ákærðu er gefið að sök að hafa ranglega greint frá innborgun hlutafjárins, sbr. 2. tl. 1. mgr. 146. gr. laga nr. 32, 1978, um hlutafélög, og unnið sér þar með til refsingar samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 151. gr. sömu laga, sbr. lög nr. 69, 1989.

VIII. kafli.

Um fjársvik stjórnar Kjötmiðstöðvarinnar hf., Ármanns, Péturs og Hrafns, við sölu muna Veitingamannsins.

Með kaupsamningi, dagsettum 29. mars 1988, seldu ofangreindir

stjórnarmenn Kjötmiðstöðvarinnar hf. fyrirtækið Veitingamanninn, sem var deild í hlutafélaginu. Allar skuldbindingar fyrirtækisins fyrir afhendingu hins selda voru á ábyrgð seljanda. Hluti samningsins var áhaldalisti yfir seld tæki. Meðal þess, er þar greinir, er að finna þessa muni, er hlutafélagið hafði fengið samkvæmt kjörum um kaupleigu frá Glitni hf.: grænmetiskvörn RG-6 (salatkvörn), tvo gufusudupotta, 100 og 200 lítra, með hræru, gufusjóðara, rekka og grindur og hitaskáp GN 1/1, en allt var þetta að verðmæti samkvæmt innkaupareikningum 2.178.966,00 kr. Einnig hafði félagið á sömu kjörum frá Lind tvo djúpsteikingarpotta, að verðmæti 443.790,00 kr. samkvæmt innkaupareikningum.

Ákærðu samkvæmt þessum kafla er gefið að sök að hafa leynt kaupendur munanna því, að hlutafélagið hafði ekki eignarrétt á mununum samkvæmt kaupleigusamningunum og bakaði þeim með þessu verulegt tjón.

Háttsemi þessi telst varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

IX. kafli.

Um það, hvernig ákærði Ármann skaut undan málverkum sínum.

Ákærða Ármanni er gefið að sök að hafa fjarlægð af heimili sínu myndir, er honum mátti ekki dyljast 5. september 1988, að gjaldþrot hans vofði yfir, og komið í geymslu og leynt þeim, uns bústjóri þrotabús hans fékk í byrjun desember sama ár vitneskju um málverkin, allt í því skyni að skjóta þeim undan búsméðferð, svo að kröfuhöfum nýttist ekki verðmæti þeirra. Myndirnar voru 37 að tölu og að mati Gallerís Borgar að verðmæti 1500 þúsund til 1750 þúsund, allt eins og hér segir:

Matsverð kr.

Benedikt Gunnarsson:

Við vatnafjöllin,

vatnslitur, 1970, 13 x 13 cm

10-15.000,00

Benedikt Gunnarsson:

Frá Mexico,

olía á striga, 1974, 55 x 60 cm

40-50.000,00

G. Leonbianchi?:

Grafik 29/50,

17 x 12 cm?

Gunnar Örn:

Model,

pennateikn., 1981, 20 x 13 cm

10-15.000,00

Gunnar Örn:

lítill vatnslitamynd, 1982, 10,5 x 8,5 cm

10-15.000,00

Gunnar Örn:	
Maður,	
olía á striga, 1982, 12 x 12 cm	15.000,00
Gunnar Örn:	
Portrett,	
olía á pappír, 1982, 6,2 x 6,2 cm	12.000,00
Gunnar Örn:	
Figúra,	
olía á striga, 1982, 35 x 30 cm	25-30.000,00
Gunnar Örn:	
dúkrista, 1983, 12 x 14 cm	8.000,00
Gunnar Örn:	
dúkrista, 1972, 16 x 20 cm	10.000,00
Gunnar Örn:	
Nakin kona,	
blýantur, 1981, 15 x 17 cm	15.000,00
Hafsteinn Austmann:	
Form,	
vatnslitur, 1982, 37 x 27 cm	25-30.000,00
Valgarður Gunnarsson:	
Snara,	
dúkrista, 1984, 12 x 17 cm	5.000,00
Þorbjörg Höskuldsdóttir:	
Á stöllum,	
blýantur, 1988, 26 x 37 cm	25.000,00
Stórval:	
Landslag,	
olía á mas., 1982, 35 x 46 cm	15.000,00
Stórval:	
Herðubreið,	
olía á mas., 1987, 50 x 70 cm	20.000,00
Zacharias Heinesen:	
Frá Færeyjum,	
vatnslitur, 1978, 12 x 18 cm	15-25.000,00
Peter J. Mönning?:	
Bíll,	
blönduð tækni, 40 x 28 cm	?
Antonio Virduzzo:	
Litógrafía,	
41/50, 1975, 49 x 34 cm	5-10.000,00
Karólína Lárusdóttir:	

Abstraktion, olía á striga, 1982, 100 x 85 cm	90-100.000,00
Karólína Lárusdóttir: Grafík, æting, 14 x 21 cm	8-10.000,00
Valtýr Pétursson: Hin bláa Parísarn. olía á striga, 1950, 46 x 55 cm	50-60.000,00
Valtýr Pétursson: Hvít borg, olía á striga, 1950, 24 x 41 cm	25-30.000,00
Kári Eiríksson: Álfadans, blönduð tækni, 1975, 30 x 30 cm	20.000,00
Luda Lekinff?: Litógráfía, 32/100, (Christie's), 64 x 49 cm	?
Björg Þorsteinsdóttir: Línudans 2, pastel, 1987, 65 x 49 cm	40-50.000,00
Karl Kvaran: Gleði í svartnætti, gvass, 90 x 70 cm	50-60.000,00
Jóhanna Kr. Ingvadóttir: Grænlensk kona, olía á striga, 1986, 90 x 80 cm	75-85.000,00
Jóhannes Jóhannesson: Framkvæmdamaðurinn, olía á striga, 1980, 61 x 48,5 cm	60-70.000,00
Ágúst Petersen: Við sundin blá, olía á striga, 62 x 85 cm	120-140.000,00
Þorvaldur Skúlason: Sólstafir, olía á striga, 1980, 110 x 80 cm	250-300.000,00
Kristján Davíðsson: Kona með börn, olía á striga, 80 x 75 cm	120-130.000,00
Kristján Davíðsson: Flæðarmál, olía á striga, 1986, 95 x 80 cm	120-130.000,00

Kristján Davíðsson: Feneyjamingning, olía á pap., 1984, 35 x 50 cm	50-60.000,00
Kristján Davíðsson: Fiskar í búri, olía á mas., 25 x 25,5 cm	40.000,00
Kristján Davíðsson: Flæðarmál, olía á mas., 1984, 35 x 30 cm	50.000,00
Kristján Davíðsson: Einar sjómaður, olía á mas., 34 x 31 cm	70-90.000,00

Háttsemi ákærða telst varða við 4. tl. 1. mgr. 250. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

X. kafli.

Dómkröfur.

Þess er krafist:

„1. Að allir ákærðu verði dæmdir til refsingar samkvæmt framangreindum refsíákvæðum.

2. Að ákærði Reynir Ragnarsson verði sviptur leyfi til löggildingar endurskoðendastarfa samkvæmt 1. mgr. 15. gr., sbr. 7. gr. laga nr. 67, 1976, um löggilta endurskoðendur, sbr. 68. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, með áorðnum breytingum.

3. Að ákærði Pétur Björnsson verði með tilvísun til 17. gr. laga nr. 27, 1986, sbr. nú 38. gr. laga nr. 20, 1989, og 68. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sviptur leyfi til verðbréfamiðlunar.

4. Dæma skal um fjárkröfur, sem upp kunna að koma í máli þessu, samkvæmt XVII. kafla laga nr. 74, 1974, um meðferð opinberra mála.

5. Að ákærðu verði dæmdir til alls sakarkostnaðar.“

Við meðferð málsins hefur ákæruvaldið fallið frá fébótakröfum á hendur ákærðu og lækkað brotaandlag í IX. kafla ákærunnar úr 1500 til 1750 þúsund kr. í 1200 þúsund kr.

Málavextir.

Sameignarfélagið Ávöxtun var stofnað 22. janúar 1983, og barst Firmaskrá Reykjavíkur tilkynning um félagsstofnunina 26. s.m. Upphaflega voru eigendur félagsins þrír. Auk ákærðu Ármanns og Péturs var Bjarni Stefáns-son, Laufásvegi 46, Reykjavík, stofnandi félagsins, en með tilkynningu, sem Firmaskrá Reykjavíkur barst 16. janúar 1985, gekk hann úr félaginu,

og eftir það stóðu ákærðu einir fyrir félaginu. Var ákærði Ármann prókúruhafi. Í 1. gr. félagssamningsins segir, að stofnendur reki „í félagi fjármunastarfsemi í Reykjavík og öllu landinu undir firmanafninu Ávöxtun sf.“.

Komið hefur fram, að gerður hafi verið sérstakur númeraður samningur við hvern einstakling vegna hverrar færslu á svokallaða „ávöxtunarreikninga“ hjá félaginu, og hafi komið þar fram vaxtakjörin. Við endurgreiðslu fékk eigandi fjármunanna síðan sérstaka endurgreiðslukvittun. Fjármunum hvers viðskiptamanns var ekki haldið sérgreindum. Það fé, sem hér um ræðir, var að mjög miklu leyti notað til þess að kaupa ýmiss konar kröfur og til þess að standa straum af margs konar fjárfestingum, sem ákærðu lögðu út í sjálfir. Þeir keyptu í eigin nafni hlutabréf í ýmsum fyrirtækjum, þar sem þeir sjálfir voru skráðir hluthafar, þótt þessar fjárfestingar væru í mörgum tilvikum færðar í bókhaldi Ávöxtunar sf., eins og félagið sjálft ætti hlutaféð. Félagið keypti enn fremur umtalsverðan fjölda fasteigna, sem stjórnendur félagsins ætluðu að endurbæta og selja síðan aftur með hagnaði. Virðist hafa gætt lítillar fyrirhyggju í þeim viðskiptum og tap orðið á þeim. Hefur komið fram, að félagið hafi ekki leitað eftir neins konar ráðgjöf í slíkum viðskiptum, heldur hafi ákærðu tekið ákvarðanir um öll slík viðskipti sjálfir án utanaðkomandi aðstoðar.

Ávöxtun sf. varð gjaldþrota 14. október 1988 svo og þeir ákærðu Pétur og Ármann. Námu lýstar kröfur í Ávöxtun sf. kr. 292.403.014.

Ákærðu Pétur og Ármann stofnuðu í desember 1986 hlutafélagið Verðbréfasjóð Ávöxtunar. Ásamt þeim stóðu að félaginu Liselotte Gunnarsson og Olga Guðmundsdóttir, báðar á Látraströnd 56 á Seltjarnarnesi, og Reynir Ármannsson, Furugerði 19 í Reykjavík. Í stjórn voru kosnir Páll Sigurðsson prófessor, dr. jur., Hagamel 10 hér í borg, og ákærðu báðir. Hlutféð var 500.000 krónur. Tilgangur félagsins var í 3. gr. samþykktá þess sagður vera þessi:

„1. að auka almennt möguleika til betri ávöxtunar fjármuna með sem minnstri áhættu,

2. að fjárfesta í verðbréfum og öðrum eignum, sem stjórn félagsins telur heppilegar og auðseljanlegar,

3. að mynda sjóð þeirra verðmæta, er um ræðir í 2. tl., þannig að áhætta dreifist,

4. að nýta aðstöðu og þekkingu stjórnunaraðila og þess aðila, sem kann að fara með framkvæmdastjórn, við innkaup og umsýslu fjármuna félagsins.“

III.-V. kaflar samþykktanna eru svohljóðandi:

„III. *Skuldabréf félagsins.*

— — —

Á framhaldsstofnfundi, sem haldinn var 15. desember 1986, „var ákveðið að fela Ávöxtun sf., Laugavegi 97, Reykjavík, sem Pétur Björnsson og Ármann Reynisson veita forstöðu, framkvæmdastjórn fyrir hið nýstofnaða félag“.

Umsvif Verðbréfasjóðs urðu brátt mikil. Nam sala ávöxtunarbréfa á árinu 1987 177.691.000 króna að nafnverði og á árinu 1988 t. o. m. 7. september 34.510.000 krónum umfram innlausnir. Allt að einu komst sjóðurinn í þrot árið 1988, og var sérstakri skilanevnd samkvæmt XIV. kafla hlutafélagalaga nr. 32, 1978, falið að slíta félaginu.

Ákærðu Pétur og Ármann stofnuðu 18. janúar 1988 hlutafélagið Rekstrarsjóð Ávöxtunar ásamt Liselotte Gunnarsson, Olgu Guðmundsdóttur og Reyni Ármannssyni. Í stjórn með ákærðu var kjörinn Gísli Gíslason héraðsdómslögmaður, sem var formaður, en framkvæmdastjórnar voru ákærðu Pétur og Ármann. Hlutfé var 500.000 krónur.

Tilgangur félagsins var sagður hinn sami og Verðbréfasjóðs, og voru samþykktir þess hliðstæðar samþykktum Verðbréfasjóðs. Skuldabréf félagsins voru nefnd Rekstrarbréf, en starfsemi þess var, eftir því sem séð verður, algerlega hliðstæð starfsemi Verðbréfasjóðs.

Umsvif þessa félags urðu strax þó nokkur, þótt þau yrðu aldrei neitt í líkingu við umsvif Verðbréfasjóðs. Félagið komst einnig í þrot um sama leyti og Verðbréfasjóður og var fengið sömu skilanevnd til þess að slíta félaginu.

Í málinu er svofellt bréf skilanevndarinnar til þeirra, sem fé áttu hjá sjóðunum tveimur:

„Skilanevnd Rekstrarsjóðs Ávöxtunar hf. og Verðbréfasjóðs Ávöxtunar hf. hefur frá því í september 1988 unnið að því að slíta félögunum og breyta eignum þeirra í peninga, þannig að eignirnar geti komið til skipta milli eigenda ávöxtunar- og rekstrarbréfa, sem lýstu kröfum til skilanevndarinnar fyrir lok kröfulýsingarfrests.

Innheimta krafna sjóðanna hefur gengið erfiðlega og mun taka langan tíma af ýmsum ástæðum. Meiri hluti útstandandi krafna sjóðanna er í vanskilum og lögfræðilegri innheimtu. M. a. er í mörgum tilvikum um að ræða kröfur í þrotabú, þar sem óvíst er, hvenær skiptum lýkur. Skilanevndin hefur unnið að því að finna leiðir til þess að flýta útborgun til eigenda ávöxtunar- og rekstrarbréfanna. Hefur í því sambandi m. a. verið kannað, hvort selja megi eignir sjóðanna. Það virðist ekki fýsilegur kostur vegna þeirra miklu affalla, sem slíkt kostaði. Skilanevndin fór því þá leið að leggja mat á líklegt verðmæti eigna sjóðanna á núgildandi verðlagi. Varð niðurstaðan sú, að það væri u. þ. b. 125 m. kr. Í framhaldi af því óskaði skilanevndin eftir því, að sjóðunum yrði veitt lán gegn veði í öllum eignum þeirra. Hefur Landsbanki Íslands fallist á þessa beiðni fyrir milligöngu

Seðlabanka Íslands. Þannig hafa sjóðirnir sameiginlega fengið að láni 80 m. kr.

Málaferli standa yfir milli þrotabús Ávöxtunar sf. og Verðbréfasjóðs Ávöxtunar hf. Þar er deilt um það, hvort tilteknar eignir sjóðsins skuli teknar undir skipti í þrotabúi Ávöxtunar sf. Er það mat skilanevndar, að eignir sjóðsins rýrni um ca. 25 m. kr., ef kröfur þrotabúsins verða teknar til greina. Málið verður flutt í héraði í lok þessa mánaðar, en gera verður ráð fyrir þeim möguleika, að niðurstöðunni verði skotið til Hæstaréttar, og mun því sennilega líða töluverður tími enn, þar til niðurstaða fæst í málinu. Vegna þessara málaferla voru 25 m. kr. af eignum sjóðanna teknar undan veðsetningunni til Landsbankans.

Skilanevndin hefur tekið þá ákvörðun að greiða nú til eigenda rekstrar- og ávöxtunarbréfa samtals 100 m. kr. Skiptist fjárhæðin þannig, að 87.850.000 kr. greiðast til eigenda ávöxtunarbréfa, en 12.150.000 kr. til eigenda rekstrarbréfanna. Samkvæmt því fá eigendur ávöxtunarbréfa nú greidd 43,0% af nafnverði, en eigendur rekstrarbréfanna 40,6% af nafnverði.

Eins og fram kemur hér að framan, eru þessar greiðslur ekki lokauppgjör á verðbréfa- og rekstrarsjóðunum. Ólíklegt er, að mati skilanevndarinnar, að um verulegar greiðslur til viðbótar verði að ræða, nema hvað eigendur ávöxtunarbréfa geta vænst nokkurrar viðbótargreiðslu, ef niðurstaða dómsmálsins við þrotabúi Ávöxtunar sf. verður Verðbréfasjóði Ávöxtunar hf. í hag. Tekið skal fram, að endanlegs uppgjör sjóðanna er ekki að vænta á næstu mánuðum, og hugsanlega kunna að líða nokkur ár, þar til lokauppgjör getur farið fram.“

Dómur í máli þessu gekk í bæjarþingi Reykjavíkur 24. júlí sl., og var Verðbréfasjóður sýknaður af kröfum þrotabúsins. Málinu hefur verið áfrýjað.

Ákærði Reynir hlaut löggildingu endurskoðanda 1. apríl 1975. Hann varð endurskoðandi Ávöxtunar sf. við stofnun félagsins 1983 og Verðbréfasjóðs Ávöxtunar hf. og Rekstrarsjóðs Ávöxtunar hf., þegar þau félög voru stofnuð.

I. kafli.

Ákærðu Pétur og Ármann.

3. Ákærðu neita því, að þeir hafi lokkað fólk með blekkingum til viðskipta við fyrirtæki sín, Ávöxtun sf., Verðbréfasjóð Ávöxtunar hf. og Rekstrarsjóð Ávöxtunar hf., með auglýsingum í Morgunblaðinu árið 1987 til 1. september 1988. Í gögnum málsins er að finna fjölmargar auglýsingar

úr Morgunblaðinu frá þessu tímabili, sem ákærðu hafa viðurkennt að hafa staðið að. Auglýsir Ávöxtun sf. þar m. a. „Ávöxtunarbréf“ Verðbréfasjóðs Ávöxtunar hf. og frá og með 24. janúar 1988 einnig „Rekstrarbréf“. Er ávöxtun þessara bréfa þar sögð vera allt frá 14% til 19,68% umfram verðbólgu og gengi „Ávöxtunarbréfanna“ kynnt með fjórum aukastöfum. Koma þar fyrir fullyrðingar eins og, að bréfin bjóði áhyggjulausa og örugga „ávöxtun á óöruggum tímum“, að Ávöxtun sf. standi „í dag traustum fótum“, að bréfin séu góð fjárfesting.

Þegar til þess er litið, að Ávöxtun sf. hafði á þessum tíma bundið umtalsverðan hluta eigna sinna í lítt tryggðum kröfum, þar á meðal á hendur fyrirtækjum að hluta eða öllu leyti í eigu ákærðu Péturs og Ármanns, auk fasteigna og hlutabréfa, verður að telja fullyrðingar um, að Ávöxtun sf. stæði „traustum fótum“, hæpnar á þessum tíma. Á sama hátt hafði Verðbréfasjóður Ávöxtunar hf. á þessum tíma bundið verulegan hluta eigna sinna í lítt tryggðum eða ótryggðum kröfum, og má því telja hæpið að auglýsa „örugga ávöxtun á óöruggum tímum“. Þá höfðu ákærðu á þessum tíma, meðal annars vegna þess, að tölvubúnaði var áfátt, ekki tók á að reikna gengi ávöxtunarbréfa með nákvæmni, ef byggja átti það á raunverulegu verðmæti eigna Verðbréfasjóðs, eins og fyrir er mælt í samþykktum hans, og verður því að telja villandi að birta nákvæmar tölur um gengi bréfanna með þeim hætti, sem gert var.

Eins og ætluðum fjársvikum ákærðu er lýst í þessum lið ákærunnar, uppfyllir hún að því leyti ekki skilyrði 3. tl. 2. mgr. 115. gr. laga um meðferð opinberra mála. Skortir þar lýsingu á tileinkun fjár, sem er hugtaksatriði fjársvika, og alla nánari skilgreiningu á andlagi brotsins. Ber samkvæmt 3. mgr. 118. gr. sömu laga að sýkna ákærðu af ákæru fyrir fjársvik í þessum ákærulið.

Síðasti málslíður þessa ákæruliðar hljóðar svo: „Sama gildir um „ávöxtunarsamninga“ frá 16. september 1986, þar sem í mörgum tilvikum er lofað 12-15% ársvöxtum umfram verðtryggingu, en ákærðu gat ekki dulist, að við slík loforð gætu þeir ekki staðið.“ Þykir þetta vera svo ófullnægjandi skilgreining sakarefnis, sbr. 3. tl. 2. mgr. 115. gr. laga um meðferð opinberra mála, að sýkna beri ákærðu af þessu ákæruatriði.

Aftur á móti hafa ákærðu með auglýsingum sínum í Morgunblaðinu, sem telja verður, að hafi verið fallnar til þess að hvetja fólk til viðskipta við fyrirtæki ákærðu, orðið sekir um brot gegn 1. mgr. 27. gr., sbr. 1. mgr. 2. gr., sbr. 52. gr. laga um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti nr. 56, 1978.

4. Með 3. tl. I. kafla og í II. kafla ákærunnar er ákærðu gefin að sök mikil bókhaldsóreiða, með því að bókhald Ávöxtunar sf. hafi lengst af verið fært eftir á, þ. e. ekki reglulega frá mánuði til mánaðar, tölvubókhalds-

og verðbréfakerfi verið ófullnægjandi og skort hafi á afstemmingar. Er þetta talið varða við 262. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 25. gr. laga um bókhald nr. 51, 1968.

Ákærði Pétur hefur sagt, að hann vissi ekki til þess, að bókhald Ávöxtunar sf. hefði verið í óreiðu. Eitthvað hefði þó getað skort á afstemmingar. Hann kannast við, að tölvubókhalds- og verðbréfakerfið, sem átti að vera samhæft, hafi valdið erfiðleikum. Færslur hafi átt til að týnast og það kostað mikla fyrirhöfn að finna þær.

Ákærði Ármann hefur neitað því, að bókhaldsóreiða hafi verið hjá félaginu, og sagt, að hann hafi ekki vitað betur en bókhaldið hafi verið komið í eðlilegt og gott horf undir lokin. Ákærði kveðst annars aldrei hafa fengist við bókhaldsstörf, en meðákærði, sem hafi verið sérfræðingur á því sviði, hafi séð um það ásamt starfsfólki félagsins. Þar hafi starfað tveir bókarar.

Komið hefur fram hjá ákærða Reyni, að bókhald Ávöxtunar sf. og sjóðanna hafi aldrei komist í viðunandi horf. Það hafi lengst af verið fært eftir á og margt ófrágengið í því. Þá hafi skort á afstemmingar og að kröfur væru vaxtareiknaðar. Til dæmis hafi hann ekki fengið bókhaldsgögn ársins 1987 fyrr en 10. júní 1988, og hann minnir, að bókhald ársins 1988 hafi aðeins verið fært upp stutt fram á það ár. Kveður hann þó of mikið sagt, að mikil óreiða hafi verið á bókhaldi félagsins.

Sigurður Tómasson, löggiltur endurskoðandi, sem gert hefur skýrslu í málinu fyrir bústjóra þrotabúsins, hefur lýst því, að bókhald Ávöxtunar sf. hafi verið ónákvæmt og mikið hafi borið á millifærslum og leiðréttingafærslum. Hann kveðst þó ekki geta fullyrt, hvort mikil óreiða hafi verið á bókhaldinu, þar sem hann hafi ekki athugað bókhaldið með það í huga að meta það.

Tryggvi Tryggvason viðskiptafræðingur, sem vann á skrifstofu Ávöxtunar sf. frá 1. nóvember 1987, hefur skýrt frá því, að ákærði Pétur hafi haft yfirumsjón með bókhaldi félagsins. Hefur hann sagt, að ekki hafi verið mikil óreiða á bókhaldinu. Það hafi að vísu verið fært eitthvað eftir á, en hann telur, að það hafi í sjálfu sér verið í nokkuð góðu horfi.

Angantýr Sigurður Hólm vann við bókhald hjá Ávöxtun sf. frá áramótum 1984-5, þar til yfir lauk hjá félaginu. Kveður hann það vera rétt, sem komið hefur fram hjá ákærða Reyni, að bókhald hafi lengst af verið fært á eftir og mikið hafi vantað á, að unnið hafi verið reglulega við leiðréttingar og afstemmingar á því. Tölvukerfi hafi verið gallað og ótraust. Mikið hafi verið um ófrágengin mál á viðskiptamannareikningum og innheimta og eftirlit með vanskilum ekki í nægilega góðu horfi. Tölvukerfi hafi ekki ráðið við að halda utan um skuldabréf og kröfueign, svo að auðvelt væri að núvirðisreikna eignir. Undir lokin hafi þetta þó verið komið í lag.

Bjarni Þórhallsson starfaði við bókhald Ávöxtunar sf. frá því um haustið

1987 undir stjórn þeirra ákærða Péturs og Angantýs Sigurðar. Kveður hann tölvukerfi félagsins hafa verið meingallað, en um það er yfir lauk, hafi þeir verið búnir „að ná upp færslum“ í bókhaldinu.

Með hliðsjón af því, sem rakið hefur verið, og eftir að hafa athugað tölvuútskriftir úr bókhaldi félagsins, sem fylgja málinu, er það skoðun dómsins, að bókhald Ávöxtunar sf. hafi að vísu verið fært nokkuð eftir á, en ekki sé unnt að telja, að mikil óreiða hafi beinlínis verið á því. Ber því að sýkna ákærðu af þessu ákæruatriði.

II. kafli.

Ákærðu Pétur, Ármann og Reynir.

Skilja verður sakargiftir þessa kafla ákæru á þann veg, að þar séu ákærðu Pétur, Ármann og Reynir saksóttir fyrir að hafa staðið saman að því að rangfæra ársreikning Ávöxtunar sf. 1987 og gæta ekki lögboðinna og viðurkenndra aðferða við gerð hans, svo að ársreikningurinn varð með öllu marklaus, eins og rakið er hér á eftir.

A. Með því að ofmeta eftirtaldir eignir félagsins að verulegu eða öllu leyti:

— — —

Kr. 65.992.277

B. Með því að ofmeta tekjur félagsins sem hér segir:

— — —

Kr. 26.792.059

C. Með því að leyna skuldastöðu ákærðu Péturs og Ármanns og þeim tengdra og nákominna aðila við félagið.

Loks verður að skilja þennan kafla ákærunnar á þann veg, að þar sé ákærði Reynir auk þess saksóttur fyrir að hafa, þrátt fyrir fyrirvaralaus og fulla endurskoðandaáritun, hvorki tekið óháða afstöðu til né aflað sér sjálfstætt upplýsinga um tekju- og gjaldauppgjör félagsins og kröfueign þess.

Ákærðu neita þessum sakargiftum. Hefur ákærði Reynir, sem samdi reikninginn, auk þess sérstaklega neitað því, að áritun sín á ársreikninginn sé fyrirvaralaus, og kveður fyrirvara bæði felast í áritun á sjálfan ársreikninginn, dagsettan 1. júlí 1988, og í bréfi, sem þar sé vísað í og fylgt hafi ársreikningnum. Sjálf áritunin er svohljóðandi:

„Meðfylgjandi ársreikningur fyrir Ávöxtun sf. fyrir árið 1987, sem samanstendur af rekstrarreikningi ársins 1987, efnahagsreikningi hinn 31.12.1987 og fjármagnsstreymi ársins 1987 ásamt skýringum og sundurliðunum, er saminn á skrifstofu okkar eftir bókhaldi félagsins að aflokinni endurskoðun. Við endurskoðunina voru framkvæmdar þær kannanir á bókhaldi og bókhaldsgögnum, sem við töldum nauðsynlegar.

Í efnahagsreikningi er tilfærð eignarhlutdeild í öðrum félögum, 14.040.296 kr. Ekki liggur fyrir, hvert sé markaðsvirði þessara eignarhluta. Auk þess eru tilfærðar 53.343.917 kr., sem eru fjárfesting í fasteignum. Þessi fjárfesting er tilfærð á upphaflegu kaupverði að viðbættri hækkun skv. byggingarvísitölu.

Í bréfi okkar til eigenda félagsins í dag lýsum við framkvæmd endurskoðunarinnar og því, sem betur mætti fara. Þrátt fyrir þessa galla er það álit okkar, að ársreikningurinn sýni þá mynd af rekstri félagsins á árinu 1987 og stöðu þess í árslok 1987 miðað við venjulegar reikningsskilaaðferðir, að meta megi stöðu þess í árslok.“

Bréf það, sem hér er vitnað til, er svohljóðandi:

„Meðfylgjandi er ársreikningur Ávöxtunar sf. fyrir árið 1987, sem við höfum samið eftir bókhaldi félagsins að aflokinni endurskoðun.

Við endurskoðunina komu fram ýmsir ágallar á bókhaldi félagsins og tölvukerfi, sem eru þessir helstir:

Bókhald félagsins var lengst af á eftir, þ. e. var ekki fært reglulega frá mánuði til mánaðar.

Mikið vantar á, að unnið sé reglulega við afstemmingar og leiðréttingar á bókhaldinu.

Tölvukerfi er gallað og óöruggt. Færslur eiga til að tynast, það er seinvirkt og kallar á of mikla sérfræðiaðstoð utan skrifstofu félagsins.

Of mikið er um ófrágengin mál á viðskiptareikningum, og innheimta og eftirlit með vanskilum eru ekki í nægilega góðu horfi.

Tölvukerfi félagsins ræður ekki við að halda utan um skuldabréfa- og kröfueign á þann veg, að auðvelt sé að núvirðisreikna eignina, reikna upp vexti og hafa eftirlit með vanskilum. Kerfið er í raun þrískipt, þ. e. tölvukerfi, sem heldur utan um ávöxtunarreikninga, bókhaldskerfi og kerfi, þar sem hægt er að reikna út virði krafna. Þessi kerfi eru ekki samtengd. Þau verða því að stemmast af hvert í sínu lagi, en það kostar mikla vinnu eftir á.

Brýna nauðsyn ber til að laga þessi atriði, og að mínu áliti verður það ekki gert nema með breyttum vinnubrögðum og starfsskipulagningu á skrifstofu félagsins. Félagið selur út skrifstofuþjónustu, s. s. bókhaldsþjónustu, til annarra, en að mínu áliti er varla nægjanlegur starfskraftur á skrifstofu félagsins til að sinna slíku. Ég tel nauðsynlegt að fá nýtt tölvukerfi, þ. e. tölvu-, bókhalds- og verðbréfakerfi. Með kerfi, sem réði við bæði að kaupa og selja verðbréf, og nýju bókhaldskerfi væri hægt að einfalda alla vinnu við bókhaldið, auk þess sem rétt staða verðbréfa væri alltaf til staðar í lok hvers mánaðar.

Samkvæmt ársreikningi félagsins er halli á rekstri ársins 1987 4.078.340 kr., og eigið fé í árslok er neikvætt um 4.011.701 kr. Veruleg óvissa er um mat á stöðu félagsins, þegar eftirfarandi atriði eru höfð í huga:

Af skuldabréfaeign og kröfum, 70.125.863 kr., eru eigendur félagsins og félög tengd þeim skuldarar að u. þ. b. 11.250 þús. kr. Mikil vanskil eru á vixileign, og eru víxlar, að fjárhæð u. þ. b. 2.000.000 kr., í innheimtu hjá lögmonnum. Lítil hreyfing er á skuldabréfum, og er töluverður hluti þeirra í vanskilum.

Eignarhlutar í félögum eru tilfærðir á framreiknuðu verði nema hluti í Hirti Nielsen hf., sem sundurliðast þannig:

Hjörtur Nielsen hf.	700.696
Verðbréfasjóður Ávöxtunar hf.	687.000
Kjötmiðstöðin hf.	12.652.600
	<u>14.040.296</u>

Ekki liggur fyrir, hvert sé markaðsvirði þessara hluta og hvort yfirleitt sé hægt að selja þá.

Félagið á fasteignir, að bókfærðu verði 53.343.917 kr. Hér er um að ræða upphaflegt kaupverð að viðbættri hækkun skv. byggingarvísitölu og þeim kostnaði við endurbyggingu, sem fallinn var á 31.12. 1987. Ljóst er, að erfitt er að gera sér grein fyrir, hvert sé markaðsvirði þessara fasteigna, auk þess sem leggja verður töluvert fé í að gera þær að eftirsóttari markaðsvöru. Að mínu áliti er hér um mjög áhættusama starfsemi að ræða, sem gæti leitt til mikilla vandræða fyrir félagið, t. d., ef samdráttur yrði í þjóðfélaginu. Þá hefur reynsla sl. ára sýnt, að fjárfestingar í fasteignum hafa ekki skilað sama arði og fjárfestingar í verðbréfum, auk þess sem telja verður, að eðlilegast sé að hafa eins mikla samsvörun á milli ávöxtunar reikninga og fjárfestinga og kostur er.

Skuldir félagsins nema í árslok u. þ. b. 143.200 þús. krónum. Þar af eru skuldir við eigendur ávöxtunarreikninga 81.500 þús. krónur, ógreitt skv. kaupsamningum 30.000 þús. krónur og skuld við Verðbréfasjóð Ávöxtunar 16.800 þús. krónur. Þá skuldar félagið veðlán vegna fasteigna, 7.600 þús. krónur, og skuldabréfalán til Verðbréfasjóðs Ávöxtunar, 4.600 þús. krónur. Skuldir félagsins eru, eftir því sem við á, reiknaðar til verðlags 31.12. 1987. Að mínu áliti er mjög óheppilegt, að á félagi í þessari starfsemi hvíli svo mikið af skuldbindingum með föstum gjalddögum; slíkt getur leitt til vanskila og greiðsluferfiðleika.

Eins og áður hefur komið fram, var töluvert af ófrágengnum málum, og ekki hafði verið unnið nægilega í bókhaldinu, kröfur vaxtareiknaðar o. fl. Við gerð ársreikningsins vaxtareiknuðum við viðskiptareikninga, víxla í vanskilum og skuldabréfaeign. Við höfðum engin tæk á að sannreyna virði þessara krafna.

Ég tel með hliðsjón af framanrituðu og eins og fram kemur í áritun á reikningsskilum, að ársreikningurinn sýni ákveðna mynd af stöðu félagsins 31.12. 1987 og af rekstri þess á árinu 1987, þannig, að hægt sé að gera sér grein fyrir því, að staða þess er erfið og viðkvæm. Að mínu áliti er nauðsynlegt að losa fé með því að selja eignarhluti í félögum og fasteignir sem fyrst, svo að koma megi lausafjárstöðu félagsins í viðunandi horf.“

Með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur 14. október 1988 var bú Ávöxtunar sf. tekið til gjaldþrotaskipta. Ráðnir voru bústjórar að búinu, hæstaréttarlögmennirnir Hákon Árnason og Sigurmar K. Albertsson. Að beiðni bústjóranna tók Sigurður Tómasson, löggiltur endurskoðandi, að sér að endurskoða bókhald félagsins árið 1988. Við endurskoðunina kom fljótlega í ljós, að rekja þurfti einstaka eignaliði til ársins 1987 og hvernig mati þeirra væri hagað í ársreikningi 1987. Hinn 20. janúar 1989 skilaði Sigurður Tómasson skýrslu til skiptaráðandans í Reykjavík og bústjóra þrotabúsins um ársreikning Ávöxtunar sf. fyrir árið 1987.

Ársreikningur Ávöxtunar sf. 1987 sýnir rekstrartekjur samtals 11.234.512 kr. og rekstrargjöld 15.312.852 kr., og er því tap á árinu samtals 4.078.340 kr. Eignir eru taldar samtals 139.208.270 kr. og skuldir samtals 143.219.971 kr., og eru því skuldir umfram eignir 4.011.701 kr.

Samkvæmt skýrslunni og öðrum gögnum málsins sundurliðast eignir Ávöxtunar sf. í árslok 1987 þannig:

Eignir alls kr. 139.208.270

A. Hér á eftir verður farið lið fyrir lið yfir einstaka eignaliði, sem ákærðu eru saksóttir fyrir að ofmeta að verulegu eða öllu leyti í ársreikningi Ávöxtunar sf.

* Krafa á ákærða Ármann Reynisson 2.519.573 kr.:

Samkvæmt bókum er höfuðstóll kröfunnar 2.519.573 kr., og að auki hafa verið áætlaðir vextir á kröfuna 755.872 kr., en ekki er saksótt fyrir þá fjárhæð. Samkvæmt bókum Ávöxtunar sf. í september 1988 er höfuðstóll kröfunnar 3.194.925 kr. Ekki verður séð í gögnum málsins, að sjá hefði mátt fyrir, þegar ársreikningur Ávöxtunar sf. fyrir árið 1987 var saminn, að krafa þessi væri glötuð.

* Krafa á ákærða Pétur Björnsson 1.587.515 kr.:

Samkvæmt bókum samanstendur höfuðstóll kröfunnar af eftirtöldum bókhaldsreikningum:

Ávreikn. Búnaðarb. Ísl.	kr.	51
Hlr. 48 Iðnaðarb. Ísl.	—	209.614
Spsjbók 46400, SPRON	—	9.221
Biðr. Iðnb. Ísl. 45563	—	324.837
Hersir hf.	—	223.544
Cr. Fact. eign:		
Ísl. matvæli	—	878.955
Sv. Thoroddsson	—	53.314
Pétur Björnsson	—	1.466.359
		<hr/>
	kr.	3.165.895
Frá upphæðinni er dregin innstæða á reikningi Ísl. matvæla	—	1.578.380
		<hr/>
Nettó höfuðstóll kröfunnar	kr.	1.587.515
		<hr/> <hr/>

Að auki hafa verið ætlaðir vextir á kröfuna 476.255 kr., sem ekki er saksótt fyrir. Samkvæmt ofangreindum bókhaldsreikningum er höfuðstóll kröfunnar samkvæmt bókum í september 1988 5.639.662 kr. Ekki verður séð í gögnum málsins, að sjá hefði mátt fyrir, þegar ársreikningur Ávöxtunar sf. fyrir árið 1987 var saminn, að krafa þessi væri glötuð.

* Eignarhluti í Kjötmiðstöðinni hf. 12.652.600 kr.:

Þessi fjárhæð myndast með greiðslum fyrir 1.1. 1987, sem færðar hafa verið undir þessum lið í bókunum, samtals 7.007.425 kr. Í árslok 1987 er þessi fjárhæð endurmetin og hækkuð um 5.645.175 kr. Upplýst er í málinu, að ekki hafi verið gerðir ársreikningar fyrir Kjötmiðstöðina hf., eftir að hún var stofnuð 27. desember 1985, og því er ekki hægt að sjá, hvernig rekstur félagsins hefur gengið eða staða þess verið, þegar ársreikningur Ávöxtunar sf. fyrir árið 1987 var saminn. Þar sem ekki lá fyrir vitneskja um efnahag Kjötmiðstöðvarinnar hf., þegar endurmatið var framkvæmt, verður að telja, að hér sé um óraunhæfan lið að ræða og hann sé ofmetinn í ársreikningi Ávöxtunar sf. fyrir árið 1987. Endurmatið kveðst ákærði Reynir hafa byggt á upplýsingum um söluverð á tilteknum hluta hlutabréfa í félaginu, en hann hafi engar aðrar upplýsingar haft um fjárhagsstöðu Kjötmiðstöðvarinnar hf. Að þessu virtu verður að telja, að endurmatið hafi að engu leyti getað samrýmst góðum reikningsskilavenjum, sérstaklega ef litið er til þess, að endurmatshækkunin var að auki tekjufærð. Verður því að álíta þetta háttalag ákærða átöluvert. Ekki verður þó talið sannað, að sjá hefði mátt fyrir, að eignarhlutinn, 7.007.425 kr., væri tapaður, þegar ársreikningurinn var saminn.

* Krafa á Kjötmiðstöðina hf. 5.410.667 kr.:

Samkvæmt bókum er höfuðstóll kröfunnar..	kr. 4.233.472
Reiknaðir vextir og verðbætur eru.....	— 1.177.195
	<hr/>
Samtals er saksótt fyrir.....	kr. 5.410.667

Samkvæmt bókum Ávöxtunar sf. í september 1988 er þessi krafa ekki fyrir hendi. Þessi krafa mun hafa verið gerð upp með skuldabréfi 1.5. 1988, sem Verðbréfasjóður Ávöxtunar hf. eignaðist. Ekki verður séð í gögnum málsins, að sjá hefði mátt fyrir, þegar ársreikningur Ávöxtunar sf. fyrir árið 1987 var saminn, að krafa þessi væri glötuð.

* Krafa á Kjötmiðstöðina hf. 3.675.311 kr.:

Samkvæmt bókum er höfuðstóll kröfunnar 3.675.311 kr., og að auki hafa verið áætlaðir vextir á kröfuna, 1.102.563 kr., en ekki er saksótt fyrir þá fjárhæð. Samkvæmt bókum Ávöxtunar sf. í september 1988 er höfuðstóll kröfunnar 671.955 kr. Ekki verður séð í gögnum málsins, að sjá hefði mátt fyrir, þegar ársreikningur Ávöxtunar sf. fyrir árið 1987 var saminn, að krafan væri glötuð.

* Krafa á Hughönnun hf. 8.419.334 kr.:

Samkvæmt bókum Ávöxtunar sf. er krafan á Hughönnun sf.:

Höfuðstóll kröfunnar er	kr. 6.259.640
Reiknaðir vextir og verðbætur eru	— 2.159.694
	<hr/>
Samtals er saksótt fyrir	kr. 8.419.334

Samkvæmt bókum Ávöxtunar sf. í september 1988 er höfuðstóll kröfunnar 3.924.704 kr., þ. e. lækkar um 2.334.936 kr., en sú fjárhæð er færð á viðskiptareikning Verðbréfasjóðs Ávöxtunar hf. Sigurður Hjálmarsson, annar eigandi Hughönnunar sf., gaf út skuldabréf á árinu 1988, að nafnverði 4.203.626 kr., og er umrædd lækkun hluti skuldabréfsins. Komið hefur fram í málinu, að Elvar, meðeigandi Sigurðar í Hughönnun sf., hafi verið krafinn af þrotabúinu um hluta fjárhæðarinnar. Komið hefur fram í málinu, að höfuðstóll þessi varð til sem greiðsla á samningi við gerð hugbúnaðar fyrir Ávöxtun sf. Sú vinna, sem Hughönnun sf. var búin að inna af hendi fyrir Ávöxtun sf. upp í samninginn, hefur ekki verið dregin frá höfuðstól fjárhæðarinnar. Samkvæmt því verður að telja, að óeðlilegt hafi verið að reikna vexti á höfuðstól skuldarinnar, þar sem hér var um vinnusamning að ræða, og verður því að telja, að vaxtafjárhæðin, 2.159.694 kr., sé oftalin til eigna í ársreikningi 1987.

* Krafa á Hughönnun hf. 219.767 kr.:

Samkvæmt bókum er höfuðstóll kröfunnar 219.767 kr., og að auki hafa verið áætlaðir vextir á kröfuna, 65.930 kr., en ekki er saksótt fyrir þá upphæð. Samkvæmt bókum Ávöxtunar sf. í september 1988 er höfuðstóll kröfunnar 219.767 kr. Eins og áður hefur komið fram, er þessi skuld við Hughönnun sf., sem er sameignarfélag Sigurðar Hjálmarssonar og Elvars Steins Þorkelssonar. Ekki verður séð í gögnum málsins, að sjá hefði mátt fyrir, þegar ársreikningur Ávöxtunar sf. fyrir árið 1987 var saminn, að krafan væri glötuð.

* Krafa á B. Stefánsson hf. ofmetin, 2.511.647 kr.:

Samkvæmt bókum er höfuðstóll kröfunnar .	kr. 4.149.198
Reiknaðir vextir og verðbætur	— 4.924.434
	<hr/>
Samtals með vöxtum og verðbótum	kr. 9.073.632

Samkvæmt bókum Ávöxtunar sf. í september 1988 er þessi krafa ekki fyrir hendi. Í febrúar 1988 mun þessi skuld hafa verið gerð upp þannig, að gefið var út skuldabréf, að fjárhæð 9.219.824 kr., en yfirfært á Verðbréfasjóð Ávöxtunar hf. sem 6.561.985 kr. Telja verður, að krafa á B. Stefánsson hf. hafi verið ofreiknuð í ársreikningi 1987 um 2.511.647 kr.

* Krafa á Hjört Nielsen hf. 873.398 kr.:

Samkvæmt bókum er höfuðstóll kröfunnar til kominn þannig:

Hjörtur Nielsen hf., sjóður	kr. 658.158
Hjörtur Nielsen, skuldunautur	— 215.540
	<hr/>
	kr. 873.698

og að auki hafa verið áætlaðir vextir á kröfuna 262.019 kr., en saksótt er fyrir 873.398 kr.

Fyrir liggja í málinu ársreikningar fyrir Hjört Nielsen hf. árin 1986 og 1987. Ársreikningur fyrir árið 1987 er í tvennu lagi, annars vegar fyrir verslun og hins vegar Ragnarsbakarí (rekstur 6/12-31/12 1987). Reikningar þessir sýna skuldir umfram eignir í árslok 1987 1.040.812 kr. Félagið á engar fasteignir. Aðaleign félagsins er vörubirgðir, sem bókfærðar eru í árslok 1987 á 8.910.208 kr. Vörukaup á árinu 1987 eru tilgreind 3.960.926 kr. og á árinu 1986 3.189.933 kr. Samkvæmt þessu má ætla, að vörubirgðir í árslok 1986 og 1987 séu oftaldar að verulegu leyti. Ársreikningur fyrir Hjört Nielsen hf. 1987 er saminn af ákærða Reyni 24. júní 1988 og undirritaður af meðákærðu Ármanni og Péttri. Samkvæmt því hefði mátt sjá,

þegar ársreikningur Ávöxtunar sf. var gerður, að Hjörtur Nielsen hf. væri í reynd gjaldþrota.

* Krafa á Hjört Nielsen hf. 8.621.006 kr.:

Skv. bókum er höfuðstóll kröfunnar	
samtals	kr. 4.000.000
Reiknaðir hafa verið vextir á höfuðstól	— 4.621.006
	<hr/>
	kr. 8.621.006

Samkvæmt bókum Ávöxtunar sf. í september 1988 er höfuðstóll kröfunnar samtals 4.000.000 kr.

Eins og fram kemur í liðnum hér að framan um Hjört Nielsen hf., var félagið í reynd orðið gjaldþrota í árslok 1987, en það var tekið til gjaldþrotaskipta 14. október 1988. Við gerð ársreiknings Ávöxtunar sf. fyrir árið 1987 hefði mátt sjá, að ofangreind krafa á hendur Hirti Nielsen hf. væri glötuð.

* Áætlaðar vaxtatekjur 1.200.000 kr.:

Fram hefur komið í málinu, að hér sé um áætlaða fjárhæð að ræða, án þess að bent hafi verið á þá kröfu, sem vextirnir tilheyrðu. Verður að telja, að fjárhæðin sé oftalin til eigna í ársreikningi 1987.

* Krafa á Benson 356.624 kr.:

Samkvæmt bókum er höfuðstóll kröfunnar 356.624 kr., og að auki hafa verið áætlaðir vextir á kröfuna 106.987 kr., en ekki er saksótt fyrir þá upphæð. Samkvæmt bókum Ávöxtunar sf. í september 1988 var höfuðstóll skuldarinnar 356.624 kr. Benson mun hafa verið tekið til gjaldþrotaskipta í maí 1985. Má því ætla, að sjá hefði mátt fyrir, að fjárhæðin væri glötuð, þegar ársreikningur Ávöxtunar sf. fyrir 1987 var gerður.

* Kröfur á J. Stefánsson 996.698 kr.:

Samkvæmt bókum er höfuðstóll kröfunnar hluti af vanskilavíxlum, að fjárhæð 1.108.272 kr. Samkvæmt bókum Ávöxtunar sf. í september 1988 er höfuðstóll vanskilavíxla 1.108.272 kr. Upplýst er í málinu, að J. Stefánsson sé marggjaldþrota aðili. Má því ætla, að sjá hefði mátt fyrir, að upphæðin væri glötuð, þegar ársreikningur Ávöxtunar fyrir árið 1987 var saminn.

* Oftalin uppfærsla skuldabréfa 12.716.397 kr.:

Upplýst er í málinu, að reiknaðir voru vextir og verðbætur á tilfærða

skuldabréfaeign í árslok 1987, samtals 16.275.205 kr., og eignfært á sérstakan reikning, „Áfallnir vextir og verðbætur“. Í árslok 1986 voru færðar á þennan reikning áfallnar verðbætur og vextir, samtals 12.716.397 kr. Í árslok 1987 stendur þessi reikningur í 28.991.602 kr. Við gerð ársreiknings Ávöxtunar sf. fyrir árið 1987 láðist að færa þessa upphæð út á móti reiknuðum verðbótum og vöxtum 1987, þar sem upphæðin er innifalin í þeim útreikningi. Ákærði Reynir hefur borið fyrir sig, að hér hafi verið um vangá að ræða, og hafi hún stafað af því, að starfsmaður sinn hafi unnið vaxtauppreikninginn, og er það í sjálfu sér ekki vefengt. Hins vegar er á það að líta, að hin oftalda fjárhæð samsvarar um það bil 9% af öllum tilfærðum eignum Ávöxtunar sf. samkvæmt ársreikningnum, en það hefði ákærða Reyni ekki átt að geta dulist, hefði hann gætt eðlilegrar varkárni. Jafnframt verður að ætlast til þess, að starfsmenn löggiltra endurskoðenda á skrifstofum þeirra starfi á ábyrgð þeirra og undir þeirra eftirliti. Afsakanir ákærða verður því að telja léttvægar.

* Reiknaðir vextir v/skuldunauta 3.332.380 kr.:

Við gerð ársreiknings Ávöxtunar sf. fyrir árið 1987 hafa verið reiknaðir vextir af bókhaldsstöðu skuldunauta, eins og þeir stóðu í árslok 1987, þ. e. af 11.107.935 kr., og 30% meðalvextir notaðir. Tilfærðir vextir eru því 3.332.380 kr., og í skjölum málsins kemur fram, að þeir eru tilfærðir á eftirtalda skuldunauta:

Ármann Reynisson	kr.	755.872
Benson	—	106.987
Sjúkrasjóður Flugvfél. Ísl.	—	133.514
Hughönnun sf.	—	65.930
Kjötmiðstöðin	—	1.102.563
Lögmenn, Skipholt 50 B	—	429.240
Hjörtur Nielsen hf.	—	262.019
Pétur Björnsson	—	476.255
Samtals	kr.	<u>3.332.380</u>

Ekki verður séð í gögnum málsins, að sjá hefði mátt fyrir, þegar ársreikningur Ávöxtunar sf. fyrir árið 1987 var saminn, að kröfur á hendur nokkrum af ofangreindum aðilum væru glataðar, þ. e.:

Ármann Reynisson (vaxtaútreikningur	kr.	755.872)
Sjúkrasjóður Flugvfél. Ísl. (vaxtaútr.	—	133.514)
Hughönnun sf. (vaxtaútreikningur	—	65.930)
Kjötmiðstöðin (vaxtaútreikningur	—	1.102.563)

Pétur Björnsson (vaxtaútreikningur

— 476.255)

Vaxtareiknað samtals

kr. 2.534.134

Lækka verður ofangreinda fjárhæð í ákæru um 2.534.134 kr. Standa þá eftir 798.246 kr., sem telja má oftaldar sem eign.

* Áætlaðir ógreiddir vextir v/víxla, 899.460 kr.:

Samkvæmt bókum Ávöxtunar sf. í september 1988 virðast víxlar, sem til voru í árslok 1987, hafa greiðst að mestu upp á árinu 1988. Eftir standa vanskilavíxlar, 1.108.272 kr. (þar af á J. Stefánsson 996.698 kr.), og víxill á Þorfinn Egilsson, 39.614 kr. (lækkað úr 227.666 kr. frá því í árslok 1987). Af ofangreindum áætluðum ógreiddum vöxtum, 899.460 kr., eru áætlaðir vextir af vanskilavíxlum (sem voru 1.108.272 kr.) 443.309 kr. Má ætla þá upphæð offærða til eigna í ársreikningi Ávöxtunar sf. í árslok 1987.

Hér fer á eftir samanburður á A-lið sakargiftanna og þeim fjárhæðum, sem sannanlega hefði mátt sjá fyrir, að væru glataðar, þegar ársreikningur Ávöxtunar sf. var saminn.

	<i>Fjárhæðir ákæru:</i>	<i>Þær fjárhæðir, sem sannanlega mátti sjá fyrir:</i>
Krafa á Ármann Reynisson	kr. 2.519.573	
Krafa á Pétur Björnsson	— 1.587.515	
„Eignarhluti“ í Kjötmiðstöðinni hf.	— 12.652.600	kr. 5.645.175
Krafa á Kjötmiðstöðina hf.	— 5.410.667	
Krafa á Kjötmiðstöðina hf.	— 3.675.211	
Krafa á Hughönnun sf.	— 8.419.334	— 2.159.694
Krafa á Hughönnun sf.	— 219.767	
Kröfueign B. Stefánsson hf.	— 2.511.647	— 2.511.647
Krafa á Hjört Nielsen hf.	— 873.398	— 873.398
Krafa á Hjört Nielsen hf.	— 8.621.006	— 8.621.006
Áætlaðar vaxtatekjur	— 1.200.000	— 1.200.000
Krafa á Benson	— 356.624	— 356.624
Kröfur á J. Stefánsson	— 996.698	— 996.698
Oftalin uppfærsla skuldabréfa	— 12.716.397	— 12.716.397
Oftaldir áætlaðir vextir skuldunauta		
að langmestu leyti	— 3.332.380	— 798.246
Ofreiknaðir vextir víxla		
að langmestu leyti	— 899.460	— 443.309
Samtals	<u>kr. 65.992.277</u>	<u>kr. 36.322.194</u>

B. Hér á eftir verður farið lið fyrir lið yfir einstaka tekjuliði, sem ákærðu eru saksóttir fyrir að ofmeta í ársreikningi 1987:

* Oftalin tekjufærsla á ofangreindri uppfærslu á skuldabréfum, 12.716.397 kr.:

Eins og fram kemur í umfjöllun um þennan lið hér að framan, er þessi liður oftalinn til tekna og eigna. Tekjur félagsins eiga því að lækka um þessa fjárhæð. Jafnframt er vísað til þess, sem áður sagði um sama lið í umfjöllun um eignaliði.

* Ofreiknað endurmat á „eignarhluta“ í Kjötmiðstöðinni hf., 5.645.175: Í árslok 1987 er eignarhluti í Kjötmiðstöðinni hf. hækkaður um 5.645.175 kr. sem endurmat á þeim eignarhlut, sem áður var tilfærður, og á móti er fjárhæðin færð sem tekjur. Eins og komið hefur fram hér að framan, er upplýst í málinu, að ekki hafi verið gerðir ársreikningar fyrir Kjötmiðstöðina hf., frá því að það félag var stofnað 27. desember 1985, og því engir möguleikar á að vita um eiginfjárstöðu félagsins. Verður því að telja, að óraunhæft hafi verið að endurmeta eignarhlutann, eins og gert var. Enn fremur er hér vísað til fyrri umfjöllunar um þetta endurmat, að því er reikningsskilavenjur varðar.

Rekstrarreikningur Ávöxtunar sf. fyrir árið 1987 sýnir ekki sérstaklega tekjur vegna endurmats eigna, sem gerðar voru í bókhaldinu, heldur falla undir aðra liði rekstrarreiknings. Í bókhaldi Ávöxtunar sf. 1987 er tekjureikningur, sem nefndur er Reikn-hækkun hlutabr. í félögum, samtals 6.332.838 kr. Reikningurinn virðist byggjast á eftirfarandi færslum:

Matshækkun á eignarhluta í Kjötmiðstöðinni hf.	kr. 5.645.175
Matshækkun hluta í Verðbréfasj. Ávöxtunar hf.	— 187.000
Matshækkun fasteigna (Uppreikn. fasteigna)	— 342.200
Söluhagnaði	— 158.463
Samtals	<u>kr. 6.332.838</u>

Í rekstrarreikningi kemur sérstaklega fram söluhagnaður, 158.463 kr. Í fjármagnsstreymi ársins 1987, sem fylgir ársreikningi Ávöxtunar sf., kemur fram undir liðnum Ráðstöfun fjármagns, að keypt hlutabréf eru 5.832.175 kr. Hér er ekki um keypt hlutabréf að ræða, heldur endurmat eignarhluta í Kjötmiðstöðinni hf. og endurmat hlutabréfa í Verðbréfasjóði Ávöxtunar hf. Í fjármagnsstreyminu átti fjárhæð þessi því að koma til leiðréttingar á liðnum Veltufé frá rekstri.

* Oftalið endurmat á hlutabréfum í Verðbréfasjóði Ávöxtunar hf., 187.000 kr.:

Í ársreikningi Verðbréfasjóðs Ávöxtunar hf. fyrir árið 1987 kemur fram, að til gjalda í rekstrarreikningi eru færðar 187.000 kr. sem endurmat hlutfjár og á móti undir eigið fé sama upphæð. Ársreikningur Verðbréfasjóðs Ávöxtunar hf. er gerður 19. mars 1988. Í ársreikningi Ávöxtunar sf. fyrir árið 1987 er hlutfé í Verðbréfasjóði Ávöxtunar hf. hækkað um 187.000 kr. á móti tekjum. Hér er um óeðlilega færslu að ræða, en ósannað er, að hún sé beinlínis röng.

* Ofreiknaðir vextir og verðbætur á B. Stefánsson hf., 2.511.647 kr.:

Samkvæmt því, sem segir um þennan lið í kafla A hér að framan, var þessi fjárhæð ofmetin til eigna, og eiga því tekjur félagsins að lækka um sömu upphæð.

* Vextir svonefndra skuldunauta ofreiknaðir að langmestu leyti, 3.332.380 kr.:

Með vísan til umfjöllunar um þennan lið í kafla A hér að framan má telja, að ofreiknaðir vextir skuldunauta hafi eigi verið lægri en 798.246 kr.

* Ofreiknaðir vextir af víxlum að langmestu leyti, 899.460 kr.:

Með vísan til umfjöllunar um þennan lið í kafla A hér að framan má telja, að ofreiknaðir vextir af víxlum hafi eigi verið lægri en 443.309 kr.

* Ógjaldfært fyrir lögfræðipjónustu í september til desember 1987, 300.000 kr.

Samkvæmt bókhaldi Ávöxtunar sf. er innb. v/þóknunar til Lögsm. Skipholti 50 B 300.000 kr. Fjárhæðin er ranglega talin til eigna sem inneign hjá lögmonnum í árslok 1987.

* Áætlaðar vaxtatekjur, 1.200.000 kr.:

Eins og fram hefur komið í málinu, er hér um áætlaða fjárhæð að ræða, án þess að bent hafi verið á þá kröfu, sem vextirnir tilheyra. Verður að telja, að fjárhæðin sé oftalín til tekna.

Samanburður á B-lið sakargiftanna og þeim fjárhæðum, sem sannanlega hefði mátt sjá, að væru offærðar sem tekjur eða vantaldar til gjalda við gerð ársreiknings Ávöxtunar sf. 1987:

	Fjárhæðir ákæru:	Fjárhæðir, sem telja má sannaðar:
Oftalin tekjufærsla á ofangreindri uppfærslu skuldabréfs	kr. 12.716.397	kr. 12.716.397
Ofreiknað endurmat á „eignar- hluta“ í Kjötmiðstöðinni hf.	— 5.645.175	— 5.645.175
Oftalið endurmat á hlutabréfum í Verðbréfasjóði Ávöxtunar hf.	— 187.000	
Ofreiknaðir vextir og verðbætur á B. Stefánsson hf.	— 2.511.647	— 2.511.647
Vextir svonefndra skuldunauta ofreiknaðir að langmestu leyti	— 3.332.380	— 798.246
Ofreiknaðir vextir af víxlum að langmestu leyti	— 899.460	— 443.309
Ógjaldfært fyrir lögfræðipjónustu í sept. til des. 1987	— 300.000	— 300.000
Áætlaðar vaxtatekjur	— 1.200.000	— 1.200.000
	<hr/> Samtals kr. 26.792.059	<hr/> kr. 23.614.774

Eins og áður hefur komið fram, var rekstrartap Ávöxtunar sf. samkvæmt reikningum félagsins 1987 4.078.340 kr., en að viðbættum ofangreindum leiðréttingum í B-lið var raunverulegt tap 27.693.114 kr. Samkvæmt sömu ársreikningum Ávöxtunar sf. voru skuldir umfram eignir 4.011.701 kr., en að viðbættum ofangreindum leiðréttingum í A-lið voru raunverulegar skuldir umfram eignir ekki undir 40.333.895 kr. eða nær 30% af tilfærðum heildareignum í ársreikningi. Samkvæmt þessu gaf ársreikningur Ávöxtunar sf. fyrir árið 1987 lesendum reikningsins mjög ranga mynd af rekstri félagsins á árinu 1987 og stöðu félagsins í árslok 1987. Jafnframt verður að telja sannað, að ákærðu hefði átt að vera það ljóst, hefðu þeir viðhaft eðlilega aðgæslu.

C. Ekki kemur fram í ársreikningi Ávöxtunar sf. fyrir árið 1987, hver skuldastaða ákærðu Péturs og Ármanns og þeim tengdra og nákominna aðila var við félagið. Í bréfi ákærða Reynis kemur fram, að eigendur félagsins og félög tengd þeim skuldi u. þ. b. 11.250.000 kr. Samkvæmt bókum félagsins og fyrirliggjandi gögnum skulduðu eigendur og tengd félög, ásamt uppfærðum vöxtum og verðbótum, eftirtaldar fjárhæðir:

Árman Reynisson	kr. 3.275.445
Kjötmiðstöðin hf.	— 4.777.774
Kjötmiðstöðin hf., skuldabréf	— 5.410.667

Hjörtur Nielsen hf.	—	1.135.417
Hjörtur Nielsen hf., skuldabréf	—	8.621.006
Pétur Björnsson	—	2.063.770
	Samtals	<u>kr. 25.284.079</u>

sem er rúmlega tvöfalt hærrí fjárhæð en segir í bréfinu. Ef tekið væri tillit til bókfærðs verðs hlutabréfaeignar í Kjötmiðstöðinni hf. og Hjartar Nielsens hf., samtals að upphæð 13.353.296 kr., voru bókfærðar skuldir eigenda og tengdra félaga ásamt umræddri hlutabréfaeign samtals 38.637.375 kr. eða tæp 28% af tilfærðri heildareign í efnahagsreikningi Ávöxtunar sf. Komið hefur fram í málinu, að ákærði Reynir lét reikna út vexti og verðbætur á skuldabréf og kröfur, og segist hann hafa gert það í samráði við eigendur félagsins.

Niðurstaða.

Ekki verður hjá því komist að skoða bréf ákærða Reynis, sem áður var tilfært, sem hluta af áritun hans á ársreikninginn. Áritun hans felur í sér, þannig skilin, mjög verulega fyrirvara um eigna- og tekjuliði ársreikningsins. Þá er í árituninni vakin sérstök athygli á því, að ákærðu Pétur og Ármann og fyrirtæki þeirra séu stórlega skuldug Ávöxtun sf., enda þótt skuldirnar væru, eins og rakið er hér að framan, mun hærrí en þar segir. Verður að telja ósannað gegn neitun ákærðu, að þeir hafi af ásetningu og í blekkingarskyni rangfært ársreikning Ávöxtunar sf. 1987, og ber að sýkna þá alla af ákæru fyrir brot gegn 158. gr. almennra hegningarlaga.

Kemur þá til álita, hvort ákærðu hafi brotið gegn lögum um bókhald með sjálfri gerð ársreikningsins. Samkvæmt 25. gr. þeirra laga ber að refsast fyrir brot gegn þeim samkvæmt ákvæðum í almennum hegningarlögum. Í þeim lögum kemur hér aðeins til álita 262. gr. laganna, en þar er lögð refsing við því, ef bókhaldsskyldur maður lætur hjá líða að halda lögskyldar bækur eða gerist sekur um stórfellda óreglusemi í bókhaldinu. Hvorugt á hér við, og ber að sýkna ákærðu af ákæru fyrir sjálfstætt brot gegn bókhaldslögum samkvæmt II. kafla ákærunnar.

Upplýst er, að ákærði Reynir hafði sjálfur forgöngu um útlit og framsetningu ársreikningsins, að nokkru leyti í samráði við eigendur félagsins. Ljóst er, að ársreikningurinn gaf mjög villandi mynd af hag og afkomu félagsins og að ákærða Reyni hefði átt að vera það ljóst, hefði hann viðhaft eðlilega aðgát. Hefði honum því verið rétt, eins og á stóð, að lýsa því í áritun sinni á ársreikninginn, að hann teldi hann gefa villandi mynd af rekstri og efnahag, í stað þess að árita hann með fyrirvörum um einstök atriði. Þá er ársreikningurinn í áritun ákærða sagður hafa verið endur-

skoðaður. Verður að telja, að það sé ofsagt og að sú athugun ákærða, sem hann hefur lýst, fullnægi ekki þeim kröfum, sem gera verður til endurskoðunar. Varð hann með þessu brotlegur við 10. gr., sbr. 17. gr. laga um löggilta endurskoðendur og sbr. 4. gr. laga um bókhald. Áritun ákærða er, eins og áður segir, dagsett 1. júlí 1988. Rannsókn málsins hófst hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins þá um haustið að fyrirlagi ríkissaksóknara í bréfi 5. september, m. a. á ætluðum refsilagabrotum forráðamanna Ávöxtunar sf. Gáfu ákærðu allmargar skýrslur sem grunaðir, m. a. um ársreikning Ávöxtunar sf. Verður ekki séð, að rannsóknarlögreglustjóri eða löglærður fulltrúi hans hafi haft þá rannsókn með höndum. Ákærðu Pétur, Ármann og Reynir gáfu skýrslur um málefni Ávöxtunar sf. í skiptarétti Reykjavíkur í febrúar og mars 1989. Mál þetta var höfðað 6. mars 1991 og þingfest 30. apríl 1991. Brot gegn lögum um löggilta endurskoðendur varða samkvæmt 17. gr. þeirra sektum. Verður að telja, að rannsókn þessa sakarefnis hafi fallið niður um óákveðinn tíma og sé brotið því fyrnt samkvæmt 81. og 82. gr. almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 20, 1981, þegar málið var höfðað.

Lög um hlutafélög eru sérlög og taka samkvæmt hljóðan sinni aðeins til hlutafélaga, en um bókhald Ávöxtunar sf. var fjallað hér að framan í I. kafla, 4. tl.

III. kafli.

Ákærðu Pétur, Ármann og Reynir.

Skilja verður þennan kafla ákærunnar á þann veg, að þar séu ákærðu Pétur, Ármann og Reynir saksóttir saman fyrir að hafa ekki gætt lögboðinna og viðurkenndra aðferða við gerð ársreiknings Verðbréfasjóðs Ávöxtunar hf. 1987, sem ákærði Reynir áritaði 19. mars 1988, svo að þeim hafi ekki mátt dyljast, að reikningurinn varð við það villandi, eins og hér segir:

A. Með því að ofmeta stórlega tekjur og kröfueign félagsins sem hér segir (í þúsundum króna):

	Eignir pr. 31.12.1987:	Par af talið óinnheimtanlegt á verðlagi 31.12.1987:
Sjóður og bankainnstæða	131	
Vixileign	40.131	3.309
Kaupsamningur	26.512	812
Kreditkort	32.086	
Ýmsar kröfur	55.701	35.497
Skuldabréf	89.890	58.808

Innheimta hjá lögmönnum	8.625	2.122
Samtals	253.076	100.548

B. Með því að leynd skuldastöðu ákærðu Péturs og Ármanns og þeim tengdra og nákominna aðila við hlutafélagið.

Þá verður að skilja þennan kafla ákærunnar á þann veg, að ákærði Reynir sé þar auk þess saksóttur fyrir að hafa, þrátt fyrir fyrirvaralaus og fulla áritun sína sem löggiltur endurskoðandi á ársreikninginn, sem saminn var á skrifstofu hans, hvorki aflað sér sjálfstætt upplýsinga um né tekið ákveðna afstöðu til tekju- og gjaldauppgjörs félagsins og kröfueignar þess.

Ákærðu neita allir sakargiftunum í þessum kafla ákærunnar.

Ákærði Reynir, sem samdi ársreikninginn, áritaði hann 19. mars 1988 með svofelldum orðum:

„Ársreikning þennan fyrir Verðbréfasjóð Ávöxtunar hf. hef ég endurskoðað. Ársreikningurinn, sem er á 10 bls., hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning ársins 1987, efnahagsreikning hinn 31.12.1987 og skýringar.

Við endurskoðunina voru gerðar þær kannanir á bókhaldi og bókhaldsgögnum, sem þóttu nauðsynlegar.

Það er álit mitt, að ársreikningurinn sé gerður samkvæmt lögum og góðri reikningsskilavenju og hann sýni rétta mynd af rekstri Verðbréfasjóðs Ávöxtunar hf. á árinu 1987 og stöðu hans í árslok.“

Ársreikninginn sendi ákærði stjórn verðbréfasjóðsins með bréfi næsta dag. Var hann þá undirritaður af stjórn félagsins. Bréfið er svohljóðandi: „Meðfylgjandi er ársreikningur Verðbréfasjóðs Ávöxtunar hf. fyrir árið 1987, sem ég hef endurskoðað.

Við endurskoðunina voru framkvæmdar þær kannanir á bókhaldi og bókhaldsgögnum sjóðsins, sem ég taldi nauðsynlegar.

Á árinu 1987 hafa verið gerð fjögur milliuppgjör, þ. e. pr. 31.3., 30.6., 30.9. og 31.10.; ég hef með öllum milliuppgjörum sett fram ýmsar ábendingar um atriði, sem betur mættu fara. Eins og fram hefur komið í þessum bréfum, hefur bókhalds- og tölvukerfi sjóðsins verið áfátt. Bókhaldið var lengst af nokkuð á eftir í færslu, m. a. vegna fárra starfsmanna. Þetta leiddi það af sér, að aðeins uppgjorið 30.9. 1987 sýndi marktæka stöðu og var endurskoðað. Tölvukerfi verðbréfasjóðsins er ófullnægjandi. Það ræður einungis við fjárhagsbókhald og getur reiknað út virði krafna. Nauðsynlegt er, að tekin verði strax ákvörðun í tölvumálum verðbréfasjóðsins og fengið tölvukerfi, sem geti haldið utan um sjóðinn, reiknað upp virði heildareignar hans, hverjir séu skuldarar, ábyrgðarmenn, áætlað flæði innborgana o. fl.

Við þeim ábendingum, sem ég hef sett fram varðandi bókhaldið, hefur

verið brugðist, m. a. með aukningu á starfsfólki og bættri verkaskiptingu. Má segja, að nú sé bókhaldið komið í ágætt form og er fært frá degi til dags. Endurskoðun á bókhaldi félagsins hófst um mitt ár og var unnin þannig, að gerðar voru dreifikannanir á fylgiskjölum, könnuð var tilvist eigna, s. s. skuldabréfa, víxla og annarra verðmæta. Athugað var, hvort allir sætu ekki við sama borð varðandi vaxtakjör og aðra viðskiptaskilmála.

Ekki liggur fyrir nein ákveðin fjárfestingarstefna hjá verðbréfasjóðnum, en telja verður nauðsynlegt, að stjórn sjóðsins móti slíka stefnu fyrir ákveðið tímabil, þ. e., hvað á að fjárfesta í skuldabréfum, víxlum eða öðrum verðbréfum og á hvern hátt áhættudreifing eigi að vera. Nú liggja fyrir drög að frumvarpi til laga um starfsemi á fjármagnsmarkaði. Samkvæmt þeim drögum þarf að fara fram nokkur breyting á starfsemi Verðbréfasjóðs Ávöxtunar hf., ef þessi drög ná fram að ganga. Hér er einkum átt við viðskipti milli skyldra aðila. En eins og sést af ársreikningnum, eru tengd fyrirtæki stórir skuldarar í verðbréfasjóðnum.

Samkvæmt ársreikningi fyrir árið 1987 varð hagnaður af rekstri á árinu 1.161.168 kr., eftir að 3.581.040 kr. voru lagðar til hliðar til að mæta hugsanlegum vanhöldum; auk þess var hlutfé félagsins endurmetið um 187.000 kr. eða um sama stuðul og ávöxtunarbréfin. Eigið fé sjóðsins var 5.429.208 kr. í árslok.

Dreifing eigna sjóðsins var þannig:

Kröfur með sjálfskuldarábyrgð	81%
Kröfur með fasteignaveði	6%
Kröfur með bankaábyrgð	13%

Við uppgjör á sjóðnum og mat á eignum voru eignir sjóðsins núvirðis-reiknaðar með sömu aðferðum og beitt er við kaup inn í sjóðinn. Allir vextir og dráttarvextir svo og verðbætur voru reiknaðar til 31.12. 1987 með hliðsjón af gildandi reikningsskilavenjum. Þá var, eins og áður sagði, færð sérstök niðurfærsla á eignum sjóðsins eins og hér segir:

Ýmsar kröfur	5%
Vanskil í unnheimtu hjá lög- mönnum	5%
Víxileign	1%
Skuldabréf	1%

Samtals voru þetta 3.581.040 kr., sem þannig voru færðar, en þetta er gert í varúðarskyni, því að ekki er komin nein reynsla á, hvort um sé að ræða tapaðar kröfur. Hinn 31.12. 1987 var gengi ávöxtunarbréfa 1,374 samkvæmt auglýsingu sjóðsins. Þessi auglýsing getur staðist, eins og uppgjórið liggur fyrir, en samkvæmt því er gengi sjóðs 1,3833, þegar tekið hef-

ur verið tillit til niðurfærslu krafna, en 1,4045, ef ekki er tekið tillit til niðurfærslunnar.

Á árinu greiddi Verðbréfasjóðurinn Ávöxtun sf. 2.508.052 kr. fyrir umsjón og skrifstofuþjónustu. Þóknun þessi er reiknuð 0,2% af heildarnafnverði sjóðsins í lok hvers mánaðar. Nauðsynlegt er að fenginni reynslu þessa fyrsta árs að kanna, hvort þetta sé nægilegt miðað við þá vinnu, sem þessi rekstur krefst.“

Ársreikningur Verðbréfasjóðs Ávöxtunar hf. 1987 sýnir rekstrartekjur samtals 51.705.060 kr., rekstrargjöld samtals 46.775.852 kr., aukaafskriftir krafna 3.581.040 kr. og til endurmats hlutafjár 187.000 kr. Hagnaður til ráðstöfunar því 1.161.168 kr. Eignir eru taldar samtals 253.075.329 kr., skuldir samtals 247.646.121 kr. og aukaafskrift krafna 3.581.040 kr. Eignir umfram skuldir 1.848.168 kr., en í skýrslu stjórnar eru eignir umfram skuldir taldar 5.429.208 kr. Hér munar þeirri upphæð, sem varið er til aukaafskrifta krafna, 3.581.040 kr.

A. Hér á eftir verður farið lið fyrir lið yfir einstaka tekju- og eignaliði, sem ákærðu eru saksóttir fyrir að ofmeta stórlega í ársreikningi Verðbréfasjóðs Ávöxtunar hf.:

* Vixileign, 3.309.000 kr.:

Samkvæmt efnahagsreikningi 31.12. 1987 er vixileign talin 40.130.947 kr., og samkvæmt bókhaldi Verðbréfasjóðsins í september 1991 er vixileign talin 7.303.892 kr. Ekki verður séð í gögnum málsins, hverjir séu skuldarar að ofangreindri upphæð, 3.309.000 kr. Ekki verður sannað af gögnum málsins, að sjá hefði mátt fyrir, þegar ársreikningur Verðbréfasjóðs var saminn, að þessi upphæð væri oftalinn til eigna.

* Kaupsamningur, 812.000 kr.:

Samkvæmt efnahagsreikningi 31.12. 1987 eru kaupsamningar taldir vera 26.512.148 kr., og samkvæmt bókhaldi Verðbréfasjóðs í september 1991 er upphæðin 9.204.178 kr. Í ákærinni kemur ekki fram, hverjir séu skuldarar ofangreindrar upphæðar, 812.000 kr., en í gögnum málsins (Aðalbók Verðbréfasjóðs 30/4/90) má ætla, að átt sé við Kaups. Freyjug., Sigrún Guðm., 211.409 kr., og Kaups. Freyjug., Páll S. Vald., 600.500 kr. Ekki er unnt að ráða það af gögnum málsins, að sjá hefði mátt fyrir, þegar ársreikningurinn var saminn, að þessi upphæð væri oftalinn til eigna.

* Ýmsar kröfur, 35.497.000 kr.:

Samkvæmt efnahagsreikningi 31.12. 1987 eru ýmsar kröfur 55.700.739 kr., og samkvæmt bókhaldi Verðbréfasjóðs í september 1991 eru viðskipta-

kröfur samtals 56.270.302 kr. Samkvæmt sundurliðun með ársreikningi Verðbréfasjóðs 31.12. 1987 sundurliðast þessi liður þannig:

Ávöxtun sf.	kr. 17.024.159
Efnakaup	— 1.823.104
Endurs. ávís.	— 48.495
Flóin	— 579.968
Glermassinn	— 590.722
G. Thorsteinsson og Johnson hf.	— 1.794.398
Íslensk matvæli hf.	— 4.812.697
Hjörtur Nielsen hf.	— 206.501
J. S. Halld. v/Porsche	— 1.517.803
Kjötmiðstöðin	— 13.500.244
Markús-Aðall	— 2.665.830
Dögun hf.	— 1.188.476
Íslensk-hollenska	— 5.209.798
Ísleið hf.	— 2.676.076
Stangarholt hf.	— 613.058
Scana hf.	— 1.284.006
Sverrir Þóroddsson hf.	— 148.925
Vöruloftið	— 16.379
Samtals	<u>kr. 55.700.739</u>

Ekki verður séð í gögnum málsins, að sjá hefði mátt fyrir, þegar ársreikningur Verðbréfasjóðs var saminn, að öll fjárhæðin, 35.497.000 kr., væri töpuð, og það þótt fullnægjandi trygging lægi ekki fyrir. Hins vegar hefði við athugun mátt ætla samkvæmt gögnum málsins, að eftirfarandi kröfur væru að mestu eða öllu leyti glataðar:

* Hjörtur Nielsen hf., 206.501 kr.:

Ársreikningur fyrir Hjört Nielsen hf. fyrir árið 1987 er saminn af ákærða Reyni. Reikningurinn virðist gerður í júní 1988, löngu eftir að ársreikningur Verðbréfasjóðs er saminn, og varð því ekki séð þá, hver afkoma Hjartar Niensens hf. var á þeim tíma. Í gögnum málsins er ársreikningur fyrir Hjört Nielsen hf. fyrir árið 1986. Reikningurinn sýnir eigið fé í árslok 1986, 150.170 kr., og tap á því ári 184.755 kr. Af eignum félagsins eru 97,4% vörubirgðir, að fjárhæð 8.731.939 kr., en vörukaup á árinu námu aðeins 3.189.933 kr. og vörusala 6.486.056 kr. Má því ætla, að vörubirgðir hafi verið ofmetnar í ársreikningi og staða félagsins að því marki verri. Ákærðu Pétri, Ármanni og Reyni hefði því mátt vera ljóst, að félagið átti ekki fyrir skuldum.

* Vöruloftið, 16.379 kr.:

Fyrir liggur í málinu, að Vöruloftið hf. var tekið til gjaldþrotaskipta 1. sept. 1987. Samtals eru ofangreindar fjárhæðir 222.880 kr.

* Skuldabréf, 58.808.000 kr.:

Samkvæmt efnahagsreikningi 31.12. 1987 er skuldabréfaeign talin 89.889.512 kr., og samkvæmt bókhaldi Verðbréfasjóðs í september 1991 er skuldabréfaeign 141.626.886 kr. Í ársreikningi Verðbréfasjóðs fyrir árið 1987 er ekki að finna sundurliðun yfir skuldara skuldabréfa 31.12. 1987. Í skýrslu bankaeftirlits Seðlabanka Íslands er eftirfarandi yfirlit yfir skuldastöðu stærstu skuldara við Verðbréfasjóð í árslok 1987 og hvað af þeim skuldum taldist óinnheimtanlegt; er það byggt á mati skilaneftndar 30. apríl 1990 (í þúsundum króna):

	<i>Skuld pr. 31.12.1987:</i>	<i>Þar af talið óinnheimtanlegt af skilaneftnd skv. uppgjöri pr. 30.4.1990:</i>
Ávöxtun sf.	21.538	21.538
Dögun sf.	20.136	15.551
J. L. Byggingavörur sf.	6.674	3.847
Trésmiðjan Smiður hf.	3.476	2.824
Kjötmiðstöðin hf.	40.286	10.379
Hjörtur Nielsen hf.	14.584	2.573
Íslensk matvæli hf.	6.347	5.850
Markús-Aðall sf.	7.440	4.882
Halldór Kristinsson	5.432	5.432
Íslensk-hollenska hf.	6.719	2.315
Vöruloftið	3.668	3.282
Karakter hf.	2.437	1.887
	<hr/>	<hr/>
	138.737	80.360

Fjárhæðin, 80.360 þús. kr., sem hér er talin óinnheimtanleg, sundurliðast þannig með tilliti til trygginga:

Engin formleg trygging	27.628
Persónuábyrgð ákærðu Péturs og Ármanns	23.904
Persónuábyrgðir einstaklinga	13.332
Veð í Bjarnaborg	15.496
	<hr/>
Samtals	80.360

Hér er aðeins fjallað um skuldastöðu stærstu skuldara Verðbréfasjóðs. Af þessu má þó ráða, sem einnig hefur komið fram við meðferð málsins, að mikið hafi skort á, að nægar tryggingar væru fyrir hinum ýmsu kröfum sjóðsins. Ekki verður þó séð af gögnum málsins, að sjá hefði mátt fyrir, þegar ársreikningur Verðbréfasjóðs var saminn, að þessar kröfur væru tapaðar, að undanskildum kröfum á Hjört Nielsen hf., 2.573.000 kr., þó að frádregnum 206.501 kr., eða 2.366.499 kr., og kröfu á Vöruloftið, 3.282.000 kr., þó að frádregnum 16.379 kr., eða 3.265.621 kr. Samtals hefði því mátt ætla, að tapaðar kröfur næmu 5.632.120 kr.

* Innheimta hjá lögmonnum, 2.122.000 kr.:

Í ársreikningi Verðbréfasjóðs kemur fram, að kröfur eru til innheimtu hjá eftirtöldum lögfræðingum:

Ingólfi Friðjónssyni	kr. 1.608.086
Gísla Gíslasyni	— 4.118.219
Lögheimtunni	— 1.250.058
Þorfinni Egilssyni	— 1.434.558
Andra Backmann	— 214.453
Samtals	<u>kr. 8.625.374</u>

Ekki kemur nánar fram í gögnum málsins, hverjir séu skuldarar þessara fjárhæða, og því ekki hægt að leggja dóm á það, hvort sjá hafi mátt, að ofangreindar 2.122.000 kr. væru glataðar, þegar ársreikningur Verðbréfasjóðs fyrir árið 1987 var saminn.

B. Eins og áður segir, er liðurinn Ýmsar kröfur, 55.700.739 kr., sundurliðaður í ársreikningi félagsins, þar sem fram koma kröfur á tengda og nákomna aðila ákærðu, sem hér segir:

Ávöxtun sf.	kr. 17.024.159
Eign Ármanns og Reynis	
Íslensk matvæli hf.	— 4.812.697
Eignarhluti Péturs í félaginu 20%	
Hjörtur Nielsen hf.	— 206.501
Eign Ávöxtunar sf., Ármanns og Péturs	
Kjötmiðstöðin hf.	— 13.500.244
Eignarhluti Ávöxtunar sf., Ármanns og Péturs í félaginu 45%	
Ísleið hf.	— 2.676.076
Eignarhluti Péturs í félaginu 25%	
Samtals	<u>kr. 38.219.677</u>

eða 68,6% af liðnum Ýmsum kröfum.

Hins vegar liggur ekki fyrir í málinu, hverjir séu skuldarar skuldabréfaeignar, 89.889.512 kr., og því ekki unnt að fjalla um, hvort skuldum ákærðu og þeim nákominna og tengdra hafi verið leynt undir þeim lið.

Samkvæmt 2. mgr. 100. gr. laga nr. 32, 1978, um hlutafélag skal, ef hlutafélag hefur „lánað verðmæti til hluthafa, stjórnarmanna eða framkvæmdastjóra þess“, „samanlögð fjárhæð þessara krafna færð sem sérstakur liður í efnahagsreikningi“. Tilgangur þessa er að vekja athygli lesenda ársreiknings sérstaklega á slíkum lánum. Hefði, eins og á stóð, verið rétt að fara svo að.

Ákærði Reynir hefur kannast við, að hann hafi ekki metið sjálfstætt kröfueign Verðbréfasjóðs. Kveðst hann hafa látið nægja að kanna, hvort kröfurnar væru til, enda hafi þessi starfsemi verið nýleg og torvelt að meta einstakar kröfur. Hann hafi hins vegar fullvissað sig um, að þær væru á fullnægjandi skuldaskjölum. Lítil vanskil hafi verið á þessum kröfum, og sumar þeirra hafi ekki einu sinni verið fallnar í gjalddaga. Sumar kröfurnar hafi verið auk þess mjög nýlegar, svo að hann hafi ekki talið þörf á því að skoða sérstaklega hverja einstaka kröfu og hvernig staða hvers skuldara væri. Kveðst hann hafa rætt við meðákærðu um verðmæti krafanna og fengið skoðun þeirra á því.

Fyrir liggur, að nær allar eignir Verðbréfasjóðs voru kröfueignir, og á þessi lýsing á eignakönnun við endurskoðun því í reynd við um allar eignir sjóðsins, en þær nema samkvæmt ársreikningi 1987 samtals 253.075.329 kr.

Niðurstaða.

Eins og rakið var hér að framan, er liðurinn Ýmsar kröfur talinn hafa verið ofmetinn um 222.880 kr. og liðurinn Skuldabréf um 5.632.120 kr. eða 4,0% af tilfærðum heildarkröfu- og skuldabréfaeignum sjóðsins. Þá kemur fram, að í ársreikningnum eru tilgreindar kröfur, að fjárhæð 38.219.677 kr., á hendur ákærðu og þeim tengdum og skyldum aðilum eða 68,6% af liðnum Ýmsar kröfur í ársreikningnum. Að þessu athuguðu þykir ekki vera sannað gegn neitun ákærðu, að þeir hafi beinlínis vísitandi gert ársreikning Verðbréfasjóðs villandi, svo að vísað sé til herts ásetnings-skilyrðis 151. gr. laganna um hlutafélag. Ber því að sýkna ákærðu af ákær- unni að þessu leyti.

Með vísan til þess, sem segir í II. kafla hér að framan, ber að sýkna ákærðu af ákæru fyrir sjálfstætt brot gegn bókhaldslögum samkvæmt III. kafla ákærunnar.

Í bréfi ákærða Reynis hér að framan er að finna fyrirvara bæði um bókhald Verðbréfasjóðs og reikningsskilin. Að bréfi þessu er þó ekki vikið í áritun hans á ársreikninginn. Er ekki unnt að líta á það sem hluta af árituninni, sem telja verður, að sé fyrirvaralaus.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 67, 1976, um löggilta endurskoðendur er tilgangur þeirra að „tryggja, að til sé í landinu á hverjum tíma stétt manna, sem hefur þekkingu til að gefa hlutlaust og áreiðanlegt álit á reikningsskilum til notkunar í viðskiptum“. Lögin lýsa því síðan, hvernig gert er ráð fyrir að ná þessu takmarki. Löggiltum endurskoðendum ber að haga störfum sínum með tilliti til þessa, og skulu þeir enn fremur til áréttingar vinna heit að því að rækja endurskoðunarstarf sitt af kostgæfni og samviseksemi í hvívetna og halda lög og reglur, sem að starfinu og framkvæmd þess lúta. Þá segir svo enn fremur í 10. grein: „Áritun löggilts endurskoðanda þýðir, nema annað sé fram tekið með árituninni, að reikningsskilin og bókhaldið, sem þau eru byggð á, hafi verið endurskoðuð af honum og að reikningsskilin gefi, að hans mati, glögga mynd af hag og afkomu aðila“ Allt miðar þetta að því að tryggja sjálfstæða stöðu stéttar löggiltra endurskoðenda og um leið að tryggja, að yfirlýsingar þeirra geti verið fyllilega marktækar og áreiðanlegar. Í fyrirvaralausri áritun endurskoðanda á ársreikning hlutafélags felst því, að hann staðfestir að hafa hagað vinnubrögðum sínum með tilliti til þessa. Í 86. gr. laga um hlutafélög eru þessi sjónarmið áréttuð, en þar segir, að ársreikning skuli endurskoða í samræmi við góða endurskoðunarvenju, og er þar átt við þær starfsaðferðir, sem hæfir og samvisekusamir endurskoðendur viðhafa í störfum sínum.

Ákærði Reynir áritaði ársreikning Verðbréfasjóðs Ávöxtunar hf. fullri og fyrirvaralausri endurskoðunaráritun, en í henni felst yfirlýsing hans til lesenda ársreikningsins, þar á meðal eigenda ávöxtunarbréfa, að ekki leiki, að hans mati, teljandi vafi á því, að eignir sjóðsins standi undir því verðmæti, sem þær eru tilfærðar á. Sem áður segir, gerði ákærði enga sjálfstæða könnun á verðmæti eignanna, heldur tók aðeins trúanleg orð meðákærðu um það. Við hæfilega könnun af hans hálfu, má ætla, að í ljós hefði komið, hversu á skorti um eðlilegar tryggingar fyrir kröfueign sjóðsins. Þegar til þess er litið, að hér er um að ræða verðbréfasjóð, sem tók við fjármunum almennings til varðveislu og ávöxtunar, verður að gera ríkari kröfur til öryggis í eignavörslu og könnunar endurskoðanda á því sviði. Það er mat dómsins, að ákærði hefði ekki átt að árita ársreikning Verðbréfasjóðs Ávöxtunar hf. með fullri og fyrirvaralausri áritun, eins og hann gerði. Rétt hefði honum verið að gera skýran fyrirvara, þar sem fram kæmi, að ekki hefði verið gerð sjálfstæð könnun á verðmæti og innheimtanleika kröfueignar sjóðsins. Hefði hann talið, að slík könnun væri óframkvæmanleg, bar honum að lýsa slíkri takmörkun á endurskoðuninni með skýrum fyrirvara í áritun. Hefur ákærði þannig orðið sekur um brot gegn 10. gr., sbr. 8. gr. og 17. gr. laga um löggilta endurskoðendur og sbr. 86. gr. laga um hlutafélög.

Áritun ákærða er, eins og áður segir, dagsett 19. mars 1988. Rannsókn

hófst hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins þá um haustið, m. a. á ætluðum refsilagabrotum forráðamanna Verðbréfasjóðs í samræmi við bréf ríkis-saksóknara til rannsóknarlögreglunnar 5. september. Gáfu ákærðu all-margar skýrslur sem grunaðir, m. a. um ársreikning Verðbréfasjóðs. Verð-ur ekki séð, að rannsóknarlögreglustjóri eða löglærður fulltrúi hans hafi haft þá rannsókn með höndum. Mál þetta var höfðað með ákæru, dagsettri 6. mars 1991 og þingfestri 30. apríl 1991. Var brot ákærða því fyrnt, þegar ákæra var gefin út, samkvæmt 81. gr. almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 20, 1981, og ber að sýkna ákærða Reyni af ákærinni að þessu leyti.

IV. kafli.

A.

Ákærðu Pétur og Ármann.

1. Ákærðu Pétur og Ármann hafa ekki vefengt, að skuld Ávöxtunar sf. við Verðbréfasjóð Ávöxtunar hf. hafi í september 1988 numið 52.753.436,46 kr. á opnum viðskiptareikningi og engar tryggingar hafi verið settar við skuldinni. Ákærði Pétur hefur kannast við að hafa átt hlut að þessari ráðstöfun, og hafi fé þetta runnið til fjárfestinga hjá sameignar-félaginu. Hugsunin hafi verið sú með þessu verkefni að skila tryggjum kröf-um sem Verðbréfasjóður eignaðist, og „þetta myndi jafnast þannig út“. Sala á fasteignum hafi hins vegar dregist mjög saman og féð verið bundið í þeim. Stjórn sjóðsins hafi vitað um tilvist skuldarinnar og ekki talið athugasvert, að fjárhæðin færi fram úr því, sem til stóð.

Ákærði Ármann hefur gefið þá skýringu á skuld þessari, að hún sé lán upp í væntanleg viðskipti við Ávöxtun sf. Hann geti þó ekki nákvæmlega sundurliðað, til hvers féð rann, en það hafi að mestu leyti runnið til þess að standa undir fasteignaviðskiptum Ávöxtunar sf. Ákærði kveður þessa skuld hafa verið langt umfram það, sem stjórnin hefði samþykkt. Þá kveður ákærði þetta fé ekki hafa getað gefið þá ávöxtun, sem unnt hefði verið, ef það hefði verið notað á annan hátt.

Eins og áður segir, var Ávöxtun sf. falin framkvæmdastjórn Verðbréfa-sjóðs í ályktun stjórnarfundar 15. desember 1986. Ekki er að sjá af fundar-gerðum stjórnar félagsins, að lögskipti sameignarfélagsins og Verðbréfa-sjóðs hafi aftur borið á góma í stjórninni fyrr en 13. maí árið eftir. Var þá samþykkt að greiða Ávöxtun sf. 0,2% á mánuði af nafnverði ávöxtunar-bréfa að viðbættum verðbótum fyrir skrifstofukostnaði. Á stjórnarfund 29. september 1987 var ákveðið að „skerpa betur tengsl Verðbréfasjóðsins“ við Ávöxtun sf. í nánú samráði við endurskoðanda félagsins, ákærða Reyni. Á fundi stjórnarinnar 28. október þetta ár var rætt „um hlaupandi reikning milli Ávöxtunar sf. og Kjötmiðstöðvarinnar annars vegar gagnvart Verðbréfasjóði Ávöxtunar hf.“. Þá segir í fundargerð, að ákveðið hafi

verið „að veita Ávöxtun sf. heimild til 5% yfirdráttar af veltu hverju sinni“, enda væri féð notað í þágu Verðbréfasjóðs, og fullir vextir kæmu fyrir féð. Á stjórnarfundum 26. apríl 1988 voru samþykktar eftirfarandi tillögur stjórnarformannsins, Páls Sigurðssonar prófessors:

„Stjórnin samþykkir, að frá næsta virkum degi og þar til annað verður ákveðið, gildi eftirfarandi um samskipti sjóðsins og þeirra, sem annast rekstur hans, þ. e. eigenda Ávöxtunar sf.:

a. Ávöxtun sf. hefur yfirdráttarheimild gagnvart sjóðnum um fjárhæð, sem eigi nemi meiru en sem svarar 5% af heildarupphæð sjóðsins hverju sinni, enda sé þess vandlega gætt, að það fé, sem Ávöxtun sf. þannig skuldar sjóðnum, beri vexti, er séu sambærilegir við það, sem á við um skuldir við einstaka viðskiptamenn sjóðsins.

b. Ávöxtun sf. er heimilt að kaupa fasteignir með endursölu fyrir augum og selja síðan sjóðnum kröfur sínar á kaupendur eignanna, sem nemur ógreiddum eftirstöðvum kaupverðs ásamt vöxtum.

c. Óheimilt er, umfram það sem segir í liðum a og b, að stofna til skulda- viðskipta milli sjóðsins og fyrirtækja, sem eigendur Ávöxtunar sf. tengjast sem eigendur, hluthafar eða stjórnarmenn.“

Á stjórnarfundum 16. júní kom fram, að yfirdráttur Ávöxtunar sf. hjá Verðbréfasjóði var orðinn 72.613.687 kr. og stafaði af kaupum og viðgerðum húsnæðis, sem ætlað var til endursölu. Þá kom fram, að ríkt hefði mikil sölutregða á fasteignamarkaðinum, sem hefði meðal annars valdið þessum „uppsafnaða yfirdrætti“.

Á næsta stjórnarfundum 29. sama mánaðar var yfirdrátturinn ræddur áfram. Á fundi þessum sagði formaðurinn sig úr stjórninni með svofelldu bréfi:

„Hér með skal stjórn Verðbréfasjóðs Ávöxtunar hf. gefið til kynna, að ég segi mig úr stjórninni frá þessum degi að telja.

Svo sem samstjórnarmönnum mínum er kunnugt, byggist þessi ákvörðun mín á ágreiningi milli mín og annarra stjórnarmanna, þ. m. t. framkvæmdastjóra sjóðsins, um tiltekin og að mínu mati veigamikil atriði varðandi fjárfestingarstefnu Verðbréfasjóðsins. Ber þar einkum að nefna, að ég hef ekki getað fellt mig við þau miklu fjármunatengsl, sem verið hafa milli Verðbréfasjóðsins annars vegar og þeirra aðila hins vegar, sem annast rekstur sjóðsins eða fyrirtækja, sem þeir eiga verulegan hlut í. Í því sambandi nægir að benda á, að á stjórnarfundum, sem haldinn var 13. þ. m., kom fram, að skuld Ávöxtunar sf. við sjóðinn var um það bil 72 milljónir kr., sem er margföld sú upphæð, sem heimiluð er sem „yfirdráttur“ Ávöxtunar sf. gagnvart sjóðnum samkvæmt stjórnarsamþykktum þar um. Fyrir síðustu áramót var mótuð sú regla, að yfirdráttur þessi mætti vera allt að 5% af sjóðnum, eins og hann væri á hverjum tíma, og var þetta ítrekað

með stjórnarsamþykkt frá 27. apríl sl. Samkvæmt þessu mætti skuldin nú í allra hæsta lagi nema um 17 milljónum kr., en er orðin meira en fjórföld sú upphæð. Hafa ákvarðanir um þessa hækkun á síðustu mánuðum (um áramót var skuldin um 17 milljónir) ekki verið bornar undir stjórn sjóðsins, og get ég ekki staðið að þeirri ráðstöfun fjármuna sjóðsins. Hefur þessi skuldaþróun orðið þrátt fyrir eindregnar viðvaranir mínar og fyrirvara í sambandi við skuld að upphæð 25 milljónir kr., sem stofnað var til á síðasta hausti í nafni Kjötmiðstöðvarinnar hf., sem rekstraraðilar sjóðsins eiga stóran hlut í, en hér er um skyld málefni að ræða.

Þess er óskað, að frá þessum degi selji sjóðurinn eigi skuldabréf, sem beri mitt nafn meðal útgefenda.

Tilkynningu um afsögn mína úr stjórninni mun ég senda Hlutfélagskrá, viðskiptaráðuneyti og bankaeftirliti.“

Páll Sigurðsson hefur í skýrslum sínum hjá rannsóknarlögreglu og hér fyrir dómi borið á sama veg um yfirdráttarheimild Ávöxtunar sf. hjá Verðbréfasjóði.

Á aukaaðalfundi Verðbréfasjóðs 5. júlí þetta ár var Gísli Gíslason hdl. kosinn stjórnarformaður að samþykktum skilyrðum hans í sjö liðum. Eitt þeirra var, að Ávöxtun sf. yrði skuldlaus við Verðbréfasjóð um næstu áramót á eftir.

Á stjórnarfundum 18. júlí þetta ár var „ákveðið að ganga endanlega frá skuld Ávöxtunar sf. við Verðbréfasjóð Ávöxtunar hf.“

Að tilhlutan formannsins yfirtók Verðbréfasjóður fasteignir, sem sameignarfélagið hafði keypt, til lækkunar á skuld þess við sjóðinn. Þá kveðst hann hafa lokað fyrir allan frekari yfirdrátt.

Í tilvitnaðri samþykkt stjórnar Verðbréfasjóðs 26. apríl 1988 um yfirdráttarheimild Ávöxtunar sf. er tekið fram, að þess skuli vandlega gætt, að yfirdrátturinn njóti sömu vaxta og sjóðurinn að öðru leyti nýtur. Þetta verður að skilja svo, að nefnd 5% séu hámark yfirdráttarins að vöxtum meðtöldum. Hinn 7. september var heildarfjárhæð útstandandi ávöxtunarbrefa sjóðsins með verðbótum og vöxtum 374.849.114 kr. og 5% yfirdráttarheimild því 18.742.456 kr. Á sama tíma nam yfirdrátturinn samtals 52.753.437 kr., 34.010.981 kr. umfram heimildina, en að vöxtum undanskildum, 16.454.760 kr.

Af því, sem rakið hefur verið, er ljóst, að skuld Ávöxtunar, sameignarfélags ákærðu Péturs og Ármanns, við Verðbréfasjóð Ávöxtunar hf. var langt umfram þá heimild, sem stjórn Verðbréfasjóðs hafði samþykkt, og í andstöðu við tilgang félagsins, eins og hann kemur fram í 3. gr. samþykktu þess, og auk þess fallin til þess að valda þeim, sem fé áttu í Verðbréfasjóði, hættu á fjártjóni. Ákærðu voru báðir stjórnarmenn og framkvæmdastjórnar í Verðbréfasjóði Ávöxtunar hf. og bera jafna ábyrgð á

þessari ráðstöfun. Hafa þeir með því að draga sér framangreindar 16.454.760 kr. gerst brotlegir við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga.

2. Samkvæmt gögnum málsins keypti Verðbréfasjóður 30. júní 1988 kaupleigusamning Ávöxtunar sf. og hlutafélagsins Hughönnunar, sem ákærðu Pétur og Ármann hafa kannast við að hafa átt meiri hluta í. Kaupverð samnings þessa var 1.050.000 kr.

Ákærði Ármann kvaðst hjá rannsóknarlögreglu hafa vitað um þessa ráðstöfun, en fyrir dómi hefur hann sagt, að hann hafi ekki komið nálægt henni. Aftur á móti kemur fram hjá honum, að hann telji þetta ekki hafa verið óeðlileg viðskipti.

Ákærði Pétur hefur kannast við, að ekki hafi verið heimild til þessarar ráðstöfunar.

Eins og fram kom hér að framan, voru viðskipti af þessu tagi beinlínis óheimil samkvæmt stjórnarsamþykkt 26. apríl 1988. Hefur Páll Sigurðsson einnig borið hér fyrir dómi, að hann hafi aldrei vitað um þessi viðskipti. Þá verður að telja, að þau samrýmist ekki yfirlýstum tilgangi félagsins. Ákærðu, sem voru í senn stjórnarmenn og framkvæmdastjórar Verðbréfasjóðs, bera jafna ábyrgð á þessari ráðstöfun, sem telja verður misnotkun á stöðu þeirra. Hafa þeir með því orðið brotlegir við 249. gr. almennra hegningarlaga.

3. Ákærðu hafa kannast við að hafa í ágústmánuði 1987 selt Verðbréfasjóði Ávöxtunar hf. skuldabréf, að fjárhæð 5.500.000 kr., fyrir 4.902.196 kr. Var Ávöxtun sf. skuldari bréfsins, en ákærðu ábyrgðarmenn. Rann andvirði bréfsins, 4.818.946 kr., inn á tékkareikning sameignarfélagsins í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis. Kveðst Páll Sigurðsson stjórnarformaður ekki hafa haft vitneskju um bréf þetta. Ráðstöfun þessi, sem ákærðu bera báðir ábyrgð á, verður að telja, að hafi verið í andstöðu við markmið félagsins, og hafði hún aldrei verið borin upp í stjórn þess. Var hún jafnframt til þess fallin að valda þeim, sem fé áttu í Verðbréfasjóði, hættu á fjártjóni. Hafa ákærðu með þessu orðið brotlegir við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga.

B.

1. Ákærðu hafa kannast við að hafa látið umtalsvert fé renna frá Verðbréfasjóði Ávöxtunar hf. til hlutafélagsins Hjartar Niensens, sem rak Ragnarsbakari og ákærðu áttu að öllu leyti. Var fjárfleði þetta ásamt endurgreiðslum fært á viðskiptareikning. Ákærði Pétur kveður Verðbréfasjóð hafa keypt vixla og skuldabréf og aðallega kreditkortakröfur af Hirti Nielsen hf. Ákærði Ármann kveður það enn fremur hafa komið fyrir, að veitt væru peningalán til Hjartar Niensens hf. upp í væntanleg kröfukaup. Ekki voru neins konar tryggingar fyrir þessari skuld, en ákærðu áttu hluta-

félagið einir. Telja þeir ástæðuna fyrir skuld þessari vera þá, að ekki hafi fengist „fyrirgreiðslur“ í bönkum til þessara fyrirtækja.

Skuld Hjartar Niensens hf. á opnum viðskiptareikningi 21173 var 7. september 1988 6.106.475 kr. Þá hafa vextir, að fjárhæð 973.409 kr., verið færðir á skuldina, sem að þeim frádrögnum nemur 5.133.066 kr. Ekki verður séð, að skuldin sé til komin vegna annars en peningafyrirgreiðslu.

Fram hefur komið hjá Páli Sigurðssyni, að þessi viðskipti hafi verið með öllu heimildarlaus af hálfu stjórnar Verðbréfasjóðs. Voru þau frá og með 26. apríl 1988 beinlínis brot gegn samþykkt stjórnarinnar. Þá verður að telja, að þau hafi farið í bága við yfirlýst markmið félagsins, eins og það kemur fram í samþykktum þess, og til þess fallin að valda þeim, sem fé áttu í Verðbréfasjóði, hættu á fjártjóni. Hafa ákærðu með þessu orðið sekir um brot gegn 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga.

2. Ákærðu hafa viðurkennt að hafa í september 1987 látið Verðbréfasjóð kaupa tvö skuldabréf af Hirti Nielsen hf. Voru ákærðu sjálfir ábyrgðarmenn á bréfunum. Rann andvirði bréfanna, 2.244.888 kr., inn á tékkareikning Ávöxtunar sf. í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis. Ráðstöfun þessi, sem ákærðu bera báðir ábyrgð á, var ákærðu með öllu heimildarlaus af hálfu stjórnar Verðbréfasjóðs og í andstöðu við yfirlýstan tilgang félagsins. Þá var hún til þess fallin að valda þeim, sem fé áttu í sjóðnum, fjártjóni. Hafa ákærðu með þessu orðið sekir um brot gegn 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga.

3. Ákærðu létu í janúar 1988 Verðbréfasjóð Ávöxtunar hf. kaupa tvö skuldabréf af Trausta Einarssyni, Lágmóa 2 í Njarðvík, samtals á 1.281.842,30 kr. Kaup þessi voru hluti af kaupsamningi ákærðu og Trausta um húsnæði Ragnarsbakarís, fasteignina Iðavelli 8 í Keflavík, 14. janúar 1988 og voru út gefin 19. sama mánaðar af Hirti Nielsen hf. og með sjálf-skuldarábyrgð ákærðu. Ákærði Pétur hefur skýrt frá því, að gengið hafi verið út frá því, að Trausti seldi bréfin öðrum, en það hafi gengið erfiðlega, og hafi hann nauðað í þeim hjá Ávöxtun, að þeir keyptu bréfin, sem þeir hafi síðan selt Rekstrarsjóði Ávöxtunar hf. Ákærði Ármann hefur kannast við, að bréf þessi séu til komin vegna kaupanna á Iðavöllum 8. Hafi þeir látið Rekstrarsjóð kaupa bréfin. Ráðstöfun þessi var ákærðu með öllu heimildarlaus af hálfu stjórnar Verðbréfasjóðs og í andstöðu við yfirlýstan tilgang félagsins. Þá var hún til þess fallin að valda þeim, sem fé áttu í sjóðnum, hættu á fjártjóni. Hafa ákærðu með þessu orðið brotlegir við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga.

Eins og ákæru er háttað, kemur hér ekki til álita ráðstöfun skuldabréfanna til Rekstrarsjóðs.

4. Samkvæmt gögnum málsins runnu 500.000 krónur úr Rekstrarsjóði Ávöxtunar hf. 6. maí 1988 til fyrirtækis ákærðu, Ragnarsbakarís. Var

skuldin færð í viðskiptareikning, en var hvorki tryggð með neinum hætti né bundin neinum skilmálum. Ákærði Pétur kveðst ekki muna sérstaklega eftir þessu, en telur, að á móti skuldinni hafi átt að koma víxlar, en það farist fyrir, líklega af gleymsku. Ákærði Ármann kveðst hafa verið staddur á Ítalíu, þegar þetta var, og ekkert vitað um þessa ráðstöfun. Hefur þeirri staðhæfingu hans ekki verið hnekkt. Fyrir liggur, að þessi ráðstöfun hafði aldrei verið borin undir undir stjórn Rekstrarsjóðs, og hefur ákærði Pétur viðurkennt, að hún hafi verið heimildarlaus. Í 3. gr. samþykta Rekstrarsjóðs er tilgangur félagsins þessi:

„1. Að auka almennt möguleika til betri ávöxtunar fjármuna með sem minnstri áhættu.

2. Að fjárfesta í verðbréfum og fastafjármunum og taka þátt í atvinnulífínu á þann hátt, sem stjórn félagsins telur heppilegast á hverjum tíma.

3. Að mynda sjóð þeirra verðmæta, er um ræðir í 2. tl., þannig að áhætta dreifist.

4. Að nýta aðstöðu og þekkingu stjórnunaraðila og þess aðila, sem kann að fara með framkvæmdastjórn, við innkaup og umsýslu fjármuna félagsins.“

Verður að telja, að fjárráðstöfun þessi hafi verið andstæð þessum tilgangi og til þess fallin að valda þeim, sem fé áttu í Rekstrarsjóði, hættu á fjártjóni. Að öllu þessu athuguðu ber að sýkna Ármann af þessum ákæru-lið, en fella ábyrgð á ákærða Pétur og sakfella hann fyrir brot gegn 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga.

5. Upplýst er, að ákærðu létu 6. júlí 1988 Verðbréfasjóð Ávöxtunar hf. kaupa víxil af fyrirtæki sínu, Hirti Nielsen hf., fyrir 401.067 kr. Var víxillinn að fjárhæð 470.000 kr., samþykktur af Hirti Nielsen hf., út gefinn af ákærða Ármanni og ábektur af ákærða Pétri. Fyrir liggur, að ráðstöfun þessi var ákærðu algjörlega heimildarlaus af hálfu stjórnar Verðbréfasjóðs og auk þess beint brot gegn ályktun stjórnarinnar 26. apríl 1988. Verður að telja, að hún hafi verið andstæð tilgangi félagsins og fallin til þess að valda þeim, sem fé áttu í Verðbréfasjóði, hættu á fjártjóni. Hafa ákærðu með þessu orðið sekir um brot gegn 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga.

6. Fyrir liggur, að ákærðu létu 8. ágúst 1988 Verðbréfasjóð Ávöxtunar hf. kaupa af fyrirtæki sínu, Hirti Nielsen hf., víxil, að fjárhæð 310.000 krónur, samþykktan af Hirti Nielsen hf., út gefinn af ákærða Ármanni og ábektan af ákærða Pétri, fyrir 277.024 krónur. Ráðstöfun þessi, sem ákærðu báru báðir ábyrgð á, var þeim öldungis heimildarlaus af hálfu stjórnar Verðbréfasjóðs og brot gegn ályktun stjórnarinnar 26. apríl 1988. Verður auk þess að telja, að hún hafi verið andstæð tilgangi félagsins, eins og hann birtist í samþykktum þess. Þá var ráðstöfunin fallin til þess að

valda þeim, sem fé áttu í Verðbréfasjóði, hættu á fjártjóni. Hafa ákærðu með þessu orðið sekir við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga.

7. Fyrir liggur, að á árinu 1988 runnu verulegar fjárhæðir frá Verðbréfasjóði Ávöxtunar hf. til Ragnarsbakarís, fyrirtækis ákærðu. Var skuld þessi færð á viðskiptareikning nr. 21177 og var í september 7.929.697 kr. ásamt vöxtum, 531.790 kr. Skuld þessi án vaxta nam því 7.397.907 krónum.

Ákærðu hafa skýrt frá því, að Verðbréfasjóður hafi keypt allar kröfur af bakaríinu fyrir fram og greitt upp í þær mánaðarlega til þess m.a. að mæta launagreiðslum, en kröfurnar hafi ekki greiðst og skuld myndast á reikningnum. Engar tryggingar voru fyrir skuld þessari, en fyrir liggur, að hún er til komin fyrir beinar peningahreyfingar og töku skuldabréfa úr verðbréfaeign Verðbréfasjóðs. Í ákæru er að hluta til rakið, hvaða ráðstafanir leiddu til skuldar þessarar.

Ráðstafanir þessar voru ákærðu öldungis óheimilar af hálfu stjórnar Verðbréfasjóðs og frá og með 26. apríl 1988 brot gegn ályktun stjórnarinnar. Þá verður að telja, að þær hafi verið andstæðar markmiðum félagsins og til þess fallnar að valda þeim, sem fé áttu í Verðbréfasjóði, hættu á fjártjóni. Hafa ákærðu með þessu orðið brotlegir við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga.

C.

Ákærðu, sem áttu 45% hlutafjár og voru í stjórn Kjötmiðstöðvarinnar hf., hafa kannast við, að verulegar fjárhæðir hafi runnið frá Verðbréfasjóði Ávöxtunar hf. til Kjötmiðstöðvarinnar hf. Hefur komið fram hjá þeim, að þeir hafi í miklum mæli látið Verðbréfasjóð kaupa kröfur af Kjötmiðstöðinni hf. hafi saldó-listi um útistandandi kröfur Kjötmiðstöðvarinnar hf. legið fyrir hjá Verðbréfasjóði og kröfurnar verið keyptar eftir honum og sumpart greiddar fyrir fram, en skuldaskjölin verið áfram hjá Kjötmiðstöðinni til innheimtu. Aftur á móti hafi þetta æxlast þannig, að andvirði krafanna hafi ekki skilað sér til Verðbréfasjóðs og hafi þannig myndast skuld á viðskiptareikningi Kjötmiðstöðvarinnar hjá sjóðnum. Engar tryggingar hafi verið fyrir þessari skuld, og Kjötmiðstöðin hafi enga fasteign átt. Samkvæmt gögnum málsins nam skuld þessi á viðskiptareikningi nr. 3520 10.379.334 kr. í september 1988. Þá höfðu verið færðir á reikning þennan vextir og þóknun, að fjárhæð 5.551.105 kr., á árunum 1987 og 1988, og nam skuldin því 2.378.592 kr. án vaxta og þóknunar.

Fyrir liggur, að viðskipti þessi voru ákærðu öldungis óheimil af hálfu stjórnar Verðbréfasjóðs og frá og með 26. apríl 1988 brot gegn ályktun stjórnarinnar. Þá verður að telja, að þau hafi verið andstæð yfirlýstum markmiðum félagsins og til þess fallin að valda þeim, sem fé áttu í Verð-

bréfasjóði, hættu á fjártjóni. Hafa ákærðu með þessu orðið sekir um brot gegn 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga.

Auðgunarbrot ákærðu Péturs og Ármanns samkvæmt þessum kafla ákærunnar má þá draga saman með eftirfarandi hætti:

Liður A-1	Ávöxtun sf.	kr. 16.454.760
— A-2	Ávöxtun sf.	— 1.050.000
— A-3	Ávöxtun sf.	— 4.902.196
— B-1	Hjörtur Nielsen hf.	— 5.133.066
— B-2	Hjörtur Nielsen hf.	— 2.244.888
— B-3	Hjörtur Nielsen hf.	— 1.281.842
— B-4	Ragnarsbakarí	— 500.000
— B-5	Hjörtur Nielsen hf.	— 401.067
— B-6	Hjörtur Nielsen hf.	— 277.024
— B-7	Ragnarsbakarí	— 7.397.907
— C	Kjótmiðstöðin hf.	— 2.378.592
	Samtals	kr. 42.021.342

Miðað við almennar verðlagsbreytingar má áætla, að ofangreind heildar-fjárhæð samsvari u. þ. b. 60 milljónum króna á núverandi verðlagi.

V. kafli.

Ákærði Pétur.

A.

Ákærði Pétur hefur borið, að fyrirtækin Íslensk matvæli hf. og Hersir hf. hafi að nokkru leyti verið rekin sem ein heild, en ákærði átti hlut í og var stjórnarformaður beggja félaganna. Kveður hann Verðbréfasjóð Ávöxtunar hf. hafa keypt kröfur af fyrirtækjunum, sem sumpart hafi verið greiddar fyrir fram. Einhver vanskil hafi svo orðið, og þá hafi myndast skuld á opnum viðskiptareikningi félaganna hjá Verðbréfasjóði. Hann kannast við, að engar tryggingar hafi verið fyrir skuldinni, sem í september 1988 nam 9.736.887 krónum. Höfðu þá verið færðir vextir á skuldina, að fjárhæð 1.885.019 kr., og skuldin því án vaxta 7.851.868 kr.

Fyrir liggur, að ákærða voru þessi viðskipti, sem voru hreinar peninga-hreyfingar, algerlega óheimil af hálfu stjórnar Verðbréfasjóðs og frá og með 26. apríl 1988 brot gegn ályktun stjórnarinnar. Verður og að telja, að þau hafi verið í andstöðu við tilgang félagsins og til þess fallin að valda þeim, sem fé áttu í sjóðnum, hættu á fjártjóni. Hefur ákærði með þessu orðið sekur við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga.

2. Ákærði kannast við að hafa látið Verðbréfasjóð Ávöxtunar hf. kaupa skuldabréf af Íslenskum matvælum hf., að fjárhæð 1.200.000 kr., sem

ákærði hafði gefið út f. h. þess félags. Ekki verður annað séð en bréf þetta hafi átt að vera greiðsla upp í skuldina samkvæmt 1. tl. hér næst á undan og að hér sé ekki til að dreifa sjálfstæðu broti hans. Ber samkvæmt því að sýkna ákærða af þessum ákærulið.

B.

1. Ætla má, að ákærði hafi látið Verðbréfasjóð Ávöxtunar hf. kaupa viðskiptavíxla af fyrirtækinu Ísleið hf. einhvern tíma árs 1987, en ákærði átti þar fjórðung hlutafjár og sat auk þess í stjórn. Vanskil munu hafa orðið á víxlum þessum og því orðið til skuld á viðskiptareikningi Ísleiðar hf. hjá sjóðnum, sem í árslok 1987 nam 2.676.076 krónum. Meðal gagna málsins er ódagsett skuldabréf Ísleiðar hf., að fjárhæð 3.650.000 kr., sem keypt var 27. júní 1988 og átti að vera greiðsla fyrir vanskilavíxlana. Nam kaupverðið 3.386.345 kr. Auk ákærða eru þar á tveir sjálfskuldarábyrgðarmenn, annar þeirra stjórnarmaður í Ísleið hf. Engin fasteignatrygging fylgir. Víxlar þessir fylgja ekki málgögnum, og ekki er vitað, hverjir voru skuldarar þeirra. Ákærði man ekki eftir þessum viðskiptum. Þykir að því athuguðu ekki alveg óhætt að fullyrða, að viðskipti þessi hafi verið ákærða refsiverð, en ekki er unnt að líta á viðskiptin með bréfið sem sjálfstætt brot. Ber samkvæmt því að sýkna ákærða af þessum ákærulið.

2. Meðal gagna málsins er víxill, að fjárhæð 200.000 kr., samþykktur af Ísleið hf., sem Verðbréfasjóður Ávöxtunar hf. keypti 18. júlí 1988 af Ísleið hf. Ekki er að sjá, að nein trygging hafi verið fyrir víxlinum. Ákærði hefur ekki getað skýrt, hvaða viðskipti lágu hér að baki. Verður ekki betur séð af gögnum málsins en víxill þessi hafi gengið til greiðslu á skuld Ísleiðar við Verðbréfasjóð. Ber samkvæmt því að sýkna ákærða af þessum ákærulið.

C.

1. Ákærði hefur kannast við að hafa 30. september 1987 selt Verðbréfasjóði Ávöxtunar hf. 1.800.000 króna skuldabréf fyrir 1.645.847 kr., sem hann hafði gefið út í nafni Ísleiðar hf. og ábyrgst sjálfur. Segir hann bréf þetta vera svo til komið, að það hafi verið greiðsla sín á auknu hlutafé í Ísleið hf., sem Verðbréfasjóður myndi síðan kaupa. Kveðst hann hafa greitt af bréfinu til að byrja með.

Fyrir liggur, að ráðstöfun þessi var ákærða algerlega heimildarlaus af hálfu stjórnar Verðbréfasjóðs og í andstöðu við yfirlýstan tilgang sjóðsins. Var hún auk þess til þess fallin að valda þeim, sem fé áttu í sjóðnum, hættu á fjártjóni. Hefur ákærði með þessu orðið sekur um brot gegn 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga.

2. Fyrir liggur, að á tímabilinu janúar-maí 1988 runnu samtals 1.116.413

kr. úr Verðbréfasjóði Ávöxtunar hf. ýmist til ákærða sjálfs eða til verslunarinnar Karaktars, sem ákærði fól að eigin sögn skrifstofu Ávöxtunar sf. að reka. Fyrir skuld þessari var engin trygging, en að sögn ákærða stóð til, að á móti henni kæmu „kreditkort“. Þessar ráðstafanir, sem voru beinar peningahreyfingar og ákærði ber ábyrgð á, voru honum öldungis óheimilar af stjórn Verðbréfasjóðs og frá og með 26. apríl 1988 brot gegn ályktun stjórnarinnar. Verður að telja, að þær hafi verið í andstöðu við yfirlýstan tilgang félagsins og til þess fallnar að valda þeim, sem fé áttu í sjóðnum, hættu á fjártjóni. Hefur ákærði með þessu orðið sekur um brot gegn 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga.

Auðgunarbrot ákærða Péturs samkvæmt þessum kafla ákæru má þá draga saman með eftirfarandi hætti:

Liður A-1	Ísl. matvæli hf. og Hersir hf.	kr. 7.851.868
— C-1	Pétur Björnsson	— 1.645.847
— C-2	Pétur Björnsson	— 1.116.413
		<hr/>
		Kr. 10.614.128

Miðað við almennar verðlagsbreytingar má ætla, að ofangreind heildarfjárhæð samsvari u. þ. b. 15 milljónum króna á núverandi verðlagi.

VI. kafli.

Ákærðu Pétur og Ármann.

Hlutafélagið Hughönnun var stofnað 11. febrúar 1988. Formaður stjórnar var kjörinn ákærði Ármann, meðstjórnendur Sigurður Stefán Hjálmarsson og Tryggvi Tryggvason, en varamenn ákærði Pétur og Elvar Steinn Þorkelsson. Hlutfé var 4 milljónir króna, og átti Ávöxtun sf. 62% hlutfjárins, en Elvar Steinn afganginn.

Með samningi, dagsettu 10. október 1988, seldi Hughönnun hf. megnið af eignum fyrirtækisins Lögþingi hf. Kaupverðið var 1.200.000 krónur, þar af 300.000 krónur í reiðufé við undirritun samnings, en eftirstöðvar á fimm víxlum. Í samningnum er hið selda tilgreint svo:

„Allar þær innréttingar og lýsing, sem eru á staðnum og geta gengið til kaupanda, símkerti með 7 stk. símtækjum, ísskápur, eldhússborð með stólum, afgreiðsludiskur í þremur hlutum, stór hilluskápur, 2 stk. skrifborð, 2 stk. skrifborðsstólar með tauáklæði; afnotaréttur af alhliða verðbréfaflugbúnaði, sem Hughönnun framleiðir fyrir almennan markað og verður til afh. eigi síðar en 1. maí 1989.“

Ákærðu Pétur og Ármann hafa viðurkennt að hafa tekið undir sig alla greiðsluna og ráðstafað henni í eigin þarfir. Hafi þeir skipt með sér peningunum, en víxlarnir hafi farið í að greiða fasteignasölunni Húsafelli söluláun vegna annarra viðskipta.

Samkvæmt vottorði borgarfégetaembættisins í Reykjavík var Hughönnun hf. tekin til gjaldþrotaskipta 1. desember 1988.

Komið hefur fram við rekstur máls þessa fyrir dóminum, að fyrirtækinu Hughönnun sf., sameignarfélagi Elvars Steins Þorkelssonar og Sigurðar Stefáns Hjálmarssonar, hafi verið breytt í hlutafélag með þátttöku þeirra ákærðu Péturs og Ármanns. Hafi þetta verið gert vegna skuldar Hughönnunar sf. við Ávöxtun sf. Þegar munirnir voru seldir, er talið, að Sigurður Stefán hafi verið búinn að selja ákærðu hlut sinn. Um þetta eru þó engin óyggjandi gögn í málinu. Ekki eru heldur nein gögn um slit Hughönnunar sf., um skyldur samnefnds hlutafélags við Ávöxtun sf. eða hver hafi verið raunverulegur eigandi hinna seldu muna. Þá hefur komið fram hjá Elvari Steini, að þeir Sigurður Stefán hafi verið krafðir um skuld Hughönnunar sf. við Ávöxtun sf. Verður að álíta, að svo mjög vanti á sönnunarfærslu ákæruvalds um þetta sakarefni, að sýkna beri ákærðu af þessum kafla ákæru.

VII. kafli.

Ákærðu Pétur og Ármann.

Ákærðu stofnuðu 11. apríl 1988 hlutafélagið Brauðgerð Suðurnesja ásamt Olgu Guðmundsdóttur og Reyni Ármannssyni. Í stjórn voru kosnir ákærðu og Tryggvi Tryggvason. Í tilkynningu til Hlutafélagaskrár, sem barst næsta dag og stjórnarmenn undirrituðu allir, segir, að hlutaféð, 11.000.000 krónur, sé greitt. Ákærðu hafa aftur á móti gengist við því, að ekkert af hlutafénu hafi greiðst, og er því sannað, að tilkynning þeirra til Hlutafélagaskrár hafi verið visvitandi röng. Hafa ákærðu með þessu orðið brotlegir við 151. gr., sbr. 146. gr. laga um hlutafélög nr. 32, 1978, sbr. lög nr. 69, 1989.

VIII. kafli.

Ákærðu Pétur, Ármann og Hrafn.

Samkvæmt tilkynningu ákærðu til Hlutafélagaskrár 24. september 1987 voru ákærðu þá allir kosnir í stjórn Kjötmiðstöðvarinnar hf. Var Ármann formaður stjórnar. Við sama tækifæri var ákveðið að auka hlutafé félagsins úr 80.000 í 8.000.000 króna. Samkvæmt vottorði Hlutafélagaskrár var ákærði Hrafn framkvæmdastjóri félagsins. Ein af deildum félagsins var fyrirtækið Veitingamaðurinn. Með kaupsamningi 29. mars 1988 seldu ákærðu hjónunum Ástu Tómasdóttur og Stefáni Jóhannssyni það fyrirtæki

fyrir 25.500.000 krónur. Meðal þess, sem selt var, voru öll áhöld og innan-stokksmunir á sérstökum lista, þ. á m. hitaskápur, tveir gufusuðupottar, RG-6, gufusjóðari, rekkar og grindur og tveir djúpsteikingarpottar. Höfðu djúpsteikingarpottarnir verið fengnir á kaupleigu hjá kaupleigufyrirtækinu Lind hf. með samningi 6. maí 1987. Í þeim samningi segir, að leigumunir séu að öllu eign leigusala og leigutaka óheimilt að selja, lána, leigja, veðsetja eða leyfa aðför að þeim. Verðmæti þessara potta var samtals 443.790 krónur. Hinir munirnir höfðu verið fengnir með kaupleigu hjá kaupleigufyrirtækinu Glitni hf. með samningum, dagsettum 11. febrúar 1987 (grænmetiskvörn), 30. mars 1987 (gufusuðupottar), 6. maí 1987 (gufusjóðari, rekkar og grindur) og 2. júlí 1987 (hitaskápur). Í samningum þessum segir, að leigutaki megi ekki framselja hið leigða til annarra eða veita öðrum afnot af því eða afhenda það með öðrum hætti án samþykkis Glitnis hf. Verðmæti þessara hluta var samtals 2.178.966 krónur. Bar ákærði Hrafn persónulega ábyrgð á efndum þessara samninga. Eftirstöðvar kaupleigusamninganna voru um ein milljón króna, þegar kaupin fóru fram. Fyrir liggur, að Kjötmiðstöðin greiddi af samningunum eftir söluna á Veitingamanninum fram á haust 1988.

Stefán Jóhannsson hefur skýrt frá því, að þegar gengið hafi verið frá samningum, hafi verið spurt, hvort eitthvað hvíldi á tækjunum, og hafi einhver, líklega ákærði Hrafn, svarað því, að svo væri ekki. Hann kveðst ekki hafa séð, að tækin væru merkt kaupleigufyrirtæki.

Ásta Tómasdóttir kveður ákærða Hrafn hafa verið spurðan að því við undirritun samningsins, hvort nokkuð hvíldi á tækjunum, og hafi hann svarað, að svo væri ekki. Meðákærðu hafi verið viðstaddir auk Gísla Gíslasonar lögmanns og Þorláks Einarssonar fasteignasala. Enginn þeirra hafi gert athugasemd við svar Hrafns.

Ákærði Ármann hefur skýrt frá því, að stjórn Kjötmiðstöðvarinnar hf. hafi ákveðið að selja Veitingamanninn, en Hrafn Bachmann hafi séð um að gera það. Kveðst ákærði ekki hafa haft önnur afskipti af sölunni en skrifa undir samninginn, sem Hrafn og lögmaður þeirra hafi útbúið. Viðstaddir undirritun hafi verið meðákærðu og Þorlákur Einarsson. Ekki kveðst ákærði minnst þess, að rætt hafi verið um kvaðir á tækjunum. Ákærði kveðst hafa vitað, að Hrafn hefði keypt eitthvað af tækjum, m. a. á kaupleigu, en ekki vitað, hvaða tæki það væru. Hann hafi ekki vitað neitt um þessi tæki, sem þarna voru seld, eða kvaðir á þeim. Hafi hann treyst því, að rétt væri frá öllu gengið, enda hafi salan farið fram fyrir milligöngu lögmanns og fasteignasala. Hafi hann ekki kynnt sér áhaldalistann, sem fylgdi tækjunum.

Ákærði Hrafn gaf svohljóðandi skýrslu hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins um málið:

— — —

Hér fyrir dómi hefur ákærði Hrafn sagt, að sér hafi verið kunnugt um, að munirnir væru eign kaupleigufyrirtækjanna og hann hafi sagt Stefáni nákvæmlega frá þessu. Ákærði neitar því, að þau Þorlákur Einarsson fasteignasali og hjónin Ásta Tómasdóttir og Stefán Jóhannsson hafi spurt sig um kvaðir á mununum og hann svarað neitandi. Ákærði kveður kaupendur hafa fengið í hendur nokkur vikuleg uppgjör Veitingamannsins, áður en þau keyptu fyrirtækið, og hafi þar komið greinilega fram kaupleigufborgarnir af mununum. Þá kveður ákærði munina hafa verið merktu kaupleigufyrirtækjunum með álimdum merkiplötum.

Ákærði Pétur hefur skýrt frá því, að stjórn Kjötmiðstöðvarinnar hf. hafi ákveðið að selja Veitingamanninn. Hafi ákærði Hrafn annast söluna og samið við kaupendur um verð og greiðsluskilmála. Kveðst hann ekki hafa vitað um kaupleigukvöðina. Þeir eigendurnir hafi svo komið saman til þess að rita undir samninginn. Ákærði kveðst ekki hafa heyrt orðaskipti við kaupendur um það, hvort eitthvað hvíldi á tækjunum. Kveðst hann ekki hafa verið á þessum fundi allan tímann, heldur aðeins komið inn til þess að undirrita samninginn. Ákærði segir Hrafn Bachmann hafa keypt inn tæki á kaupleigu fyrir Kjötmiðstöðina hf., en kveðst ekki vita, hvaða tæki það hafi verið né hvar þau voru notuð. Félagið hafi verið með rekstur á fjórum stöðum og tæki félagsins getað verið á hverjum þessara staða, sem var.

Þorlákur Einarsson fasteignasali telur ekki ótrúlegt, að einhver fundur hafi verið með kaupendum og seljendum Veitingamannsins um söluna, áður en gengið var frá samningunum. Hann minnst þess hins vegar ekki að hafa verið viðstaddur fund, þar sem rætt hafi verið um kaupleiguna. Telur hann, að engin undirmál hafi farið á milli kaupenda og seljenda um kvaðir á sölumuninum. Álitur hann, að allt, sem samið hafi verið um, komi fram í samningnum. Ber nokkuð á milli vitnisins og kaupendanna um önnur atriði. Vitnið minnst þess ekki að hafa séð nein merki á hlutunum, og kveðst hann þó oft hafa komið í Veitingamanninn, bæði í fylgd ákærða Hrafns og síðar.

Gísli Gíslason héraðsdómslögmaður, sem var ákærða til ráðuneytis um söluna, hefur skýrt frá því, að hann hafi ekki haft önnur afskipti af þessu máli en votta undirritun samningsins. Hann kveðst hafa lesið yfir samninginn, sem legið hafi fyrir vélritaður, en staðið stutt við. Hann hafi ekkert heyrt talað um kvaðir á tækjunum, sem seld voru, enda hafi hann lítið fylgst með orðaskiptum annarra, og eins hafi samningsaðilar getað rætt saman, áður en hann hafi komið á fundinn. Lögmaðurinn, sem vann lítilllega fyrir Kjötmiðstöðina, kveður ákærða Hrafn hafa séð um allan daglegan rekstur Veitingamannsins.

Halldór Hjalti Kristinsson, hluthafi í Kjötmiðstöðinni hf., var viðstaddur

fundinn, þegar skrifað var undir samninginn, og ritaði einnig undir hann. Ekki kveðst hann hafa heyrt orðaskipti um kvaðir á tækjunum. Hefur hann sagt, að ákærði Hrafn hafi verið „allt í öllu“ í Veitingamanninum og allur daglegur rekstur verið undir stjórn hans.

Meðal gagna málsins er ljósrít af hluta af bls. 404 í símaskrá 1988, en þar kemur fram, að framkvæmdastjóri Veitingamannsins er ákærði Hrafn.

Niðurstaða.

Ákærðu Pétur og Ármann voru báðir stjórnarmenn í Kjötmiðstöðinni. Eru að vísu nokkrar líkur til þess, að þeir hafi vitað, að hinir seldu munir væru með kaupleigufyrirvara. Aftur á móti er upplýst, að þeir höfðu ekki með að gera daglega stjórn fyrirtækisins og stóðu í margvíslegum rekstri öðrum á þessum tíma. Þykir gegn neitun þeirra og þegar virt eru önnur gögn málsins, ekki vera sannað, að þeim hafi verið kunnugt um þennan meinbug á kaupunum, og ber því að sýkna þá af þessum kafla ákæru.

Ákærði Hrafn hefur verið óstöðugur í skýrslum sínum, og eru óneitanlega nokkrar líkur til þess, að hann hafi leynt þau Stefán Jóhannsson og Ástu Tómasdóttur því, að hinir seldu munir væru á kaupleigu. Á hitt er hins vegar að líta, að sú fjárhæð, sem eftir stóð af kaupleigunni, var aðeins lítið brot af söluandvirði Veitingamannsins, að ákærði Hrafn bar persónulega ábyrgð á efndum á kaupleigusamningnum við Glitni hf., að eftir sölu-na hélt Kjötmiðstöðin áfram að greiða kaupleigu af mununum, að alþekkt er í viðskiptum, að afnotaréttur kaupleigumuna gengur kaupum og solum manna á milli, að kaupendurnir gætu haft hagsmuni af því að bera sakir þessar á ákærða, að ekki er fullt samræmi með skýrslum þeirra og Þorláks Einarssonar, og loks, að Þorlákur gæti vegna starfsskyldu sinnar haft hagsmuni af því að bera í málinu eins og hann hefur gert. Þykir af þessum ástæðum ekki vera gegn neitun ákærða alveg unnt að sakfella hann fyrir brot þetta, og ber að sýkna hann af ákæru í málinu.

IX. kafli.

Ákærði Ármann.

Við eftirgrennslan skiptaráðanda og bústjóra fyrir þrotabúi ákærða Ármanns kom í ljós, að fjarlægðar höfðu verið margar myndir af heimili hans á Smáragötu 5. Komust bústjórar á snoðir um, að myndunum hafði verið komið fyrir í geymslu hjá vini ákærða, Þórarni Stefánssyni, Bollagörðum 31, á Seltjarnarnesi. Var myndum þessum, 37 talsins, skilað til bústjóra. Voru þær síðan seldar fyrir 1.200.000 krónur, sem runnu til búsisins.

Ákærði hefur kannast við að hafa 5. eða 6. september 1988 tekið af heimili sínu myndir þessar og komið þeim fyrir í geymslu hjá Þórarni Stefánssyni. Hefur hann skýrt svo frá, að eftir að skilanevnd verðbréfa-

sjóðanna tók við þeim, hafi hann átt von á, að komið gæti „til einhverra leiðinda“ á heimili sínu, þar sem miklir hagsmunir væru í húfi í „ávöxtunarmálinu“ og einhverjir gætu e. t. v. ráðist þar inn. Hafi hann þá ákveðið að koma þessum málverkum í örugga geymslu og beðið tvo menn að flytja þau til Þórarins, á meðan hann sjálfur var úti á landi. Ákærði kveðst hafa látið mála íbúðina síðar í mánuðinum og ekki látið verða af því fyrr en um mánaðamótin nóvember/desember að óska eftir því við Þórarin að fá myndirnar afhentar að nýju. Þórarinn hafi þá neitað að láta málverkin af hendi, nema ákærði greiddi sér út „ávöxtunarbréf“, sem Þórarinn hafi átt. Kveðst ákærði þá hafa haft samband við Viðar Má Matthíasson lögmann og sagt honum, hvornig komið væri. Hafi lögmaðurinn þá sett sig í samband við bústjórana og sagt þeim frá málverkunum.

Ákærði kveðst hafa talið málverkin persónulega muni, sem hann ætti rétt til, og viljað, að yrðu látnir í friði. Hann hafi annars ekki haft þekkingu á því, hvað telja mætti persónulega muni og hvað ekki. Hann hafi litið á þetta sem öryggisráðstöfun vegna þess ástands, sem skapast hafi, þegar bankaeftirlitið hafi tekið Verðbréfasjóð að sér. Hafi fjölmiðlar og einstaklingar látið þannig, að hann hafi talið nauðsynlegt að koma myndunum í örugga geymslu. Hann hafi ekki ætlað sér að skjóta þeim undan.

Þórarinn Stefánsson hefur skýrt frá því, að ákærði hafi hringt til sín líklega sunnudaginn 4. september 1988. Hafi hann sagt, að nú væri breyting fram undan á rekstri Ávöxtunar, og óskað eftir því, að hann tæki fyrir sig í geymslu málverk, sem hann ætti. Ákærði hafi verið í miklu uppnámi og sagt, að fólk væri á ferli umhverfis hús sitt og vildi e. t. v. nálgast myndirnar. Ekki kveðst Þórarinn hafa skilið það á ákærða, að hann væri að skjóta myndunum undan skiptum, og hefði það ekki hvarflað að sér. Næsta kvöld hafi tveir menn komið með málverkin heim til sín. Hafi þetta verið maður, sem hafi haft þann starfa að skrautskrifna boðskort fyrir ákærða, og Arabi að nafni „Mr. Tafik“, sem var kunnugur ákærða. Vitnið kveðst svo hafa komið myndunum fyrir í geymslu hjá tengdaforeldrum sínum sökum þrengsla heima fyrir.

Ákærði var úrskurðaður gjaldþrota 14. október 1988. Samkvæmt endurriti úr skiptabók Reykjavíkur var hann viðstaddur úrskurðinn, og var þýðing hans skýrð fyrir honum. Var sérstaklega brýnt fyrir honum, að hvers konar ráðstafanir á eignum eða réttindum búans væru honum óheimilar og gætu varðað hann refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum.

Niðurstaða.

Af því, sem rakið hefur verið hér að framan um fjárhagsstöðu fyrirtækja ákærða og hans sjálfs, verður að telja tvímælalaust, að ákærða hafi verið ljóst, að gjaldþrot vofði yfir sér. Af framburði hans og Þórarins Stefáns-

sonar verður að ráða, að fyrir ákærða hafi vakað að koma í veg fyrir, að myndir sínar lentu í höndum annarra, enda hafi þær verið persónulegir munir hans, sem honum hafi verið annst um. Var þessi ráðstöfun ákærða fallin til þess að draga myndirnar undan skiptum. Hlaut honum og að vera ljóst, að myndirnar kæmu annars til skipta í þrotabúi sínu. Viðbáru hans um, að hann væri að koma myndunum fyrir á öruggum stað, eru með ólíkindablæ, og ber að hafna þeim. Hefur ákærði með því að taka myndirnar af heimili sínu og koma þeim fyrir í geymslu hjá Þórarni Stefánssyni fram að mánaðamótum nóvember/desember orðið sannur að skilasvikum og brotið gegn 4. tl. 1. mgr. 250. gr. almennra hegningarlaga.

X. kafli.

Viðurlög og sakarkostnaður.

Ákærði Pétur, sem hefur óverulegan sakferil, hefur með dómi þessum verið sakfelldur fyrir afar stórfelld og umfangsmikil auðgunarbrot, sem m. a. bitnuðu á sparifé margra einstaklinga. Nemur samanlagt andlag brotanna, reiknað til núvirðis, u. þ. b. 75 milljónum króna. Þykir refsing hans vera hæfilega ákveðin fangelsi í tvö ár og sex mánuði, og er þá einnig höfð hliðsjón af því, að hann hefur í skýrslum sínum leitast við að skýra greiðlega frá atvikum.

Ákærði Ármann, sem hefur ekki áður gerst sekur um refsilagakbrot, hefur með dómi þessum verið sakfelldur fyrir afar stórfelld og umfangsmikil auðgunarbrot, sem m. a. bitnuðu á sparifé margra einstaklinga. Nemur samanlagt andlag brotanna, reiknað til núvirðis, u. þ. b. 60 milljónum króna. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í tvö ár.

Að kröfu ákæruvalds og með heimild í 2. ml. 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga ber að svipta ákærða Pétur leyfi til verðbréfamiðlunar ævilangt frá 5. september 1988 að telja, en þá var hann með bréfi viðskiptaráðuneytisins sviptur leyfinu um stundarsakir.

Sakarkostnað að meðtalinni þóknun til skipaðs sækjanda, Atla Gíslasonar hæstaréttarlögmanns, 700.000 kr., en frátöldum málsvarnarlaunum greiði ákærðu Pétur og Ármann óskipt að 7/12 hlutum, en ríkissjóður að 5/12 hlutum.

Dæma ber ákærðu Pétur og Ármann hvorn um sig til þess að greiða verjendum sínum, Skarphéðni Þórisyni og Hilmari Ingimundarsyni hæstaréttarlögmonnum, 550.000 krónur í málsvarnarlaun. Þá ber að dæma ríkissjóð til þess að greiða verjanda ákærða Reynis, Sigurði G. Guðjónssyni hæstaréttarlögmanni, 450.000 krónur í málsvarnarlaun og verjanda ákærða Hrafns, Jóni Magnússyni hæstaréttarlögmanni, 120.000 krónur í málsvarnarlaun.

D ó m s o r ð:

Ákærðu Reynir Ragnarsson og Hrafn Bachmann eru sýknir af ákæru í máli þessu.

Ákærði Pétur Björnsson sæti fangelsi í tvö ár og sex mánuði.

Ákærði Ármann Reynisson sæti fangelsi í tvö ár.

Ákærði Pétur er sviptur leyfi til verðbréfamiðlunar ævilangt frá 5. september 1988 að telja.

Ákærðu Pétur og Ármann greiði óskipt 7/12 hluta sakarkostnaðar að meðtalinni þóknun til sækjandans, Atla Gíslasonar hæstaréttarlögmanns, 700.000 krónum, en frátöldum málsvarnarlaunum og ríkissjóður 5/12 hluta af sama.

Ákærðu Pétur og Ármann greiði hvor um sig verjendum sínum, Skarphéðni Þórisssyni og Hilmari Ingimundarsyni hæstaréttarlögmonnum, 550.000 krónur í málsvarnarlaun, ríkissjóður greiði verjanda ákærða Reynis, Sigurði G. Guðjónssyni hæstaréttarlögmanni, 450.000 krónur í málsvarnarlaun og verjanda ákærða Hrafns, Jóni Magnússyni hæstaréttarlögmanni, 120.000 krónur í málsvarnarlaun.
